








FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. maí 2005 - 126. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

## Stjarnan í stórsókn

Tveir af bestu handboltamönnum síðasta tímabils hér á landi, stórskyttan Tite Kalandadze og markvörðurinn Roland Eradze, hafa ákveðið að yfirgefa ÍBV og gera risasamninga við við Stjörnuna.



ÍÞRÓTTIR 38

## Óánægja með leiðakerfi

Björn Finnsson segir að með nýju leiðakerfi Strætó verði íþrótta- og útivistasvæði Laugardalsins meðal þess sem tekið verði úr sambandi í almenningssamgöngum.



SKOÐUN 26

## Rokkið er ekki dautt

Margir syrgðu dauða rokkstöðvarinnar X-sins. Nú er komið í ljós að ekki var um dauða að ræða heldur einungis þriggja mánaða blund.



UNGA FÓLKIÐ 48

## VEÐRIÐ Í DAG




**TVEGGJA STAFA HITATÖLUR** Hlýindin eru að koma. Bjart með köflum og úrkomulítið eða jafnvel alveg úrkomulaust. Hiti 7-15 stig að deginum, hlýjast austan til. VEÐUR 4

# Úr flokknum vegna samskiptaörðugleika

**Gunnar Örlygsson þingmaður hefur sagt sig úr Frjálslynda flokknum. Hann ber við málefnaástæðum og samskiptaörðugleikum. Þingflokkformaður Frjálslyndra kannast ekki við þennan ágreining.**

**VISTASKIPTI** Gunnar Örlygsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, sagði sig úr flokknum í gær og óskaði eftir inngöngu í þingflokk Sjálfstæðisflokksins. Hann gaf út yfirlýsingu um þetta á Alþingi í gærkvöldi. Hann sagði að til grundvallar lægju málefnalegar ástæður.

„Einnig er því ekki að leyna að samskiptaörðugleikar gera það að verkum að ég á ekki lengur samleið með þingflokki Frjálslynda flokksins. Þetta hef ég tilkynnt formanni flokksins.“

Gunnar sagði að á síðasta landsfundi Frjálslynda flokksins hefði hann freistað þess að hafa áhrif á stefnumótun flokksins til framtíðar. „Í öllum stjórnmálaflokkum og í samskiptum fólks er nauðsynlegt að til staðar sé gagnkvæmt traust, drengskapur og umburðarlyndi. Á það hefur skort innan þingflokksins. Þegar það fer saman við málefnalegan ágreining eru ekki forsendur til frekara samstarfs og ég hlýt því að kveðja flokkinn og þá félaga mína sem starfa þar áfram.“ Gunnar segist telja að hann geti fundið skoðunum sínum bestan farveg í Sjálfstæðisflokknum.

Magnús Þór Hafsteinsson, formaður þingflokks Frjálslynda flokksins, kveðst ekki kannast við samskiptaörðugleika og heldur ekki málefnaágreining. „Gunnar hefur gagnrýnt ríkisstjórnina og stjórnarflokkana rétt eins og við.“ Magnús segir að Gunnar hafi á sínum tíma ekki komið fram af heilindum þegar ljóst varð að hann yrði að taka út refsingu vegna brota sinna. „Þetta gerðist eftir að Gunnar varð þingmaður. Hann fór á bak við okkur og ég gagnrýndi hann fyrir það,“ segir Magnús.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, sagði að Gunnar hefði gert grein fyrir óánægju sinni á mánudag: „Hann verður sjálfur að útskýra í hverju hún liggur“.

- jh



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**LISTAHÁTÍÐ NÁLGAST** Í Viðey hefur nú verið lokið við uppsetningu á Blinda skálanum, verki Ólafs Elíassonar sem vakti mikla athygli á Feneyjatvíæringnum árið 2003. Verkið verður til sýnis úti í Viðey í allt sumar í tengslum við Listahátíð Reykjavíkur, sem hefst nú á laugardaginn með miklum látum.

Starfsmanni á skrifstofu Samfylkingarinnar sagt upp:

# Sendi út viðkvæmar upplýsingar

**FORMANNSKJÖRIÐ** Starfsmanni á skrifstofu Samfylkingarinnar var sagt upp störfum fyrir að hafa brotið trúnað varðandi viðkvæmar upplýsingar um flokksskrá Samfylkingarinnar.

Starfsmaðurinn sendi hluta af flokksskránum á rafrænu formi á eigið tölvupóstfang utan flokksskrifstofunnar en það samræmdist ekki vinnureglum sem starfsmanninum var skylt að fara eftir.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var talið að starfsmaðurinn hefði afhent stuðningsmönnum Össurar Skarphéðinssonar í formannskjörinu gögnin en ekki tókst að sýna fram á það með óvéfengjanlegum hætti.

Starfsmaðurinn hefur leitað lögfræðiaðstoðar þar sem hann telur að á sér hafi verið brotið með því að fara í gegnum tölvupóstsendingar sínar. Það stríði gegn lögum um persónuvernd.

Stefán Jón Hafstein, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar, staðfesti að starfsmaðurinn hefði verið látinn fara. „Ég sé engum tilgangi þjóna að skýra frá því hvers vegna starfsmaðurinn er ekki lengur við störf hjá Samfylkingunni. Hins vegar er alveg ljóst að ekkert hefur gerst sem hefur haft áhrif á kosninguna eða gert hana tortryggilega,“ segir Stefán Jón.

- sda

Alþingi komið í sumarfrí:

# Vegaáætlun að veruleika



STURLA BÖÐVARSSON

**ALÞINGI** Þingmenn lögðu blessun sína yfir samgönguáætlun Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra áður en þeir fóru í frí í gær. Áætlunin nær til næstu fjögurra ára og verður á framkvæmdatímanum hafist handa við Héðinsfjarðargöng.

Mikill styr hefur staðið um vegamál á Alþingi síðustu vikur og telja margir þingmenn höfuðborgarsvæðisins að það sé látið mæta afgangi þegar fjárveitingar til vegamála eru ákveðnar. Gögn frá Vegagerðinni staðfesta þetta.

Sjá síðu 22

Könnun um R-listann:

# Meirihluti vill hann áfram

**SKOÐANAKÖNNUN** Meirihluti landsmanna styður áframhaldandi samstarf Reykjavíkurlistans, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 61 prósent þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar taldi það rétt að flokkarnir sem standa að R-listanum bjóði aftur fram saman til borgarstjórnar. 39 prósent voru því andvíg.

Af þeim íbúum höfuðborgarsvæðisins sem jafnframt segjast myndu kjósa Framsóknarflokk, Samfylkingu eða Vinstri græna, væri boðað til kosninga nú, styðja 52,3 prósent áframhaldandi líf R-listans. 47,7 prósent eru því andvíg.

Stefán Jón Hafstein segist mjög ánægður með að heyra að R-listinn hafi sama fylgi í þessari könnun og í kosningum, þrátt fyrir mörg erfið mál á kjörtímabilinu. „Ég túlka það sem svo að R-listinn eigi mikil sóknarfæri ef hann heldur rétt á sínum málum.“

-ss/ sjá síðu 4








## SPURNING DAGSINS

*Guðbjörn, á Eiður Smári afturkvæmt til Íslands?*

„Veri hann velkominn. Ferguson ætti að skammast sín fyrir að hafa ekki keypt þennan snilling á sínum tíma.“

Guðbjörn Ævarsson er formaður Rauðu djöflanna, stuðningsmannaklúbbs Manchester United á Íslandi. Eiður Smári Guðjohnsen skoraði mark á Old Trafford í 3-1 sigri Chelsea á Manchester á þriðjudag.

Frestun fyrningarfrumvarps:

# Svik við þúsundir

**ALÞINGI** Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, mótmælir harðlega ákvörðun um að fresta afgreiðslu frumvarps um afnám fyrningarfrests í kynferðisafbrotamálum. Hann kvaddi sér hljóðs í upphafi þingfundar í gær og vísaði til samkomulags frá því á mánudag þar sem formenn þingflokkanna og forseti Alþingis sömdu um þau mál sem skyldi taka af dagskrá. Halldór Blöndal þingforseti kvaðst ekki hafa samið um þetta mál við þingflokksformenn á mánudag. Hann sagði að breytingatillaga hefði verið lögð fram síðast á þriðjudagskvöld og því hefði málið varla getað verið frágengið.

„Þetta gerist oft og réttlætir ekki að málið sé tekið af dagskrá. Staðreyndin er sú að ekki er pólitískur vilji til þess að samþykkja frumvarpið. Við sem styðjum þetta og þau 15 þúsund sem skrifuðu undir áskorun til stjórnvalda höfum verið dregin á asnaeyrunum. Endur og hálendisvegur eru forseta þingsins ofar í huga en kynferðisafbrot gegn börnum,“ segir Ágúst Ólafur.

Hópur fólks úr ungliðahreyfingum stjórnmálaflokkanna afhenti þingforseta skrifleg mótmæli undir kvöld í gær vegna frestunar á afgreiðslu frumvarpsins til næsta hausts. **– jh**




**UNGLIÐAR MÓTMÆLTU FRESTUN** Telja sérkennilegt að afgreiða ekki málið þegar viljinn til þess sé þverpólitískur.

Ólga í Jalalabad:

# Skotið á mótmælendur

**KABÚL, AP** Fjórir Afganar biðu bana og 71 særðist í skothríð lögreglunnar í Jalalabad en þar mótmæltu hundruð stúdenta meintu guðlasti bandarískra leyniþjónustumanna í fangabúðunum í Guantanamo.



**GUÐLASTI MÓTMÆLT**

Tímaritið Newsweek skýrði frá því í vikunni að leyniþjónustumenn í Guantanamo hentu gjarnan Kóraninum í klósettið og sturtuðu bókinni jafnvel niður til að ergja fangana í búðunum. Mikil reiði og mótmæli gripu um sig í Afganistan og víðar í kjölfar fregnanna. Í Jalalabad brást lögreglan hins vegar við með því að skjóta á mótmælendur. ■

Sebastian Young:

# Sakfelldur fyrir morðið

**DÓMSMÁL** Dómstóll í Pensacola í Flórída fann í fyrradag Sebastian Young sekan um morð á fyrrverandi eiginkonu sinni, Lucille Mosco, og morðtilraun við hálfíslenskan son hennar, Jón Júlíusson. Atburðurinn varð 14. mars 2003 en þá hafði nálgunarbann verið sett á Young. Hann braust þá inn í íbúð mæðginanna og skaut konuna með haglabyssu. Jón náði að koma sér út en hlaut samt talsverðan áverka.

„Ég vil að hann fái dauðadóm,“ sagði Jón í samtali við Pensacola News Journal eftir að dómurinn var kveðinn upp. Young verður annað hvort dæmdur í ævilangt fangelsi án möguleika án reynslulausn eða til dauða. **- shg**

# Fráleitt að miða þinglok við sauðburð

**30 frumvörp bíðu fyrstu umræðu þegar þinghaldi lauk í gær. Vilji er meðal þingmanna til þess að lengja þinghaldið og gera störf þingsins skilvirkari. Halldór Blöndal stýrði sínum síðasta fundi í gær sem forseti Alþingis.**

**ÞINGLOK** Halldór Blöndal stýrði sínum síðasta fundi í gær, þegar þingi var slitið, sem forseti Alþingis. Í haust sest Sólveig Pétursdóttir í stól forseta.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra lagði í gær fram þingsályktunartillögu um frestun þings, svo sem venja er þegar þinghaldinu lýkur, og lauk atkvæðagreiðslum seint í gærkvöldi.

Mörg mál bíða afgreiðslu og gerði Kristinn H. Gunnarsson, Framsóknarflokki, starfshætti þingsins að umtalsefni. Hann sagði það ekki lengur í takt við tímann að ljúka þinghaldi í fyrri hluta maí og koma aftur saman í byrjun október ár hvert. Hann lagði til að þinghald stæði út júnímánuð ár hvert og hæfist aftur um miðjan september. „Þingið getur starfað í þremur lotum, að hausti og í tveimur lotum eftir áramót.“ Kristinn upplýsti að nú biðu um 30 frumvörp fyrstu umræðu, þar af fimm sem lögð voru fram fyrir áramót. 25 þessara frumvarpa komu fram fyrir meira en tveimur mánuðum og 65 umræður bíða. Kristinn segir þingmenn vilja fá þingmál sín rædd en til þess gefist ekki tími. „Það er ekki gott að stór og mikilvæg mál séu lögð seint fram og gefinn stuttur tími til umræðna og enn styttri tími til umfjöllunar í þingnefndum. Við þetta verður ekki unað lengur.“

Byndís Hlöðversdóttir, Samfylkingunni, tók undir orð Kristins en gat þess að Rannveig Guðmundsdóttir hefði lagt fram tillögu um að þing stæði til 15. júní og kæmi aftur saman um miðjan september ár hvert. Björgvin G. Sigurðsson, Samfylkingunni, kvað fráleitt að miða þingstörfin við sauðburð að vori og göngur að hausti.



**ÞINGI VAR FRESTAÐ Í GÆRKVÖLDI** Þingmenn, eins og Kristinn H. Gunnarsson, koma að óbreyttu næst saman til fundar eftir 140 daga.

Jóhann Ársælsson, Samfylkingunni, taldi brýnt að forðast endurflutning mála. Það mætti gera með því að halda málum vakandi milli þinga.

Guðjón A. Kristjánsson, Frjálslynda flokknum, sagði að nú væru 126 þingsályktunartillögur óafgreiddar. Nauðsynlegt væri að breyta starfsháttum þingsins til að ná betri árangri.

johannh@frettabladid.is

Ríkissaksóknari:

# Ákært vegna Dettifossmáls

**DÓMSMÁL** Á mánudag var gefin út ákæra á hendur fimm mönnum í seinni hluta svokallaðs Dettifossmáls, eins umfangsmesta fíkniefnamáls sem hér hefur komið upp, að því er fram kemur í staðfestingu Hæstaréttar á gæsluvarðhaldi yfir einum mannanna.

Þessi hluti málsins fjallar um innflutning á tæpum 7,7 kílóum af amfetamíni sem falin voru um borð í Dettifossi og komu til landsins frá Þýskalandi 19. júlí í fyrra. Fyrri hluti málsins snýst um tæp þrjú kíló af amfetamíni og 600 grömm af kókaíni sem reynt var að smygla með sama skipi. Þá tengist málinu innflutningur á e-töflum í pósti.

Samkvæmt heimildum blaðsins verður málið dómtekið í byrjun næstu viku. **- óká**

## ÍRAN

**RAFSANJANI BÝÐUR SIG FRAM** Móttaka framboða til embættis forseta Írans hófst á þriðjudaginn en kosningar verða í landinu 17. júní næstkomandi. Hashemi Rafsanjani, fyrrverandi forseti, hefur lýst því yfir að hann bjóði sig fram. Hann þykir sigurstranglegur þar sem hann nýtur trausts bæði klerkanna í landinu og stórs hluta almennings.

## NORÐUR-KÓREA

**KJARNORKUVOPNAFRAMLEIÐSLU ÁFRAMHALDIÐ** Stjórnvöld í Pjongjang lýstu því yfir í gær að þau hefðu lokið við að fjarlægja notaða kjarnorkueldsneytisstauta úr einum kjarnaofna sinna til að vinna úr þeim plúton í kjarnavopn. Með þessu þrýstir stjórnin á viðsemjendur sína í kjarnorkumálum um að gefa enn frekar eftir við samningaborðið.




Uppreisnarmenn færast í aukana:

# Mikið mannfall í Írak í gær

**BAGDAD, AP** Á áttunda tug manna týndi lífi og ríflega hundrað særðust í hryðjuverkaárásum í Írak í gær. Uppreisnarmenn hafa færst mjög í aukana síðan nýja ríkisstjórnin tók við.

Í það minnsta þrjátíu manns biðu bana þegar maður með sprengiefni innanklæða laumaðist inn á skrifstofu í bænum Hawija, norður af Bagdad, í gærmorgun. Þar var verið að ráða lögreglu- og hermenn til starfa. 35 til viðbótar særðust alvarlega í sprengingunni.

Um svipað leyti sprakk öflug bílsprengja á markaði í borginni Tikrit, heimaborg Saddam Hussein. 27 fórust í sprengingunni en 75 særðust. Að sögn sjónarvotta reyndi ökumaður bílsins að aka inn í nálæga lögreglustöð en öryggisverðir vörnuðu honum vegar. Súnníasamtökin Ansar al-Sunnah hafa lýst yfir ábyrgð á tilræðinu.



**BRÓÐIR SYRGÐUR** Jamil Abdul Husain missti bróður sinn Haydar Abdul Husain í sprengjutilræðinu í Tikrit í gær.

Þá var stærsta áburðarverksmiðja landsins sprengd í loft upp í Basra og fórst einn þar.

Bayan Baqir Jabr, innanríkisráðherra, reyndi í sjónvarpsviðtali að róa almenning og lofaði að friður kæmist senn á í landinu. Fátt bendir þó til að það verði í bráð.

Uppreisnarmenn hafa fært sig mjög upp á skaftið á síðustu vikum. Um þessar mundir eru gerðar um sjötíu árásir á dag, samanborðið við 30-40 í febrúar. ■



Opið til **21** í kvöld

# Gjafadagar 12. – 22. maí

**Veislustemning í göngugötu**
Fallegri gjafavöru og veislubúnaði úr verslunum Kringlunnar stillt upp í göngugötu.

**Brúðkaupsgjafaleikur**
Þú gætir unnið **glæsilega gjöf** úr einhverri af verslunum Kringlunnar og brúðhjónin sem þú ætlar að samgleðjast gætu unnið **ferð fyrir tvo til San Francisco** með Icelandair.



## Nýtt kortatímabil

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur | Veitingastaðir og Kringlubíó |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 | eru með opið lengur á kvöldin. |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 | |

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 28199 05/2005

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 11.05.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,64 | 64,94 |
| Sterlingspund | GBP | 121,76 | 122,36 |
| Evra | EUR | 83,27 | 83,73 |
| Dönsk króna | DKK | 11,186 | 11,252 |
| Norsk króna | NOK | 10,301 | 10,361 |
| Sænsk króna | SEK | 9,034 | 9,086 |
| Japanskt jen | JPY | 0,6133 | 0,6169 |
| SDR | XDR | 97,59 | 98,17 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**115,06 +0,41%**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Benedikt Davíðsson um fjárhag eldri borgara:

# Binda vonir við fjárlagagerðina

**KJARAMÁL** Benedikt Davíðsson, fyrrverandi formaður Landssambands eldri borgara, segir að það komi sér ekki á óvart að tæplega 1.600 ellilífeyrisþegar fái engar greiðslur úr lífeyrissjóði. Það hafi verið vitað fyrir löngu síðan.

„Það sem verra er er að skerðingar í almannatryggingakerfinu eru svo brattar að fjöldi fólks sem hefur greiðslur frá lífeyrissjóðum hefur samt sem áður lítið hærri tekjur en þeir sem fá framfærslu sína eingöngu úr almannatryggingakerfinu,“ segir hann.

„Þriðjungur aldraðra hefur tekjur innan við 110 þúsund krónur á mánuði og borgar af því 13 prósenta skatt. Þarna er um fátæktargildru að ræða sem erfitt er að komast út úr nema frítekjumörk séu hækkuð eða skattleysismörk fylgi launaþróun í landinu.“

Benedikt á von á viðræðum við stjórnvöld og vonar að tekið verði tillit til ábendinga eldri borgara við undirbúning fjárlagagerðar 2006. Ríkisstjórnin hafi fallist á að setja starfshóp með eldri borgurum sem geti komið fram með tillögur til úrbóta. **- ghs**



**BENEDIKT DAVÍÐSSON** Þriðjungur eldri borgara hefur 110 þúsund krónur til umráða á mánuði og borgar af því 13 prósent í skatt, að sögn Benedikts Davíðssonar, fyrrverandi formanns Landssambands eldri borgara.

Bush í Georgíu:

# Handsprengja lá hjá sviðinu

**TÍBLISI, AP** Óvirk handsprengja fannst nokkra metra frá sviðinu þar sem Bush Bandaríkjaforseti ávarpaði Georgíumenn í Tíblisi í fyrradag.

Í fyrstu var talið að einhverjir hefðu reynt að ráða forsetann af dögum en mistekist. Nú eru menn farnir að hallast að því að sprengjan hafi verið gerð óvirk af ásettu ráði til að spilla fyrir annars vel heppnaðri heimsókn. Ekki er vitað hverjir gætu hafa komið sprengjunni fyrir en talið er líklegt að óánægðir Georgíumenn hafi verið að verki til að mótmæla skrautsýningu stjórnvalda á meðan fjöldi fólks býr við afar kröpp kjör. ■



**ILLA FARINN JEPPI** Land-Rover jeppi hrökk í gang og á næsta bíl eftir að upp kom eldur í vélarhúsi hans eftir hádegi í gær.

Miðborg Reykjavíkur:

# Logandi jeppi hrökk í gang

**SLÖKKVILIÐ** Mannlaus jeppabifreið hrökk í gang eftir að eldur kom upp í vélarhúsi hennar nokkru fyrir klukkan tvö í gær og rauk aftur á bak á næsta bíl í bílastæði við Egilsgötu rétt við Snorrabraut í Reykjavík.

Að sögn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins mun ekki fordæmalaust að bílar hrökkvi í gang við að upp kemur í þeim eldur, þótt fátítt sé. Mildi er talin að jeppinn, sem er af Land-Rover gerð, fór ekki lengra, enda þungur og gæti valdið miklu tjóni. Greiðlega gekk að slökkva eldinn en eldsupptök eru ekki ljós. **- óká**

Kosturinn á Kárahnjúkum:

# Mega taka tvo ávexti

**KÁRAHNJÚKAR** Íslendingar sem starfa hjá Impregilo á Kárahnjúkum eru óánægðir með að aðeins megi taka með sér tvo ávexti úr mötuneyti og að ekki sé lengur boðið upp á annað brauðálegg en ost.

Ómar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo, segir að fljótlega eftir að Impregilo hafi tekið til starfa hafi í sparnaðarskyni verið hætt að bjóða upp á nóg álegg en ost. Ekki hafi mátt taka neitt með sér úr mötuneyti en nú sé leyfilegt að taka tvo ávexti. Horft sé í gegnum fingur sér taki menn þrjá. **- ghs**

# Stuðningur við R-lista mestur úti á landi

**Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins er stuðningur við áframhaldandi samstarf R-listans mestur á landsbyggðinni. Stuðningurinn er minnstur meðal stuðningsmanna þeirra flokka sem mynda R-listann á höfuðborgarsvæðinu.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Meirihluti landsmanna styður áframhaldandi samstarf Framsóknarflokks, Samfylkingar og Vinstri grænna í Reykjavíkurlistanum, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 61 prósent þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar töldu það rétt að flokkarnir sem standa að R-listanum bjóði aftur fram saman til borgarstjórnar. 39 prósent voru því andvíg.

Nokkur munur er á afstöðu fólks eftir búsetu. Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru því greinilega ekki eins fylgjandi að R-listinn bjóði aftur fram, því einungis tæpur meirihluti þeirra, 54,6 prósent voru því fylgjandi, en tæplega 72 prósent landsbyggðarfólks. Þá eru konur aðeins líklegri til að styðja R-listann, en tæplega 73 prósent kvenna telja það rétt að R-listinn bjóði aftur fram, en tæplega 60 prósent karla.

Ef einungis er litið til þeirra íbúa höfuðborgarsvæðisins, sem jafnframt segjast myndu kjósa Framsóknarflokk, Samfylkingu eða Vinstri græna, væri boðað til kosninga nú, virðast stuðningsmenn flokkanna sem standa að R-listanum vera minna spenntir fyrir framtíð hans en stuðningsmenn annarra flokka, ásamt þeim sem eru óákveðnir eða gefa ekki upp hvað þeir kjósa. Rétt tæpur meirihluti, 52,3 prósent stuðningsmanna flokka sem standa að R-listanum eru því fylgjandi að R-listinn bjóði fram aftur. 47,7 prósent eru því andvíg. Innan þessa hóps eru konur heldur hlynntari áframhaldandi R-lista en karlar. 62,2 prósent kvenna eru þessu fylgjandi, en minnihluti karla, einungis 45,5 prósent. Hafa verður í huga að af 480 svarendum á höfuðborgarsvæðinu sögðust 145 ætla að kjósa einhvern þeirra flokka sem stendur að R-listanum. Af þessum 145 voru það 111 sem gáfu upp afstöðu gagnvart framtíð R-listans.

Hringt var í 800 manns 8. febrúar, sem skiptust jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Er rétt að flokkarnir sem standa að R-listanum bjóði aftur fram saman til borgarstjórnar? 67 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

**svanborg@frettabladid.is**

**ER RÉTT AÐ FLOKKARNIR SEM STANDA AÐ R-LISTANUM BJÓÐI AFTUR FRAM SAMAN TIL BORGARSTJÓRNAR?**






**NÚVERANDI OG FYRRUM BORGARSTJÓRI REYKJAVÍKURBORGAR** Mikill meirihluti landsmanna vill sjá áframhaldandi samstarf Reykjavíkurlistans í næstu sveitarstjórnarkosningum. Stuðningur kjósenda höfuðborgarsvæðisins er mun minni en stuðningur kjósenda landsbyggðarinnar.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Mánuður fyrir árás

**DÓMSTÓLAR** 22 ára gamall maður var í gær dæmdur í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir líkamsárás 14. desember 2002. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur, en málið var dómtekið 20. apríl síðastliðinn. Lögreglustjórinn í Reykjavík gaf út ákæru í málinu í lok janúar.

„Ákærði hefur ekki sætt refsingum svo kunnugt sé. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess, en einnig horft til þess að ákærði sparkaði í höfuð liggjandi manns og gerði þannig alvarlega atlögu að líkama hans,“ segir í dómnum. Skaðabótakröfu þess sem ráðist var á var vísað frá dómi. **- óká**

Vinnuslys í Drammen:

# Tveir létust í kranaslysi

**NOREGUR** Tveir menn fórust í hörmulegu vinnuslysi í Drammen í Noregi í gær.

Mennirnir voru að vinna við að taka sundur byggingakrana í miðbænum þegar hluti kranans losnaði. Féll annar mannanna til jarðar og lést samstundis. Hinn hékk fastur í 40 metra hæð yfir jörðu í öryggislínu en lést af hjartaáfalli skömmu eftir komuna á sjúkrahús.

Litlu mátti muna að kraninn félli á lögreglustöðina í Drammen. ■

## BANDARÍKIN

**HVÍTA HÚSIÐ OG ÞINGHÚSIÐ RÝMD** Hvíta húsið og alríkisþinghúsið á Capitol-hæð í Washington voru rýmd í stutta stund í gær þegar í ljós kom að lítil flugvél var komin inn á flugbannsvæði yfir stjórnarbyggingum borgarinnar. Herþotur beindu vélinni á brott enda var hún á svæðinu fyrir misgáning. Bush Bandaríkjaforseti var ekki í borginni.

FRÉTTABLAÐIÐ Í ÖLL HÚS Á SELFOSSI OG TALSTÖÐIN FAGNAR Í BEINNI

Frá og með morgundeginum verður Fréttablaðinu dreift á hvert heimili á Selfossi. Af því tilefni verður Morgunútvarp Talstöðvarinnar í umsjón Sigujóns M. Egilssonar og Gunnhildar Örnu Gunnarsdóttur í beinni útsendingu frá Hótel Selfossi kl. 7-9. Guðni Ágústsson verður heiðursgestur þáttarins.

FRÉTTABLAÐIÐ

Talstöðin FM 90,9

## VEÐRIÐ Í DAG

**HLÝINDIN KOMIN** Hlýindin taka land í dag og má búast við að hámarkshiti á landinu verði víða tveggja stafa. Loksins!!

**VERÐUR SÓLRÍKT MEÐ ÞESSU?** Ef marka má spár er svarið heldur neikvætt. Það verður skýjað með köflum en stærsti kosturinn við veðrið í dag er hægviðrið, hlýindin og úrkomuleysið.

**FYRSTA STÓRA FERÐAHELGIN FRAMUNDAN** Já, hvítasunnuhelgin. Hún lofar góðu. Vindur hægur, skýjað með köflum og úrkomulítið. Þó kólnar á mánudag!



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Um hádegi




### Á morgun




Fremur stíf suðvestanátt með hlýindum.

### Laugardagur




Hæglætisveður og bjart með köflum.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15°C | skýjað-skúr | París | 19°C | hálfskýjað | Alicante | 26°C | hálfskýjað |
| Osló | 16°C | hálfskýjað | Berlín | 14°C | hálfskýjað | Milano | 20°C | léttskýjað |
| Stokkhólmur | 16°C | hálfskýjað | Frankfurt | 16°C | hálfskýjað | New York | 22°C | léttskýjað |
| Helsinki | 12°C | hálfskýjað | Madrid | 18°C | skýjað | San Francisco | 20°C | léttskýjað |
| London | 16°C | léttskýjað | Barcelona | 20°C | léttskýjað | Orlando/Florida | 31°C | léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# SPRENGIDAGUR Í DEBENHAMS KL. 8-22

# 25%

**NÝTT KORTA-TÍMABIL!**

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI OG HEIMILISVÖRUM

15% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM

# BARA Í DAG

12. MAÍ 2005





## KJÖRKASSINN

*Hafa þingmenn staðið sig vel á liðnum vetri?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 17% |
| Nei | 83% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefurðu hlustað á nýjan geisladisk Hildar Völu?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Útlendingastofnun:

# Bretland álíka öruggt og Ísland

**FLÓTTAMENN** Útlendingastofnun lítur á Bretland sem öruggt hæli fyrir flóttamenn og telur ekkert því til fyrirstöðu að senda hælisleitendur þangað aftur.

Rúmeni sem kom hingað í febrúar og óskaði eftir dvalarleyfi af mannúðarástæðum var nýverið sendur aftur til Bretlands. Sálfræðingur mannsins hafði ítrekað skrifað Útlendingastofnun með ósk um að jákvætt yrði tekið á máli mannsins, án árangurs.

„Við störfum meðal annars eftir svokallaðri Dublin-reglugerð, sem sett var til að samræma aðgerðir Evrópulanda í málum hælisleitenda. Öll aðildarríki reglugerðarinnar hafa skuldbundið sig til að virða þá meginreglu að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu. Það var því eðlilegt að stofnunin sendi umræddan hælisleitanda til Bretlands, þaðan sem hann kom,“ segir Ragnheiður Ólöf Böðvarsdóttir, forstöðumaður stjórnsýslusviðs hjá Útlendingastofnun.

Tæplega 400 manns hafa óskað eftir hæli hérlendis undanfarin sjö ár, 37 hafa fengið dvalarleyfi í lengri eða skemmri tíma af mannúðarástæðum og einn fengið hæli sem flóttamaður.

**- ssal**



**RAGNHEIÐUR ÓLÖF BÖÐVARSDÓTTIR** Hættulaust að senda flóttamenn aftur til Bretlands.

Starfsemi græðara:

# Viðurkennt með lögum

**ALÞINGI** Nýlega voru samþykkt lög á Alþingi um starfsemi græðara, í framhaldi af umræðu um stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi. Margir hafa hingað til litið á óhefðbundnar lækningar sem kerlingabækur en nú hefur þessi geiri skýra lagalega stöðu.

Að sögn Dagnýjar Elsu Einarsdóttur hómópata breyta lögin því helst að nú viti fólk hverjir í þessum geira séu lærðir og ekta og er það til þess að verja bæði neytendur og fagaðila. Samkvæmt skilgreiningu laganna er græðari sá sem starfar við heilsutengda þjónustu utan hins almenna heilbrigðiskerfis.

**- oá**








**HERMENN ESB** Frá athöfn í Sarajevo í Bosníu 2. desember sl., þar sem fulltrúar 7.000 manna friðargæsluliðs ESB, EUFOR, tóku við af gæsluliði NATO, SFOR. Nýja norræna herdeildin verður hluti af viðbragðsliði ESB.

# Norrænni herdeild innan hraðliðs ESB komið á fót

**Ísland tengist áformunum í gegnum öryggismálasamráð Norðurlandanna. Aðildin felst í að sitja reglulega samráðsfundi norrænna varnarmálaráðherra. Svíar munu leggja til þorra hermannanna.**

**VARNARMÁL** Varnarmálaráðherrar Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hafa ákveðið að koma á fót sameiginlegri norrænni herdeild, sem ætlað er að verða hluti af hraðliði Evrópusambandsins. Herdeildin á að verða klár í slaginn í ársbyrjun 2008, að því er greint er frá í sænska blaðinu Dagens Nyheter.

Vegna undanþágu Dana frá þátttöku í varnarmálasamstarfi ESB, sem þeir sömdu um eftir að Danir höfnuðu fyrst Maastricht-sáttmálanum á sínum tíma (árið 1993), leggja Danir norrænu herdeildinni ekki til neinn liðsafla.

Svíar munu leggja til þorra hermannanna, eða 1.100 af 1.500 mönnum, en Finnar 200 og Eistar væntanlega 50 hermenn.



**KRISTIN KROHN DEVOLD** Varnarmálaráðherra Noregs.

Norðmenn, sem ekki eru í Evrópusambandinu, leggja til 150 hermenn. Að sögn Kristinar Krohn Devold, varnarmálaráðherra Noregs, er norsk þátttaka í þessu verkefni mikilvæg fyrir norska öryggishagsmuni. „Við viljum eiga virkt samstarf við ESB. ESB á eftir að verða mikilvægur vettvangur varnarmálasamstarfs,“ sagði Devold eftir fund varnarmálaráðherranna í Joensuu í Finnlandi, þar sem áformin voru undirrituð á þriðjudag.

Samkvæmt frétt AP-fréttastofunnar af fundinum mun Ísland ákveða síðar með hvaða hætti það leggi verkefninu lið. En samkvæmt upplýsingum sem fengust í utanríkisráðuneytinu í gær kemur Ísland ekki nálægt þessu að neinu öðru leyti en því að sitja reglulega samráðsfundi varnarmálaráðherra Norðurlandanna. Það er gert í nafni svonefndrar Nordcaps-bókunar, sem Ísland varð aðili að árið 2003. Með aðild Svía, Norðmanna, Finna og Dana hófst þetta samstarf árið 1997. Eistar hafa einnig tengst því síðan fulltrúar þeirra hófu að sækja fundi norrænu ráðherranefndarinnar.

Norræna herdeildin verður hluti af 14.000 manna hraðliði skipuðu vel þjálfuðum hermönnum sem á að vera hægt að senda með mjög skömmum fyrirvara á vettvang á átakasvæði til að stilla til friðar eða til friðargæsluverkefna. Þetta 14.000 manna hraðlið verður hluti 60.000 manna herliðs sem markmiðið er að Evrópusambandið geti, frá árinu 2007, ráðstafað til ýmissa verkefna í nafni sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu þess.

audunn@frettabladid.is






Hvannadalshnjúkur:

# Varað við snjóflóðum

**FERÐAFÓLK** Varað hefur verið við snjóflóðahættu á ákveðnum gönguleiðum á Hvannadalshnjúk.

Lögreglu á Höfn í Hornafirði barst ábending í gær um mögulega hættu og að höfðu samráði við þjóðgarðsvörð í Skaftafelli og Veðurstofuna var gefin út viðvörun sem gildir fram yfir helgi. Horfur eru á ágætisveðri næstu daga með sæmilegri hlýju að deginum og ekki gert ráð fyrir úrkomu.

Hörður Þór Sigurðsson á snjóflóðadeild Veðurstofunnar sagði viðvörunina gefna út með það í huga að mikil ferðahelgi væri framundan og því brýnt að láta fólk sem hyggur á fjallgöngur á Hvannadalshnjúk vita af mögulegri hættu svo það geti haft allan vara á.

**- óká**



**Í SKAFTAFELLI** Hvítasunnuhelgin er alla jafna vinsæl til ferðalaga og því var lögð áhersla á að koma út viðvörun vegna mögulegrar snjóflóðahættu á ákveðnum gönguleiðum á Hvannadalshnjúk.

BMW.WilliamsF1Team

# Mark Webber á Íslandi



Keppnisbíllinn er kominn og er til sýnis í Hagkaupum Smáralind.



Mark Webber áritar í Hagkaupum Smáralind, mánudaginn 16. maí frá kl. 13:00-14:00

Taktu þátt í Formúlu 1 leik Hagkaupa í tilefni heimsóknar Mark Webber til Íslands. Skrifaðu nafnið þitt og símanúmer á kassastrimilinn og þú ert kominn í pottinn. Fjórir heppnir þátttakendur komast á Silverstone kappaksturinn 9.-10. júlí. Í vinning er flug, gisting og miðar á kappaksturinn. Auk þess eru 10 formúla 1 rafmagns kappakstursbílar fyrir börn í vinninga. Dregið verður 29. maí í beinni útsendingu á RÚV.

- Rafmagnsbíll 12v fyrir 3 ára og eldri
- Lengd 160cm
- Hleðslubatterí og hleðslutæki



**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ?

1 Í hvaða landi var George W. Bush fagnað sem boðbera frelsis og lýðræðis á þriðjudag?

2 Hvað eiga Íslendingar mörg hross?

3 Hvað eru margir ellilífeyrisþegar sem fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði?

Svörin eru á bls. 54

Þjóðlendur fyrir Héraðsdómi Suðurlands:

# Segjast eiga land við Skjaldbreið

**ÞJÓÐLENDUR** Þingfest var í Héraðsdómi Suðurlands í gær mál Grímsness- og Grafningshrepps á hendur ríkinu vegna eignarréttar á landi í kringum Skjaldbreið, en óbyggðanefnd úrskurðaði að þar væri þjóðlenda. Dóms er að vænta í haust að loknum málflutningi.

Óskar Sigurðsson héraðsdómslögmaður, sem fer með málið, segir að beðið hafi verið eftir niðurstöðu í öðrum óbyggðanefndarmálum í Hæstarétti. „Ef mál varðandi Biskupstungnaafrétt hefðu unnist hefði ríkið verið tilbúið að ganga til samninga, en þau töpuðust og því er látið á þetta reyna,“ sagði hann og bætti við að um 1870 hefði hreppurinn látið af hendi eignarjörðina Kaldárhöfða, en fengið í staðinn landsvæðið umdeilda. „Sveitarfélagið er mjög ósátt við að hafa afhent eignarland og fengið svo eitthvað í staðinn sem nú er skilgreint sem þjóðlenda.“

Þá voru einnig þingfest á Suðurlandi í gær mál Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Prestssetrasjóðs og Afréttarfélags Flóa og Skeiðahrepps á hendur ríkinu vegna annarra mála tengdra óbyggðanefnd, svo sem álitaefnum um námuréttindi, málskostnað og fleira slíkt.

- óká



**SKJALDBREIÐUR Á VETRARDEGI** Óskar Sigurðsson segist hæfilega bjartsýnn fyrir hönd Grímsness- og Grafningshrepps um niðurstöðuna í máli á hendur ríkinu því að í öðrum málum hafi dómstólar reynst hallir undir fyrri úrskurði óbyggðanefndar.


Meðgöngujóga

... með Jóhönnu Bóel
Tvö námskeið - laust pláss
Ókeypis prufutímar



Jóga hjá Guðjóni Bergmann
Ármúla 38, sími 517-3330

Skráning á www.gbergmann.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


## SVÍÞJÓÐ

**BJÖRN Í VEGINUM** Vegfarendur um veg nokkurn í Härjedalen í Svíþjóð vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið í gær þegar skógarbjörn gekk í veg fyrir bíla þeirra og gerði sig líklegan til að ráðast til atlögu við þá. Birnir eru ekki vanir að ráðast á bíla en skýringin á þessu var sú að þetta var birna að verja húna sína sem voru að þvælast um í nágrenni vegarins.

**ATVINNULEYSI EYKST** Atvinnuleysi hefur aukist lítillega í Svíþjóð að undanförnu og eru fimm af hundraði vinnufærra manna nú án atvinnu. Ef taldir eru með þeir sem eru atvinnulausir en þiggja laun frá ríkinu vegna ýmiss konar starfsþjálfunar er atvinnuleysi í Svíþjóð nærri átta af hundraði.

# Tólf milljónir ánauðugar

**Ný skýrsla greinir frá því að hagnaður af þrælasölu skipti þúsundum milljarða króna. Verst er ástandið í Asíu en þrælasala þekkist einnig í iðnríkjunum.**

**ÞRÆLDÓMUR** Rúmar tólf milljónir manna um allan heim búa við þrælkun af einhverju tagi. Hagnaður þeirra sem versla með þræla er talinn nema tæpum tvö þúsund milljörðum króna á ári. Stærstur hluti þrælanna er enn á barnsaldri.

Alþjóðavinnumálastofnunin ILO kynnti í gær skýrslu sína um vinnuþrælkun og aðgerðir gegn henni en þetta er í annað skipti á þessari öld sem ILO gefur út slíka skýrslu. Þar kemur fram að 12,3 milljónir manna hafi verið hnepptar í þrældóm um allan heim. Verst er ástandið í Asíu þar sem 9,5 milljónir manna búa við þrælkun. Í Suður- og Mið-Ameríku eru 1,3 milljónir þrælar, 660.000 í Afríku sunnan Sahara, 260.000 í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku og 210.000 í gömlu austurblokkinni. 360.000 manns eru ánauðug á Vesturlöndum.

Fimmtungur allra þræla gengur kaupum og sölum og er fluttur á milli staða. Í skýrslunni segir að þeir sem stundi slík viðskipti hafi sem nemur tvö þúsund milljörðum króna upp úr krafsinu, um 800.000 krónur á hvern þræl.

Ekki er merkjanlegur kynjamunur í þeim störfum sem þrælarnir verða að inna af hendi. Þetta á sérstaklega við greinar á borð við landbúnað, byggingarframkvæmdir, múrsteinagerð og verksmiðjustörf. Hins vegar eru nær eingöngu konur og stúlkur þvingaðar í kynlífsánauð. Talið er að 40-50 prósent þeirra sem búa við þrælkun séu börn undir átján ára aldri.

„Þrælkun sýnir verstu hliðar hnattvæðingarinnar enda er þeim sem eru hnepptir í þrældóm neitað um lágmarksmannréttindi og reisn,“ segir Juan Somavia, framkvæmdastjóri ILO. „Til að markmið hnattvæðingar náist verður að uppræta þrælahald.“

Skýrsluhöfundar segja að hægt sé að uppræta þrælahald en aðeins ef ríkisstjórnir og alþjóðastofnanir beiti markvissum aðgerðum, til dæmis með hertari löggjöf á þessu sviði.

sveinng@frettabladid.is



MYND/AP

**Í KLÆÐAVERKSMIÐJUNNI** Þrælahald þekkist í öllum heimsálfum en verst er ástandið í Asíu og Suður-Ameríku. Tæpur helmingur þeirra sem hnepptir eru í þrældóm er börn.




TILBOÐ
Gisting fyrir tvo í tveggja manna herbergi, morgunverður, vínglas á barnum, aðgangur að sundlaug og reiðhjól í 3 klst.
Frá 5.500 kr.
á mann alla virka daga
Framboð á herb. er takmarkað.





DRAUMADAGAR
Á HÓTEL LOFTLEIÐUM Í MAÍ

Gerðu þér dagamun og fagnaðu vorinu á Hótel Loftleiðum. Við bjóðum sannkallaða draumadaga í maí- júní; gistingu fylgir morgunverður, aðgangur að sundlaug og reiðhjól í 3 klst. Bókaðu gistingu og láttu drauminn rætast.

- Sundlaug og sána
- Í grennd við útivistarparadís
- Fyrsta flokks bar og veitingastofa
- Frí akstursþjónusta til og frá miðbæ
- Vildarpunktar

Sími: 444 4000

Icelandic Tourist Board www.icetourist.is

ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

Nordica | Loftleiðir | Flughótel | Hamar | Flúðir | Rangá | Klaustur | Hérað www.icehotels.is

ENNEMM / SÍA / NM16149


Tony Blair:

# Hvetur flokkinn til einingar

**BRETLAND, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, hitti þingflokk Verkamannaflokksins bak við luktar dyr í gær, en nokkur órói hefur verið í flokknum eftir að ljóst varð hvaða menn Blair skipaði til liðs við nýja ríkisstjórn sína. Sumir eru óánægðir með að Blair skuli hafa gengið framhjá kjörnum fulltrúum flokksins er hann skipaði tvo utanflokksráðgjafa sína í aðstoðarráðherrastöður. Aðrir, sem kenna óvinsældum hans vegna Íraksstríðsins um það hve miklu fylgi flokkurinn tapaði í kosningunum nýafstöðnu, vilja að Blair hætti strax sem flokksleiðtogi. Þeirri kröfu var klárlega hafnað af miklum meirihluta þingflokksins.

Blair fullvissaði þingmennina um að hann myndi víkja fyrir næstu kosningar, en krafðist þess jafnframt að flokksmenn stæðu saman á þessu þriðja kjörtímabili hans við stjórnvölinn. Blair sagði að fjórði kosningasigurinn í röð væri innan seilingar, að því gefnu að flokkurinn héldi einingunni. ■



**BLAIR-HJÓNIN** Tony og Cherie Blair í London í gær. Hann tjáði flokkssystkinum sínum að hann myndi víkja úr embætti á kjörtímabilinu.

## Aðeins 4,4% vextir

# VERÐSPRENGJA Á JEPPADÖGUM!



**Suzuki Vitara**
Árg. 2000, ekinn 69 þ. km,
1,6 l sjálfskiptur
Verð áður: 1.090.000
**Verð nú: 870.000**



**Pajero GLS 3500**
Árg. 2002, ekinn 53 þ. km,
3,5 l sjálfskiptur
Verð áður: 3.490.000
**Verð nú: 3.250.000**



**Pajero GLS 3500**
Árg. 2001, ekinn 81 þ. km,
3,5 l sjálfskiptur
Verð áður: 3.450.000
**Verð nú: 3.150.000**



**Pajero Sport**
Árg. 2000, ekinn 97 þ. km,
3 l beinskiptur
Verð áður: 1.590.000
**Verð nú: 1.360.000**



**Galloper**
Árg. 1999, ekinn 143 þ. km,
2,5 l dísil sjálfskiptur
Verð áður: 980.000
**Verð nú: 780.000**

HEKLA®

Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Nú er tækifærið til að fá sér jeppa fyrir sumarævintýrin. Á jeppadögum Bílaþings býðst þér fjölbreytt úrval jeppa og fjórhjóladrifsbíla á stórlækkuðu verði. Sölumenn okkar eru í samningastuði og bjóða bílasamninga með aðeins 4,4% vöxtum.

**Gerðu frábær kaup í góðum jeppa fyrir sumarið.**

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÁRNI FRIÐRIKSSON Á HVALFIRÐI** Rannsóknaskipið Árni Friðriksson er þessa dagana við tækjastillingar á Hvalfirði. Af og til er farið með skipið í djúpa og fáfarna firði, líkt og Hvalfjörðinn og Arnarfjörðinn fyrir vestan til þess að fínstilla bergmálstæki skipsins, sem eru af fullkomnustu gerð.

EFTA-ríkin taka upp meirihluta allra tilskipana ESB segir sérfræðingur

# Margt vantalið í svari utanríkisráðherra

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Eiríkur Bergmann Einarsson, stjórnmálafræðingur, segir að upplýsingar utanríkisráðherra um samþykkt Evrópusambandsgerða hér á landi séu villandi. Í svari ráðherrans við fyrirspurn kom fram að undanfarinn áratug hafi 2.527 Evrópusambandsgerðir verið teknar upp í EES-samninginn eða aðeins um sex og hálft prósent af heildarfjölda ESB-gerða á sama tímabili.

Eiríkur segir að ekki megi blanda saman tilskipunum, reglugerðum og ákvörðunum Evrópusambandsins. Tilskipanirnar séu þýðingarmestar og EFTA-ríkin taki meirihlutann af þeim upp. Þá hafi í svarinu ekki verið tekið tilllit til um 1.500 lagagreina í sjálfum EES-samningnum. „Í þetta vantar sem dæmi 250 blaðsíður af reglugerðum frá árinu 1998, en mikil vinna er að ganga úr skugga um fjölda þeirra. Þar við bætist að ekkert tillit virðist tekið til Schengen- og Dyflinnar samkomulagsins um löggæslumál. Jafnvel þótt öllu þessu sé ýtt til hliðar stendur eftir að EFTA-löndin taka upp nær allar tilskipanir sem gilda um innri markaðinn svonefnda,“ segir Eiríkur.

Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, lagði fram fyrirspurn á þingi í gær þar sem spurt var hversu margar ESB tilskipanir Ísland hafi innleitt í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, Schengen samstarfið og Dyflinnarsamninginn. - jh


**EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON** Í svari utanríkisráðherra vantar meðal annars 1.500 lagagreinar úr EES-samningnum.

Norski Hægriflokkurinn:

# ESB-umsókn árið 2007

**NOREGUR** Erna Solberg, leiðtogi norska Hægriflokksins, segir að árið 2007, þegar gera megi ráð fyrir að stjórnarskrársáttmáli Evrópusambandsins verði genginn í gildi, verði Norðmenn að gera aftur upp hug sinn til aðildar.

„Þá munu ný aðildarríki knýja dyra, þá hefst nýr kafli og þá verðum við að taka afstöðu,“ sagði Solberg á landsþingi flokksins. Solberg vill að Norðmenn leggi á ný inn aðildarumsókn á næsta kjörtímabili Stórþingsins. Forsenda fyrir umsókn sé þó að Verkamannaflokkurinn styðji hana líka og að hún njóti öruggs meirihlutastuðnings almennings. ■

## SVÍÞJÓÐ

**EFNAVERKSMIÐJA BRANN** Stór efnaverksmiðja í Gautaborg í Svíþjóð brann til kaldra kola í gær, en engin slys urðu á fólki. Þykkan eiturefnareyk lagði yfir nærliggjandi nágrenni og var mörghundruð manns fyrirskipað að halda sig innandyra. Þetta er einn mesti bruni í Gautaborg á síðari árum en tjón er metið á um 2-3 milljarða króna.

## DANMÖRK

**DANIR SÚPA SEYÐIÐ AF REFSITOLLUM** Refsitollar Evrópusambandsins á norskan eldislax hafa ekki bara áhrif á norskt atvinnulíf. Fiskverksmiðja í Hitshals í Danmörku hefur þurft að segja upp 160 manns síðan í febrúar vegna þessa en verksmiðjan hefur unnið vörur úr norskum eldislaxi.

Endurkröfur tryggingafélaganna:

# Lyfjaneysla vegur þungt

**TRYGGINGAMÁL** Ástæður endurkröfu tryggingafélaganna á hendur tjónvöldum í umferðinni eru langoftast ölvun tjónvalds, þá ökuréttindaleysi, lyfjaneysla og glæfraakstur. Um 74% krafnanna eru vegna ölvunaraksturs.

Endurkröfuréttur verður til þegar vátryggingafélag hefur greitt bætur vegna tjóns sem ökumenn ollu af ásetningi eða með stórkostlegu gáleysi. Á árinu 2004 bárust þar til bærri endurkröfunefnd samtals 158 ný mál til úrskurðar. Af þessum málum samþykkti hún endurkröfu að öllu leyti eða að hluta í 140 málum. Á árinu 2003 var heildarfjöldi mála á hinn bóginn 117 og samþykktar endurkröfur að öllu eða einhverju leyti 104.

Endurkröfur á síðasta ári námu samtals tæplega 48 milljónum króna. Þá er tekið tillit til viðbótarendurkrafna í eldri málum. Á árinu 2003 námu samþykktar endurkröfur tæplega 33 milljónum króna. -jss

**ÁSTÆÐUR ENDURKRÖFU**

| | |
|---|---|
| Ölvun | 106 |
| Ökuréttindaleysi | 16 |
| Lyfjaneysla | 12 |
| Glæfraakstur | 5 |

**KYNJASKIPTING**

| | |
|---|---|
| Karlar | 111 |
| Konur | 29 |


**HAFÖRN Á FLUGI** Rótgróin óvild í garð arnarins á þessu svæði segir Kristinn Haukur Skarphéðinsson dýravistfræðingur.






Gasbyssubóndi ber af sér sakir:

# Ernir verpa aldrei í Borgarhólma

**FUGLAVERND** Flateyjarbóndinn Hafsteinn Guðmundsson, sem átti gasbyssu sem fannst við meint arnarhreiður í Borgarhólma í Hergilseyjarlöndum nú í apríl, heldur því fram að ernir hafi aldrei orpið í Borgarhólma og að gasbyssuhvellirnir hafi einungis verið til þess að fæla geldfugla frá æðarvarpi í hólmanum.

Hafsteinn segir að eftirlitsflug Kristins Hauks Skarphéðinssonar og félaga yfir arnarvörp valdi engu minni skaða þegar fuglar fljúga upp við flugvélarniðinn. Þá vill Hafsteinn meina að hann hafi verið í fullum rétti að verja sinn atvinnuveg, æðarvarpið.

Kristinn Haukur segir á hinn bóginn að Hafsteinn hafi einmitt unnið að því meðvitað að koma í veg fyrir að ernir geti komið upp ungum á þessum slóðum og að brotavilji hans sé einbeittur. Um þessi vinnubrögð Hafsteins segir Kristinn: „Það er rótgróin óvild í garð arnarins á þessu svæði og Hafsteinn er verðugur fulltrúi þeirra sem standa með annan fótinn í nítjándu öldinni og hinn í þeirri átjándu.“

Sýslumaðurinn á Patreksfirði á eftir að taka afstöðu til þess hvort gefin verði út ákæra á hendur Hafsteini. - oá

Auglýsingar um frítt eða frjálst niðurhal af netinu:

# Takmörk hjá Og Vodafone og Símanum

**NEYTENDUR** Auglýsingar Og Vodafone og Símans um ótakmarkað niðurhal á netinu með sérstökum áskriftarleiðum eru villandi og bæði fyrirtæki setja takmörk á það gagnamagn sem hægt er að fá með þeim hætti í mánuði hverjum.

Hjá Símanum er auglýst áskriftarleið 3 þar sem skýrt er kveðið á um ótakmarkað niðurhal áskrifenda. Í smáa letri samningsins má þó einnig lesa að fyrirtækið áskilji sér rétt til að takmarka þjónustu sé áskrifandinn uppvís að óhóflegu erlendu niðurhali. Bregðist viðkomandi ekki við muni Síminn takmarka þjónustuna tímabundið.

Sama er uppi á teningnum hjá Og Vodafone en á heimasíðu fyrirtækisins er hvergi minnst á takmarkanir af neinu tagi. Viðskiptavinir fyrirtækisins hafa engu að síður fengið send aðvörunarbréf þar sem niðurhal þeirra er komið fram yfir þau mörk sem fyrirtækið setur sjálft.

Eva Magnúsdóttir, kynningarfulltrúi Símans, segir að umrædd mörk gildi þegar magn niðurhals sé farið að hafa áhrif á aðra notendur þjónustunnar en magnið sé slíkt að afar fá dæmi séu um að þessu hafi verið beitt. - aöe




**SVEKKJANDI** Takmörk eru á því ótakmörkuðu niðurhali gagna sem stóru símafyrirtækin tvö auglýsa.



## Gasgrill, Omega 200 EX

Grillflötur 50x36 sm, 6.2 Kw, tvískiptur brennari, emeleruð grillgrind, hitagrind, hliðarborð neistakveikja, þrýstijafnari, hraunsteinar.
3000235

**14.900**

e6 TILBOÐ

Húsasmiðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum vörum. **e6 tilboðið** stendur fyrir engaútborgun og enga vexti í 6 mánuði.*
*e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Visa.

## Gasyljari, ryðfrír

**23.900**



Fyrir veröndina eða sólpallinn, 13 KW brennari, hitar vel til hliða. Rafeindakveikja og hitastillir. Hæð 228 sm. Tekur venjulegt gashylki.
2999717




- Útvíður (kónískur) brennari, sem kemur í veg fyrir "kalda bletti", þar eð hitinn endurvarpast beint frá innfelldri ryðfrírri skál á ytra net, sem gefur betri virkni og sparar gas.
- Hitarinn er á hjólum sem auðveldar flutning.

e6 TILBOÐ



## Hjólbörur, 85 lítra

5080041
Verð áður 5.988
**3.795**



**9.895**

## Sláttuvél, Texas Garden

100 W, með grassafnara.
5085121



**17.900**

## Reiðhjól 24"svart/silfur

KLY24-1145A. Dempari að framan og aftan, álstell með V-bremsum og álrömmum. Tvöfaldar álgjarðir og álstýri. Gírbúnaður er Shimano TY- 23 handskipt 21 gír og afturskiptir er SL-RS41. Dekkjastærð er 24X2.10.
3899941

## Ráðgjöf



**Stanislas Bohic garðhönnuður** veitir ráðjöf í Húsasmiðjunni Borgarnesi, 14. maí næstkomandi frá 10-16. Tímapantanir í síma 525 3000 eða með því að senda tölvupóst á netfangið **simi@husa.is.**



### Kantskeri
5084403
Verð áður 1.995
**1.595**

### Stunguskófla
5084069
Verð áður 1.995
**1.595**

### Malarskófla
5082506
Verð áður 1.295
**895**

# Gleðilegt sumar!

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál




## Löggæsla efld á Norður- og Austurlandi:

# Fjölgað um fjóra á Akureyri

**LÖGGÆSLA** Þann 1. júlí næstkomandi verður lögreglumönnum á Akureyri fjölgað um fjóra en 30 lögreglumenn eru nú starfandi á Akureyri. Á sama tíma verða fjórir sérsveitarmenn, sem starfa hjá lögreglunni á Akureyri, leystir undan föstum vöktum og munu þess í stað sinna löggæslu og sérstökum löggæsluverkefnum á Norður- og Austurlandi. Verða þeir starfsmenn embættis ríkislögreglustjóra en með aðsetur á Akureyri og undir daglegri stjórn sýslumannsins á Akureyri. Kostnaðurinn við skipulagsbreytingarnar á yfirstandandi ári verður um 15 milljónir króna.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir að sérsveitarmennirnir fjórir muni sinna tilfallandi verkefnum á Norður- og Austurlandi svo sem aðgerðum gegn fíkniefnasölum, handrukkurum og annarri skipulagðri glæpastarfsemi. Þetta er í fyrsta sinn í næstum 30 ár sem fjölgað er í lögregluliðinu á Akureyri og því mikil tímamót, segir Björn.

- kk


FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**SÝSLUMAÐUR, RÁÐHERRA OG RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI** Björn Jósef Arnviðarsson, Björn Bjarnason og Haraldur Jóhannessen kynntu breytingarnar á blaðamannafundi á Akureyri í gær.


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hann á afmæli hann Kópavogur

**KÓRBÖRN Í KÓPAVOGI** Um 1600 leikskólabörn sungu afmælissönginn fyrir Kópavog.

**Næstum öll leikskólabörn Kópavogs sungu fyrir bæinn sinn í 50 ára afmælisveislu í Smáralindinni í gærmorgun. Þar hangir næstu daga uppi sýning á listaverkum eftir börnin. Afmælishátíðahöld standa út maí í Kópavoginum.**



Bergþóra fjögurra ára:

### *Smá misskilningur*

**Af hverju eru allir þessir krakkar hérna?**
Ég veit það ekki.
**Er afmælisveisla?**
Já.
**Hver á afmæli?**
Aþena á afmæli.



Andri Fannar sex ára:

### *Veit allt um málið*

**Af hverju eruð þið að syngja hér í dag?**
Því að Kópavogur á afmæli, hann er fimmtíu ára.
**Átt þú einhver listaverk hérna í Smáralindinni?**
Já, sem ég hef verið að gera í leikskólanum mínum.



Rebekka þriggja ára:

### *Syngur bara með*

**Af hverju eru allir þessir krakkar að syngja hérna?**
Ég veit það ekki.
**Er afmæli?**
Já.
**Hver á afmæli?**
Ég veit það ekki.



Albert á Smárahvammi:

### *Veit ekkert af hverju allir eru að syngja*

**Af hverju eru allir þessir krakkar hérna að syngja?**
Ég veit það ekki.
**Var ekki einhver afmælisveisla?**
Jú, Kópavogur á fimmtíu ára afmæli.



Andri fjögurra ára:

### *Ég á afmæli*

**Af hverju eru allir krakkarnir að syngja saman?**
Ég veit það ekki.
**Er afmæli?**
Já, ég á afmæli. Þess vegna eru allir að syngja.




Opnum í dag
nýja verslun í Bankastræti 5
Reykjavík: Kringlan, Bankastræti 5, Lækjargata 4, Faxafen 12
Garðabær: Miðhraun 11 Akureyri: Glerárgata 32 og söluaðilar um land allt.
Klæddu þig vel
66° NORÐUR

www.utilif.is





## Götuskór

### Puma Mostro Mesh III
Til rauðir með hvítu og hvítir

**12.990 kr.**
stærðir 36 - 41



### Puma Klim Ripstop

**11.990 kr.**
stærðir 36 - 41



### Puma Kart Cat

**11.990 kr.**
stærðir 36 - 41



### Puma H-Street NM

**9.990 kr.**
stærðir 36 - 41



## Hlaupaskór

### Nike Shox Oz
Topphlaupaskór með Shox dempun.
Shox púðar í hæl og phylon miðsóli gefa mýkt og stöðugleika sem eru engu lík!

**18.590 kr.**
stærðir 37½ - 41
Fæst í Smáralind og Kringlunni



### Nike Storm Pegasus
Loftpúðar í hæl og tábergi.
Hentar vel á malbiki og malarstígum
Climafit yfirbygging sem tryggir bæði vatnsvörn og öndun

**12.490 kr.**
dömustærðir 37 - 42
herrastærðir 42 - 47½



### adidas Supernova Cushion
Mjúkur hlaupaskór með mikilli dempun undir öllum sólanum.
Gæðaskór á afar hagstæðu verði.

**11.990 kr.**
dömustærðir 36 - 42
herrastærðir 41 - 48



### Asics Cumulus
Hlaupaskór með gelpúðum í hæl og tábergi.
Henta mjög vel á malbiki og hörðu undirlagi

**10.990 kr.**
dömustærðir 36 - 42
herrastærðir 40 - 47



SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ○ GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ○ KRINGLUNNI SÍMI 545 1580





GREIND_UT20050511

## Fótboltaskór

### adidas F10+

F10+ skórinn er hluti af Formúlulínunni - nýrri línu frá adidas. Takkaskór sem hentar fyrir möl og gras.

**5.490 kr.**
barnastærðir 32 - 38½

**6.990 kr.**
fullorðinsstærðir 39 - 44½



### adidas Provider

Takkaskór fyrir gras og möl. Góðir og þægilegir skór sem henta vel yngri leikmönnum

**3.990 kr.**



### Nike Total 90 VT Jr

Nýjasti Total 90 skórinn Takkaskór fyrir möl og gras

**4.990 kr.**
barnastærðir 32 - 38½

**5.990 kr.**
fullorðinsstærðir 39 - 45



### Nike Total 90 TF

Flottir skór fyrir gervigras. Barna og fullorðinsstærðir

**4.990 kr.**
barnastærðir 28 - 38½

**5.990 kr.**
fullorðinsstærðir 39 - 47½



## Barnaskór

### adidas Focal

~~5.490 kr.~~ - verð áður
**3.990 kr.** - **verð nú**
stærðir 28 - 38½
til í tveim litum

**TILBOÐ!**



### adidas Meteorite

~~4.590 kr.~~ - verð áður
**3.490 kr.** - **verð nú**
stærðir 28 - 38½

**TILBOÐ!**



### adidas Mudslide Low

~~4.990 kr.~~ - verð áður
**3.990 kr.** - **verð nú**
stærðir 28 - 38½

**TILBOÐ!**



### adidas MP Trainer 2K

~~3.990 kr.~~ - verð áður
**2.990 kr.** - **verð nú**
stærðir 28 - 38½
líka til með riflás

**TILBOÐ!**



# ÚTILÍF

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI

# Vinnur að velferð íslenskra barna

„Nú er ég á fullu í sumarverkefni velferðarsjóðs íslenskra barna,“ segir Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, glöð í bragði. Hún vinnur sem framkvæmdastjóri velferðarsjóðsins og unir því starfi vel. Einnig er hún formaður dómnefndar nýframkvæmda á Landspítalalóð og segir spennandi verkefni bíða hennar þar.



Ingibjörg nýtur þess að fylgjast með pólitíkinni úr fjarlægð þó að hún viðurkenni að stundum sé erfitt að vera ekki með í henni. „Ég hefa af henni þegar þannig stendur á.“

Hún fagnar komu sumarblíðunnar og segir hana vera aðeins fyrri til á Akranesi en í höfuðborginni, þar sem hún býr ásamt fjölskyldu sinni. „Vorblíðan er nú alltaf örlítið á undan uppi á Skaga heldur en í borginni,“ segir Ingibjörg og hlær. Ingibjörg er mikil fjölskyldumanneskja og segist njóta þess að eyða tíma með sex barnabörnum sínum og reynir að nýta hverja stund til þess.

Ingibjörg er annars afslöppuð og ánægð með lífið. Hún eyðir nú kröftum sínum í að undirbúa sumargjafir sem velferðarsjóðurinn styrkir með 10 milljónum króna. „Þeir peningar nýtast vel og munu vafalaust gleðja íslensk börn mikið,“ segir Ingibjörg að lokum.

## SVONA ERUM VIÐ



Á árunum 1995 til 2003 sátu að meðaltali 92,4 Íslendingar í fangelsi á ári.

*Heimild: Hagstofan*

**ÁSTKÆRA YLHÝRA**

## *Drullu-sokkatau*

Eitt þeirra litríku níðyrða sem lifa góðu lífi í íslenskunni er drullusokkur. Það er notað um illa innrættan mann, skíthæl, og varð meira að segja fleygt í pólitískri orðræðu fyrr á árum. Drullusokkur er reyndar þarfaþing til að hreinsa stíflu í niðurfalli, en hljómfall orðsins virðist henta betur til að munnhöggvast en mæra hreinsunarhæfileika. Drulluháleistur er skyldur drullusokki en hefur hins vegar enga jákvæða eiginleika. Þar sem tískan tekur sífelldum breytingum verður hugsanlega hægt í framtíðinni að níða skóinn af náunganum með fleiri tegundum af óhreinu sokkataui, svo sem sokkabuxum eða sokkaböndum.

**magnus@frettabladid.is**

Frumkvöðull á Ísafirði:

## Tætir mosa með götusópi

Mosatæting þarf ekki alltaf að vera erfiðisverk. Það sýndi Rúnar Þór Brynjólfsson, eigandi Vélaleigunnar Hnokka á Ísafirði, fram á þegar hann notaði götusóparann sinn til að tæta mosa í garði



FRÁ ÍSAFIRÐI

þar í bæ. „Eigandinn spurði hvort ég gæti þetta og ég ákvað bara að prófa,“ segir Rúnar, sem segir þetta ágæta tilbreytingu frá því að sópa gangstéttir bæjarins. Hann veit ekki til þess að þetta hafi verið reynt áður.Hann segir menn þegar hafa sýnt þessu áhuga og vonar að fleiri óski eftir stórvirkri mosatætingu í sumar. ■

# Össur innblásinn

**Stjórnarandstaðan raðaði sér í efstu sætin í ræðumennsku, að mati fagmanna. Mælsku þingmanna fer þó hnignandi að mati formanns JCI, sem finnst ekki vanþörf á að senda þingheim á ræðunámskeið.**

„Innblásinn af ferli ríkisstjórnarinnar gat ég ekki annað en haldið kröftuga ræðu um þau mál sem hún hefur vanrækt,“ segir Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar og nýbakaður ræðukörungur Alþingis.

Össur segist vera í miklu stuði þessa dagana. „Ég kom mjög afslappaður í umræðuna. Tók langan göngutúr út í Gróttu og þaulhugsaði það sem ég ætlaði að segja. En ég held að það sem hafi fyrst og fremst gert þessa ræðu góða var að hún var málefnaleg.“ Össur fékk forláta styttu í verðlaun af ræðumanni sem hann segir að minni töluvert á Tony Blair, „formann Samfylkingarinnar í Bretlandi“. Styttuna gaf hann Birtu dóttur sinni, sem var afar stolt af pabba sínum.

Spútnikræða kvöldsins kom hins vegar frá Sigurjóni Þórðarsyni, þingmanni Frjálslynda flokksins, sem rak lestina í fyrra en skaust upp í annað sæti í ár. „Hann hafði allt með sér,“ segir Ingimundur K. Guðmundsson, formaður JCI á Íslandi og annar ræðudómara. „Þetta var kröftug og beitt ræða og hann notaði kímni á skemmtilegan máta þegar hann skaut aðeins á Guðna Ágústsson, sem flutti ræðu á undan.“ Sigurjón fór á námskeið hjá JCI í janúar og



FRÉTTABLAÐIÐ/BERNHARÐ BERNHARÐSSON

**STYTTAN Í HÖFN** Ingimundur K. Guðmundsson afhendir Össuri styttuna, sem Össur segir að minni töluvert á Tony Blair.

Ingimundur er ekki í nokkrum vafa um að það hafi skilað árangri. Keppnin var hins vegar hnífjöfn. Aðeins níu stig af 250 skildu Össur og Sigurjón að. Skammt á eftir Sigurjóni kom Ögmundur Jónasson úr Vinstri grænum, en fast á hæla honum fylgdi Dagný Jónsdóttir, þingmaður Framsóknar.

JCI hefur boðið öllum þingmönnum upp að fertugu að sækja hjá sér ræðunámskeið og Ingimundur segir að ekki sé vanþörf á. „Fjórir efstu ræðumennirnir voru í sérflokki en umræðurnar í ár voru slakari en í fyrra. Það voru allt of margir sem fluttu ekki ræðuna, heldur lásu hana bara upp.“ Ræðuskörungur Alþingis verður valinn árlega héðan í frá og nafn hans greipt í gjörvulegan skjöld.

**bergsteinn@frettabladid.is**


## HVER Á AÐ RÁÐA?

**Fundaröð um eflingu íbúalýðræðis**

Reykjavíkurborg efnir til fundaraðar um eflingu íbúalýðræðis þar sem öllum sem áhuga hafa á íbúalýðræði er boðin þátttaka. Fundirnir verða haldnir í IÐNÓ, 2. hæð og hefjast kl. 8:30 og lýkur kl. 10:00.

Aðgangseyrir er kr. 1200 og er morgunverður innifalinn í verðinu.

Fyrsti fundurinn verður haldinn **n.k. föstudag, 13. maí** og er yfirskrift hans: **Almennar atkvæðagreiðslur**

**Dagskrá**

*Framsöguerindi:*
Ratsjá, villuljós eða neyðarhemill: Er til skynsamleg regla um almennar atkvæðagreiðslur?
Dr. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

*Viðbrögð við erindi Gunnars Helga:*
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarfulltrúi
Ólafur Stephensen, aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi

Dagur B. Eggertsson kynnir starf og tillögur starfshóps Reykjavíkurborgar um eflingu íbúalýðræðis

*Almennar umræður*

*Fundarstjóri:* Eiríkur Hjálmarsson, aðstoðarmaður borgarstjóra

***Aðrir fundir í fundaröðinni verða:***
**fimmtudaginn 19. maí** – íbúalýðræði í skólamálum
**föstudaginn 20. maí** – hverfalýðræði
**þriðjudaginn 24. maí** – íbúalýðræði í skipulagsmálum

*Áhugasamir geta kynnt sér ýmis gögn og komið skoðunum sínum á framfæri á heimasíðu Reykjavíkurborgar*
**www.reykjavik.is** – *sjá „Hver á að ráða?“*


Patreksfirðingar taka forskot á sæluna:

# Heimsfrumsýna Stjörnustríð

„Það eru allir voða uppveðraðir af þessu og eldri íbúar bæjarins eru farnir að spyrja hvar þeir geti pantað miða,“ segir Geir Gestsson, bíóstjóri kvikmyndahússins Skjaldborgar á Patreksfirði. Patreksfirðingar taka forskot á sæluna í næstu viku þegar sjötta og síðasta Stjörnustríðsmyndin verður heimsfrumsýnd þar 18. maí. Almenningur annars staðar í heiminum fær hins vegar ekki að berja myndina augum fyrr en degi síðar.

„Við vildum gera eitthvað sem vekti eftirtekt,“ segir Geir, sem er félagi í Lionsklúbbi Patreksfjarðar, sem hefur séð um alla vinnu við kvikmyndahúsið í sjálfboðaliðastarfi í hálft þriðja ár en sveitarfélagið sér um reksturinn að öðru leyti. Bíóið er rekið á núlli, sem þykir viðunandi. „Þetta rúllar, við náum að halda þessu gangandi og það er takmarkið,“ segir Geir, sem telur bíóið nokkuð gott enda er verið að setja upp stafrænt kerfi þar þessa dagana. Bæjarbúar nota salinn einnig fyrir aðrar uppákomur, til dæmis til að horfa saman á enska boltann. „Þetta er að verða okkar annað félagsheimili,“ segir Geir, sem sjálfur verður af því að horfa á myndina á miðvikudaginn þar sem hann þarf að vinna í afgreiðslunni. Það er svekkjandi enda Stjörnustríðsmyndirnar í miklu uppáhaldi hjá Geir. Hann segir hins vegar svakalegan áhuga fyrir myndinni og býst við meiri öldu fólks en á sjómannadaginn, þegar mannfjöldi í bænum margfaldast. ■



**LIONS-FÉLAGAR Í BÍÓREKSTRI** Rúnar H. Bollason sýningarstjóri, Geir Gestsson bíóstjóri og Halldór Þórðarson, formaður Lionsklúbbs Patreksfjarðar.



**SVEINBJÖRN EYJÓLFSSON** Vantaði og fékk aðstoð við sæðistöku.

Vefsíða kúabænda:

# Sæðistakan setti met

Auglýsing á heimasíðu Landssambands kúabænda á dögunum vakti óskipta athygli. „Aðstoð vantar við sæðistöku“ var fyrirsögn auglýsingarinnar og tengdist fréttin lausu starfi við Nautastöð BÍ á Hvanneyri. Samkvæmt vefmælingum Modernus skoðuðu 4.100 manns auglýsinguna sem er met hjá LK. Þess má geta að meðalfjöldi innlita á síðu LK er um 300 til 400 á dag.

Sveinbjörn Eyjólfsson, forstöðumaður Nautastöðvarinnar, hafði auglýst starfið í Bændablaðinu. Snorri Sigurðsson, sem sér um vef LK og er ágætur félagi Sveinbjörns, sá auglýsinguna, fannst hún víst fremur daufleg og ákvað að krydda hana upp á vefnum með þessum ágæta árangri. „Það er alltaf gott fyrir okkur í landbúnaði að fá umræðu og Snorri sér um að búa hana til,“ segir Sveinbjörn og hlær hjartanlega.

Sveinbjörn segir að viðbrögðin hafi ekki látið á sér standa og hafi töluvert af fólki leitað eftir upplýsingum. Hins vegar hafi aðeins ein umsókn borist og hafi viðkomandi verið ráðinn í stöðuna. ■



**JESÚS KRISTUR** Maðurinn breytti nafni sínu frelsaranum til heiðurs.

Þrautagöngu Jesú lokið:

# Fær loksins ökuskírteini

Jesús Kristur fékk loksins ökuskírteini eftir mikla baráttu við báknið. Fyrir fimmtán árum ákvað hinn bandaríski Peter Robert Phillips að breyta um nafn og tók upp nafnið Jesús Kristur, hetju sinni og fyrirmynd til dýrðar. Þegar hann flutti til Vestur-Virginíu fyrir nokkrum árum þurfti hann að endurnýja öll persónuskilríki. Honum reyndist þrautin þyngri að fá nýja nafnið skráð í ökuskírteinið því yfirvöld í Washington vildu ekki færa nafnbreytinguna til bókar. Kristur fór í mál fyrir við yfirvöld í Washington fyrir tveimur árum síðan, en dómstólar höfnuðu beiðni hans á þeirri forsendu að sumum kynni að þykja nafnið of ögrandi.

Jesús áfrýjaði úrskurðinum, sem hann sagði vera hreina bábilju. Hann hefði borið nafnið í hálfan annan áratug án nokkurra vandkvæða. Áfrýjunardómstóll tók röksemdir hans til greina og féllst á nafnbreytinguna.

Jesús Kristur vill ekki tjá sig við fjölmiðla um málið. ■






# kaupf DÚND

## Skór&fatnaður í sölutjaldi



**Á FIMMTUDAG**
verða allar vörur í sölutjaldi með

**30%**
**AFSLÆTTI**

**Á FÖSTUDAG**
verða allar vörur í sölutjaldi með

**50%**
**AFSLÆTTI**

**Athugið, flottustu vörurnar klárast fyrst!!**

100% ÖRYGGI
við lofum þér lægra verði!

Við leggjum okkur 100% fram við að bjóða ávallt upp á lægsta verðið. Ef þú hefur keypt vöru í INTERSPORT og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá **endurgreiðum** við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun.
***Gildir í tvær vikur frá kaupdegi , gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvörur.***

# JÖR!

OPNUM KL 12

# URAFSLÁTTUR




## Við rýmum fyrir nýjum vörum

Skór og fatnaður á dúndur-afslætti í stóru tjaldi fyrir utan **Intersport Bíldshöfða** frá fimmtudegi til laugardags.

**30%** afsláttur á fimmtudag
**50%** afsláttur á föstudag
**70%** afsláttur á laugardag

## Athugið, flottustu vörurnar klárast fyrstÁÁ

Opið alla daga

INTERSPORT®

Póstverslun
VIÐ SENDUM HVERT LAND SEM ER
Club Intersport

**Intersport Húsgagnahöll** SÍMI 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Laugardaga 10 -18 • LOKAÐ HVÍTASUNNUDAG

360 gráður

FBL – GREINING: KJARNORKUENDURVINNSLAN Í SELLAFIELD

# Óhagkvæm framleiðsla sem ógnar umhverfinu

Kjarnorkuendurvinnslan í Sellafield er allumdeild enda þykir slík vinnsla hvorki sérlega hagkvæm né hættulaus eins og atvikið sem varð í stöðinni á dögunum sýnir.

**Forsagan**
Allt frá í árdaga breskrar kjarnorkuvinnslu hefur verið unnið með geislavirk efni í Sellafield. Á fimmta og sjötta áratugnum létu Bretar ekki sitt eftir liggja í kjarnorkuvopnakapphlaupinu heldur þróuðu þeir sprengju með hraði í Windscale-stöðinni, forvera Sellafield. Geislavirkum úrgangi var einfaldlega veitt út í Írlandshaf sem fyrir vikið er eitt mengaðasta hafsvæði í heiminum. Til samanburðar má geta að geislavirkni í höfunum norður af Íslandi er 1/1000 af því sem hún er í sjónum nærri Sellafield.



Árið 1957 kviknaði í öðrum kjarnakljúfnum í Windscale-verinu og þá barst umtalsvert magn geislavirkra efna út í andrúmsloftið. Rannsóknir hafa bent til hærri tíðni hvítblæðis hjá íbúum nálægra þorpa enda er þetta versta kjarnorkuslys sögunnar þar til Tsjernobyl-slysið varð.

**Endurvinnslan**
Í Sellafield er kjarnorkuúrgangur unninn á þann hátt að notað kjarnorkueldsneyti er leyst upp í saltpéturssýru og þannig má einangra plútón og úran. Við þetta ferli verður fjöldi efnahvarfa og ýmis skaðleg efni, til dæmis strontíum-99 og teknetíum-99, myndast. Hægt er að sía hluta þessara efna úr vökvanum sem eftir verður en alltaf skolast eitthvað á haf út. Það eru þessi efni sem mælast í höfunum við Ísland og er helmingunartími síðarnefnda efnisins 210.000 ár.
Úranið og plútónið er notað í framleiðslu svonefnds blandaðs súrefniseldsneytis (mixed oxide fuel – MOX). Hins vegar er mjög lítil spurn eftir slíku eldsneyti og því hafa birgðir af því hlaðist upp. Á hinum enda framleiðslunnar hefur mikill úrgangur safnast upp en stöðin hefur aldrei náð fullri getu. Á síðustu tólf árum hafa 5.644 tonn af kjarnorkueldsneyti verið endurunnin en gert var ráð fyrir 7.000 tonna framleiðslu á hverjum áratug.
Þegar við bætist um 25 milljarða króna tap á rekstrinum á ári er ekki að furða að kröfurnar heima fyrir um að verinu verði lokað séu álíka háværar og í nágrannalöndunum. ■

## SPURT & SVARAÐ
SELLAFIELD

### Vel fylgst með

Atvikið í Sellafield vekur upp spurningar um stefnu íslenskra stjórnvalda í málefnum Sellafield og kjarnorkumálum almennt. Magnús Jóhannesson er ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu.

**Hafa stjórnvöld áhyggjur af Sellafield?**
Áhrifin frá Sellafield eru vissulega mælanleg. Lengi var mengunin fyrst og fremst vegna losunar sesíums en upp úr 1990 tók Sellafield sig á eftir þrýsting frá Íslendingum og fleiri þjóðum. Svo kom upp vandamál með losun teknetíums og þá tóku Norðmenn, Írar og Íslendingar að krefjast umbóta á ný og í fyrra var mengunin orðin hverfandi.



MAGNÚS JÓHANNESSON

**Kemur til greina að krefjast lokunar?**
Við höfum ekki farið fram á slíkt en við höfum krafist þess að losunin verði innan þeirra marka að hún hafi ekki áhrif á lífríkið í hafinu. Ef menn geta gengið þannig frá málum að starfsemin hafi engin áhrif á umhverfið þá er ekki hægt að gera kröfu um lokun. Hins vegar geta menn velt fyrir sér að ef svona uppákomur fara að verða trekk í trekk hvort öryggi vinnslunnar sé eitthvað sem menn þurfa að hafa áhyggjur af.

**Breytir nýjasta atvikið einhverju?**
Það er ómögulegt að segja, við fylgjumst auðvitað með þessu máli og höfum óskað eftir upplýsingum frá íslenskum stjórnvöldum og Geislavarnir ríkisins eru búnar að vera í sambandi við sínar systurstofnanir.

# Geislavirkni frá Sellafield mælist í íslensku höfunum

**Óhappið í kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield sem skýrt var frá í vikunni sýnir hversu lítið má út af bera til að hættuástand skapist. Stöðin skaðar ímynd íslenskra sjávarafurða og þá gildir einu hvort geislavirkni frá henni sé mikil eða lítil.**



FRÉTTASKÝRING
SELLAFIELD

SVEINN GUÐMARSSON
BLAÐAMAÐUR

Íslendingar voru enn og aftur minntir á óþægilegan nágranna sinn suður af landinu þegar fregnir bárust af leka á geislavirkum efnum í kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield á mánudaginn. Ríki sem liggja að hafsvæðunum í nágrenninu hafa lengi barist fyrir lokun stöðvarinnar enda er gera ráð fyrir að fiskimið myndu eyðileggjast og afurðamarkaðir erlendis hryndu ef alvarlegt slys yrði í stöðinni.

**Hágeislavirk sundlaug**
Óhappið í THORP-stöðinni í Sellafield, Cumbria-héraði í norðvesturhluta Englands, varð reyndar fyrir tæpum mánuði en ekki hefur verið skýrt frá því fyrr en nú. Þá láku um sjötíu rúmmetrar af hágeislavirkum vökva úr leiðslu sem lá á milli tanka, nóg til að fylla 25 metra langa sundlaug. Vökvinn innihélt úran og um 200 kíló af plútóni en úr því má búa til tuttugu kjarnorkusprengjur.

Úrgangurinn rann sem betur fer ekki út í umhverfið heldur í sérstaka safntanka sem taka við efnunum þegar leki verður. Tankarnir eru nú svo geislavirkir að fjarstýrð vélmenni verða notuð við hreinsun og viðgerðir. Stöðin verður að líkindum lokuð í marga mánuði á meðan hreinsun stendur yfir og mun slysið kosta breska skattgreiðendur stórfé.

Þetta er í annað sinn á þessu ári sem Sellafield-stöðin kemst í fréttirnar en í febrúar viðurkenndu forsvarsmenn hennar að ekki hefði tekist að gera grein fyrir 29,5 kílóum af plútóni sem vantaði í birgðareikninga stöðvarinnar. Ekki er þó talið að efnið hafi farið út af svæðinu.

**Stefnt að aukinni framleiðslu**
Sellafield er ein þriggja kjarnorkuendurvinnslustöðva í heiminum, hinar eru í Frakklandi og Rússlandi – Dounreay-verinu í Skotlandi var lokað árið 1996 en það var mikill þyrnir í augum Íslendinga. Önnur ríki geyma sinn kjarnorkuúrgang eða flytja hann til endurvinnslulandanna.

Í dag eru fjórir kjarnaofnar í Sellafield, tvö endurvinnsluver og ein verksmiðja til að meðhöndla hágeislavirkan afgangsvökva. Mesta mengunin kemur frá endurvinnsluverunum og því er það sérstakt áhyggjuefni að fyrirtækið sem rekur stöðina hyggst auka framleiðsluna í verunum sem mun auka enn á úrgangslosunina frá þeim. Ástæðan er ekki spurn eftir endurunnu kjarnorkueldsneyti heldur miklu frekar að verksmiðjunni hefur aldrei tekist að ná þeirri framleiðslugetu sem að var stefnt og því hafa birgðir af óunnum úrgangi hlaðist upp.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SELLAFIELD** Stöðinni hefur verið lokað á meðan vélmenni hreinsa þar til. Ekki er gert ráð fyrir að starfsemi hefjist á ný fyrr en eftir marga mánuði.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SIGURÐUR M. MAGNÚSSON** „Umræða um raunverulega eða ímyndaða hættu á geislavirkum efnum í sjávarafurðum er mjög neikvæð fyrir Íslendinga."

**Merkjanleg mengun við Ísland.**
Ýmsar hættur fylgja starfseminni í Sellafield. Geislavirk efni eru stöðugt flutt til og frá stöðinni og skapa flutningarnir alltaf nokkra hættu sama hversu mikillar varúðar er gætt við þá. Á síðustu árum hefur svo ótti manna við hryðjuverkaárás á Sellafield farið vaxandi en afleiðingar slíkrar árásar yrðu geigvænlegar þótt ólíkleg sé.

Leki geislavirks úrgangs út í hafið er hins vegar sú vá sem nágrannaþjóðirnar hafa mestar áhyggjur af enda er hún yfirstandandi og viðvarandi. Úrgangurinn berst út í Írlandshaf, þaðan bera hafstraumar hann í Norðursjó og upp Barentshaf og síðan aftur til suðurs með Austur-Grænlandsstraumnum. Að sögn Sigurðar M. Magnússonar, forstjóra Geislavarna ríkisins, er merkjanlegur munur á geislavirkni í hafinu fyrir norðan og sunnan landið. „Það umframmagn sem við sjáum í hafinu fyrir norðan Ísland á rætur sínar að rekja til Sellafield. Það tekur efnin 8-10 ár að berast hingað norður eftir og styrkur þeirra þegar hingað er komið er mjög lítill. Þau eru samt vel greinanleg."

**Sellafield skaðar ímynd Íslands**
Geislavirkni í íslenskum sjávarafurðum mælist um 0,2-0,4 einingar, mun minni en í Norðursjávarfiski. Hættumörk eru miðuð við þúsund einingar og því er geislavirknin hverfandi. Sigurður bendir á til samanburðar að allir jarðarbúar hafi að jafnaði um 40 einingar af geislavirku kalíni í líkamanum auk ýmissa annarra geislavirkra efna sem við fáum úr andrúmslofti og matvælum.

Hins vegar segir Sigurður að lítil geislavirkni breyti engu um það að Sellafield-stöðin sé gagnstæð okkar hagsmunum. „Umræða um geislavirk efni í sjávarafurðum er mjög neikvæð fyrir Íslendinga út frá efnahagslegum sjónarhól.

Hún getur haft í för með sér að viðskiptavinir okkar erlendis vilji ekki kaupa íslenskar sjávarafurðir vegna umræðu um raunverulega eða ímyndaða hættu á geislavirkum efnum sem í þeim geta verið." Með öðrum orðum, þótt geislavirknin sé í sjálfu sér ekki vandamál í dag þá getur sjálf starfsemin, sama hversu örugg hún er, kastað rýrð á orðspor íslensks sjávarfangs. Atvik eins og skýrt var frá í vikunni geta þannig haft mjög neikvæð áhrif enda þótt umhverfisslysi hafi verið afstýrt. ■




# Endalaust niðurhal...
# sama verð!




..Ótakmarkað niðurhal!

**V16 extra light**
**Ótakmarkað niðurhal!**
**3.890 kr.**
á mánuði allt innifalið m.v. 12 mánaða samning!



*Kíktu við í næstu BT verslun og fáðu þér áskrift eða hringdu í síma 588-1234 og við sendum þér búnaðinn forstilltann og tilbúinn til notkunar þér að kostnaðarlausu!*

**..hafðu hraðann á taktu fleiri bita!**

BT TÓNLIST.IS

BTNET
www.btnet.is.

360 gráður

# Ráðherrakjördæmin fá mest

**Samgönguáætlun Sturlu Böðvarssonar til næstu fjögurra ára var samþykkt á Alþingi í gær. Síðastliðin þrettán ár hefur ríkið varið 17 milljörðum til vegamála á höfuðborgarsvæðinu, samanborið við 58 milljarða á landsbyggðinni. Kjördæmi núverandi og fyrrverandi samgönguráðherra hafa fengið mest.**

Samtals hafa 17,3 milljarðar króna runnið til allra vegamála á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt samgönguáætlunum undanfarin þrettán ár, samanborið við rúma 58 milljarða króna sem landsbyggðin hefur fengið á sama tímabili. Það þýðir að höfuðborgarbúar og nærsveitamenn fá um 1,3 milljarða króna árlega.



FRÉTTASKÝRING
SAMGÖNGUMÁL

ALBERT ÖRN EYÞÓRSSON
BLAÐAMAÐUR

Samgöngumál hafa sjaldan verið meira í umræðunni en síðustu vikur og mánuði og sérstaklega varð umræðan hávær eftir að Sturla Böðvarsson samgönguráðherra tilkynnti að loks yrði ráðist í gerð Héðinsfjarðarganga. Sú framkvæmd þykir mörgum vera æði kostnaðarsöm, svo sem fram kom í nýlegri skoðanakönnun Fréttablaðsins þar sem 70 prósent landsmanna voru andvígir gangagerðinni. Deilt hefur verið á forgangsröð ráðherra í vegamálum og bent á mikilvægi Sundabrautar á sama tíma og miklum hluta vegafjárins er beint norður á Tröllaskaga.



**HRINGBRAUT** Stærsta framkvæmdin í Reykjavík næstu misseri er færsla Hringbrautar en verkið er vel á veg komið. Mörg önnur brýn verkefni, eins og að setja Mýrargötu í stokk, eru ekki á nýsamþykktri samgönguáætlun til ársins 2008.



**SELFOSS** Suðurkjördæmi hefur borið skarðan hlut frá borði undanfarin ár. Fjárveitingar þangað nema einungis 13,6 milljörðum króna undanfarin þrettán ár, sem er tíu milljörðum króna minna en Norðvesturkjördæmi hefur fengið á sama tíma.

### Höfuðborgarsvæðið svelt í samgöngumálum?

Einn þeirra sem telja höfuðborgarsvæðið svelt í þeirri fjögurra ára samgönguáætlun sem samgönguráðherra lagði fram fyrir skömmu er flokksbróðir Sturlu í Sjálfstæðisflokknum, Gunnar Birgisson, sem auk þess að gegna þingmennsku hefur mikla reynslu af vegagerð sem verktaki. Hefur hann lagt fram breytingartillögur sem lítinn hljómgrunn hafa fengið og jafnvel valdið reiði margra landsbyggðarþingmanna. Atkvæðagreiðsla fór ekki fram um tillögur hans á Alþingi í gær og var því ekki fjallað um þær frekar. Minnst þrír þingmenn stjórnarandstöðunnar; Katrín Júlíusdóttir, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Mörður Árnason, ætluðu að greiða tillögum Gunnars atkvæði, en fengu ekki tækifæri til.

Samkvæmt tölum sem Vegagerðin hefur tekið saman um fjárveitingar til vegamála síðustu þrettán ár hefur á því tímabili verið framkvæmt á höfuðborgarsvæðinu fyrir 17,3 milljarða króna. Er þá miðað við stofnvegi og tengivegi og fé til gangagerðar og ferðamannavega talið með. Það er ekki há upphæð sé miðað yfir sama tímabil við Norðvesturkjördæmi, sem hefur fengið 24,6 milljarða króna til vegagerðar. Né heldur ef miðað er við Norðausturkjördæmi, þar sem framkvæmdir að upphæð 20,2 milljarða hafa verið gerðar. Þessi tvö kjördæmi eru heimavellir núverandi og fyrrverandi samgönguráðherra, þeirra Sturlu Böðvarssonar og Halldórs Blöndal.

Suðurkjördæmi situr hins vegar aftast á merinni þegar kemur að fjárveitingum til vegamála síðustu þrettán árin en þar hefur verið framkvæmt fyrir 13,6 milljarða króna á þeim tíma. Tekið skal fram að allar þær upphæðir sem hér eru nefndar eru á verðlagi frá febrúar á þessu ári.

Þetta þýðir að höfuðborgarsvæðið, þar sem óumdeilanlega eru flestir á ferð og allar samgönguæðar í hvað mestri notkun, hefur fengið 29,6 prósent alls fjármagns til vegamála síðustu þrettán árin. Aðeins einu sinni á þessum þrettán árum fengu höfuðborgarbúar hlutfallslega mest en það var árið 1995 þegar hlutfallið fór í 33 prósent. Lægst fór það hlutfallslega niður í tæp fimmtán prósent.

### Þrefalt minna fjármagn

Það sem Gunnar Birgisson, borgarráð Reykjavíkur og margir aðrir ráðamenn á suðvesturhorninu eru ósáttir við er að í nýjustu uppfærslu samgönguáætlunar til ársins 2008 stendur hlutfall höfuðborgarsvæðisins að mestu í stað. Sé aftur rýnt í gögn Vegagerðarinnar sést að næstu fjögur ár fara rúmlega 27 milljarðar króna til stofnvega og tengivega á landsvísu en hlutur þéttbýlisins í Reykjavík og nágrenni er aðeins rúmir 6,4 milljarðar. Meðan ekki liggur fyrir nákvæmur kostnaður vegna fyrirhugaðra Héðinsfjarðarganga telja fræðingar kostnaðinn vera á bilinu sex til átta milljarðar eða svipaða upphæð og allt höfuðborgarsvæðið fær næstu fjögur árin.

Tillögur Gunnars Birgissonar byggja að mestu á því að slá Héðinsfjarðargöng af og nota fjármagnið að hluta til til að tvöfalda Reykjanesbraut alla leið og koma lagningu Sundabrautar á rekspöl. Tillögur hans taka reyndar til mun fleiri þátta en eingöngu vegamála en Gunnar hefur látið hafa eftir sér að fásinna sé að taka hagsmuni fárra fram yfir hagsmuni þess meginhluta þjóðarinnar sem býr á suðvesturhorninu.

### Almenningur á móti

Samkvæmt skoðanakönnun sem Fréttablaðið stóð fyrir um síðustu helgi voru tæp 70 prósent allra þeirra sem afstöðu tóku andvíg Héðinsfjarðargöngum meðan rúm 30 prósent voru þeim hlynnt. Andstaða höfuðborgarbúa var mun meiri í könnuninni en engu að síður lögðust 57 prósent landsbyggðarfólks gegn framkvæmdinni.

Þrátt fyrir þessa óánægju margra þingmanna og ráðamanna í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu með forgangsröðun í vegamálum fengu tillögur Gunnars falleinkunn þegar þær voru bornar undir þingið og var engin þeirra samþykkt. Var áætlun samgönguráðherra samþykkt að mestu óbreytt.

Nokkrir sjálfstæðismenn sendu frá sér yfirlýsingu í gær þar sem fagnað er vilja stjórnvalda til að fjármagna Sundabraut með sérstökum hætti, en komið hefur fram að til greina kemur að nota til verkefnisins hluta þess fjármagns sem fæst við sölu Símans. Kostnaður við Sundabrautina er áætlaður átta til tólf milljarðar króna. Þeir áskilja sér einnig rétt til að berjast fyrir því að vegabótum innan höfuðborgarsvæðisins verði flýtt enda hafi mörg brýn verkefni tafist í meðförum R-listans.

Jónína Bjartmarz, Framsóknarflokki, sagði eftir atkvæðagreiðslu um samgönguáætlunina að flokkurinn styddi hana á þeim forsendum að fé frá sölu Símans færi að einhverjum hluta til lagningar Sundabrautar enda bætti það rýran hlut borgarinnar í áætluninni. ■

## Hvað vill Sturla?

**Gerð Héðinsfjarðarganga**
Útboð fer fram vegna Héðinsfjarðarganga í haust og munu framkvæmdir hefjast á næsta ári. Talsverðar tafir hafa orðið á framkvæmdum vegna ganganna, sem fyrst var áætlað að hefja strax 2003.

**Breikkun Reykjanesbrautar**
Sturla hlaut mikið lof Suðurnesjamanna í vetur fyrir að ráðast fyrr en ætlað var í frekari breikkun Reykjanesbrautar. Þar er þó aðeins um kafla að ræða og enn er eftir töluverður spotti áður en þessi mikla umferðaræð verður öll tvöföld.

**Tveir plús einn á Suðurlandsvegi**
Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir að kafli Suðurlandsvegar verði breikkaður um akrein, svokallaður tveir plús einn vegur, en það er í samræmi við óskir Sunnlendinga enda ökuhraði mikill og alvarleg slys algeng á veginum. Breikkun hluta hans dugar þó skammt að mati heimamanna, sem einnig vilja vegrið milli vegarkafla alla leið auk lýsingar sem ekki er til staðar í dag.

**Smærri verkefni**
Fjölmörg önnur verkefni eru á stefnuskránni. Stytting þjóðvegarins með nýrri brú yfir Hornafjarðarfljót og endurbygging hringvegarins í Skagafirði standa þar hæst.



## Hvað vill Gunnar?

**Tvöföldun Reykjanesbrautar**
Þegar hefur hluti brautarinnar verið tvöfaldaður og frekari breikkun stendur fyrir dyrum, en Gunnar vill breikkun alla leið frá Keflavík inn í Reykjavík á næstu fjórum árum. Breikkun Reykjanesbrautar gegnum Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð er ekki á dagskrá samgönguráðherra að svo stöddu.

**Göng gegnum Vaðlaheiði**
Gunnar býður tvenn göng á verði einna. Hann vill slá Héðinsfjarðargöngin af en í staðinn bjóða Vaðlaheiðargöng en sú hugmynd nýtur mikils fylgis fyrir norðan enda auðvelda slík göng allar samgöngur fyrir mun fleiri aðila en Héðinsfjarðargöng myndu gera. Að auki vill Gunnar gera göng milli Siglufjarðar og Fljóta og auðvelda Siglfirðingum að sækja þjónustu í Skagafjörðinn.

**Sundabraut og Vesturlandsvegur**
Gunnar vill hraða byggingu Sundabrautar sem mest má vera en þar að auki vill hann einnig breikka Vesturlandsveg en umferðartafir eru algengar þar á álagstímum. Tilkoma Sundabrautar ætti þó að öllu jöfnu að minnka álag á Vesturlandsveg til muna.







Hefur þú áhuga á:
• náttúrufræði?
• umhverfismálum?
• náttúruvernd?
• nýtingu náttúruauðlinda?

Nýr valkostur í háskólanámi:
Náttúru- og umhverfisfræði
Nám í náttúru- og umhverfisfræði við LBHÍ er þverfaglegt og gefur breiðan bakgrunn fyrir fjölbætt störf eða framhaldsnám. Þar er fengist við allar helstu greinar náttúrfræði, náttúruvernd, landnýtingu og upplýsingatækni auk skógræktar og landgræðslu.

www.lbhi.is
Landbúnaðarháskóli Íslands nýtur sérstöðu vegna staðsetningar, nálægðar við náttúruna og fjölbreytts námsvals.

Landbúnaðarháskóli Íslands
Aðalstöðvar:
Hvanneyri • IS 311 Borgarnes • Ísland
Sími: (+354) 433 5000 • Fax: 433 5001
Netfang: lbhi@lbhi.is • www.lbhi.is

# Kópavogur 50 ára









## Afmælisdagskrá

## Maí 2005

12. maí. **Hjallakirkja.** Opið hús fyrir eldri borgara. Léttur hádegisverður og samverustnd. Saga Kópavogs rifjuð upp í máli og myndum. Kl. 12.00.

12. maí. **Kópavogur í skáldskap.** Safnahús - Bókasafn. Bókmenntaklúbbur Hananú með samlestur í Kórnum. Kvæði, ljóð og minningar úr Kópavogi. Úrval úr minningarbókinni. Kl. 17.15.

12. maí. **TÍBRÁ.** Salurinn. Hátíðartónleikar – Kristinn Sigmundsson og Jónas Ingimundarson. Kl. 20.00.

12. maí. **Samkór Kópavogs.** Digranesskirkja. Einsöngvari er Örn Árnason leikari, stjórnandi Bragi Þór Valsson. Kl. 20.00.

13. maí. **Gleðigjafar**. Gullsmári - Félagsstarf eldri borgara. Söngur með afmælisívafi kl. 14.00.

13. maí. **TÍBRÁ.** Salurinn. Hátíðartónleikar – Kristinn Sigmundsson og Jónas Ingimundarson. Kl. 20.00.

14. maí. **Samtímalist.** Gerðarsafn. Erlend og íslensk samtímalist í samvinnu við Listahátíð í Reykjavík. Sýningarstjóri Jessica Morgan.

15. maí. **Hátíðarguðþjónustur:**
Hjallakirkja kl. 11.00. Sameiginleg messa Digranes- og Hjallasókna. Veitingar að lokinni guðþjónustu.
Kópavogskirkja kl. 11.00. Hátíðarguðþjónusta.
Digranesskirkja kl.20.00. Sameiginleg messa Digranes- og Lindasöfnuða. Gospelhópur og Páll Rósinkrans.

17. maí. **Unglingar í félagsmiðstöðvum ÍTK:** Ekkó, Kjarninn, Mekka, Hóllinn, Igló, Þeba, Jemen, Fönix.
Opin hús – sýningar á afrakstri vetrarins. Kl. 20.00.

18. maí. **Safnahús - Bókasafn.** Alþjóðasafnadagurinn – Sögustund tileinkuð sögu bæjarins. Kl. 14.00.

20. maí. **Sundlaugarpartý.** Sundlaugin í Versölum býður ungu fólki í rífandi fjör. Kl. 22.00.

21. maí. **Húsin í bænum.** Safnahús - Bókasafn. Gönguferð um eldri hluta Kópavogs undir leiðsögn Hrafns A. Harðarsonar. Kl. 14.00.

21. maí. **Samfélagið mitt.** Snælandsskóli. Sýning á verkum 4. bekkinga um sögu Kópavogs í 50 ár. Kl. 15.00.

22. maí. **Börn í Kópavogi í 50 ár.** Héraðsskjalasafn - brúin yfir Gjána - Safnahús. Ljósmyndasýning sem sett er upp bæði úti og inni. Kl. 14.00.

23. maí. **Tónleikaröð útskriftarnema Tónlistarskólans.** Salurinn. Unnar Geir, söngur og Krystyna Cortes, píanó. Kl. 16.00.

23. maí. **Tónleikaröð útskriftarnema Tónlistarskólans.** Salurinn. Ingunn Loftsdóttir, þverflauta og Sólveig Anna Jónsdóttir, píanó. Kl. 20.00.

24. maí. **Kórtónleikar.** Hjallakirkja. Kór Hjallakirkju - Áhersla á tónlist eftir tónskáld úr Kópavogi. Kl. 20.00.

27. maí. **Kópavogur á kortið.** Salurinn - Náttúrufræðistofa. Málþing starfshóps um ferðamöguleika í Kópavogi. Kl. 14.00.

28. maí. **Íþróttafélagið Gerpla.** Vorsýning fimleikafólks í Smáranum. Kl. 12.00 og 15.00.

28. maí. **Þjóðarblómið.** Safnahús - Náttúrufræðistofa. Opnun á sýningu um þjóðarblómið. Kl. 15.00.

28. maí. **TÍBRÁ.** Salurinn. Goldbergtilbrigði Bachs – Píanótónleikar Aladár Rácz. Kl. 16.00.

31. maí. **TÍBRÁ.** Salurinn. Litrík verk á 20. öld – Auður Hafsteinsdóttir, fiðla, Steinunn Birna Ragnarsdóttir, píanó og Hulda Björk, sópran. Kl. 20.00.

**Nánari upplýsingar eru á www.kopavogur.is**



Auglýsingastofan Skaparinn ehf.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Íslendingar eiga langt í land í jafnréttismálum kynjanna þegar borinn er saman vinnutími karla og kvenna.

## Stytting vinnutíma forgangsmál

Íslendingar stæra sig stundum af því að vera framarlega í jafnréttismálum. Ýmislegt bendir þó til þess að við séum aftar á merinni á þessu sviði en þau lönd sem við helst berum okkur saman við. Til dæmis vinna íslenskir karlmenn miklu lengri vinnudag en karlmenn í Evrópusambandslöndunum og 11,2 klukkutímum lengur að meðaltali en íslenskar konur. Þetta kemur í ljós þegar tölur um vinnuviku Íslendinga frá Hagstofu Íslands eru bornar saman við nýja vinnumarkaðskönnun Evrópusambandsins sem nær til 25 Evrópuríkja.

Samkvæmt rannsókn Evrópusambandsins vinna Norðmenn stysta vinnuviku í Evrópu, 38,6 tíma á viku, en Lettar þá lengstu, 43,1 tíma á viku. Samkvæmt tölum Hagstofunnar frá síðasta ári vinna Íslendingar 42 stundir á viku að meðaltali og væru því í þriðja sæti ef þeir hefði verið með í könnuninni, á eftir Bretum sem vinna 43,1 stund á viku. Rúmenar kæmu næst á eftir Íslendingum en þeir vinna 41,8 stundir á viku samkvæmt könnun Evrópusambandsins. Ekki er að sökum að spyrja að Íslendingar vinna mest Norðurlandaþjóða og eru einir Norðurlandabúa um að vinna lengri vinnuviku en 40 stundir. Svíar eru þó nálægt því og vinna 39,9 stundir.

Það sem er mest sláandi er hversu löng vinnuvika íslenskra karla er samanborið við vinnuviku karla í Evrópusambandslöndunum. Meðan íslenskir karlmenn vinna 47,1 klukkutíma að meðaltali á viku vinna karlar í Evrópusambandslöndunum 41 klukkutíma á viku. Inni í því meðaltali eru öll ný aðildarríki Evrópusambandsins en vinnuvika er yfirleitt lengri í jaðarríkjum sambandsins en í „gömlu“ ríkjunum. Tölurnar frá Evrópusambandskönnuninni ná þó eingöngu til þeirra sem eru ráðnir í fullt starf, meðan rannsókn Hagstofu Íslands nær til alls vinnumarkaðarins. Gera má ráð fyrir að mikill meirihluti karla sé þó í fullu starfi en erfiðara er að bera íslensku tölurnar um vinnutíma íslenskra kvenna, sem er 35,9 klukkutímar á viku, saman við vinnutíma kvenna í rannsókninni.

Eftir stendur gríðarlegur munur á vinnutíma karla og kvenna. Hafa ber einnig í huga að um meðaltalstölur er að ræða, sem segir að talsvert stór hluti karla vinnur meira en 50 tíma á viku og jafnvel miklu meira en það. Hvaða tíma hafa þessir menn til þess að rækta fjölskyldur sínar, mynda tengsl, rækta börn sín og sinna umgengnisrétti sínum og skyldum við börn sín sem búa annars staðar eins og svo algengt er? Hver er staða karlmanna sem vinna meira en 50 tíma á viku til að ganga til verka til móts við konur sínar á heimilum? Og hvernig fara þeir að því að rækta sjálfa sig og sinna vinum og stórfjölskyldu?

Vissulega eru margir svo lánsamir að vinna þeirra er ekki bara áhugamál þeirra heldur jafnvel ástríða og þetta á örugglega við um marga þá sem vinna mest. Það breytir því þó ekki að tími til að sinna öðrum þeim verkefnum sem tilheyra því hlutverki að vera maður, fjölskyldumaður og þjóðfélagsþegn er lítill.

Stytting vinnutíma, og þá einkum vinnutíma karlmanna, ætti því að vera forgangsverkefni, bæði í verkalýðshreyfingunni og hjá hverjum og einum, ekki síst þeim sem vilja taka ábyrgð á því stórverkefni, sem langflestir takast á hendur, að eignast börn og koma þeim svo til manns. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tíminn hnýtir í Frjálslynda

Á vefriti Framsóknarflokksins, tíminn.is, var bent á það í gær að Frjálslyndi flokkurinn sendi frá sér fréttatilkynningu á dögunum um að Magnús Þór Hafsteinsson myndi sitja í menntamálanefnd í stað Sigurjóns Þórðarsonar til þess að tryggja vandaða meðferð RÚV-frumvarpsins í nefndinni. „Það vakti því athygli að þegar RÚV-málið kom til meðferðar í menntamálanefnd var Magnús Þór hvergi sjáanlegur. Fulltrúi Frjálslyndra í nefndinni var eftir sem áður Sigurjón Þórðarson, sá sami og settur var af með bréfi af eigin samherjum vegna þess að hann þótti ekki nógu vandaður í vinnubrögðum,“ segir á tímanum.is



### Spurning um hæfni hinna

Framsóknarmenn halda áfram: „Það þarf víst ekki að leita frekari sannana fyrir því að meðferð stjórnarminnihlutans á RÚV-frumvarpinu var afar ómálefnaleg og óvönduð, við byggjum þá ályktun bara á fréttatilkynningu Frjálslynda flokksins sjálfs. Þeir ætluðu að setja hæfan þingmann í málið en þegar til kom áttu þeir engan á lausu og urðu að senda Sigurjón. Skýringin er víst sú að Magnús Þór þurfti að bregða sér til Noregs í brýnum einkaerindum. Þess vegna var Sigurjón nógu góður. Umræðu um hvað sú staðreynd segir svo aftur um hæfni hinna tveggja þingmanna Frjálslyndra til þess að beita vönduðum vinnubrögðum látum við bíða betri tíma.“

### Fáheyrður dónaskapur

Auk þess að býsnast út í Frjálslynda flokkinn hnýtir penni tímans einnig í ræðusérfræðinga JC, sem völdu Sigurjón Þórðarson næstbesta ræðumann í eldhúsdagsumræðunum á Alþingi í fyrradag: „Eins og við höfum bent á var útgáfa fréttatilkynningarinnar fáheyrður dónaskapur Frjálslynda flokksins í garð þingmanns úr eigin röðum. Við hér munum ekki taka upp baráttu fyrir því að Sigurjón fái viðurkenningu fyrir að vera í hópi vönduðustu þingmanna (jafnvel þótt hann hafi nýlega klárað JC-námskeið og orðið við það næstmesti ræðuskörungur Alþingis að mati þeirra sem selja JC-námskeið).“

sda@frettabladid.is

## Ísland sem einleikshljóðfæri

Í DAG
JÓNAS FRÁ HRIFLU



ÞORVALDUR GYLFASON

Guðmundur Ólafsson hagfræðingur kom einu sinni sem oftar inn á skrifstofuna mína í Odda glaður og reifur og settist í sófann. „Veizt þú, Þorvaldur minn, hvað við Albert og Eysteinn eigum sameiginlegt?” Svona eiga samtöl að hefjast, hugsaði ég með mér, en svarið við spurningunni vissi ég ekki. Albert Guðmundsson knattspyrnukappa og síðar fjármálaráðherra þekkti ég ekki af eigin raun, en Eysteini Jónssyni ráðherra mundi ég vel eftir, hann kom stundum heim að rífast við pabba, t.d. þegar vinstri stjórnin var að því komin að springa 1958 og húsið skalf, af því að Eysteinn var svo æstur, og pabbi líka. Guðmundur svaraði spurningunni sjálfur: „Við erum fóstursynir Jónasar.“ Þannig var, að Guðmundur var barn að aldri heimagangur hjá Jónasi fyrir vinskap móður sinnar við dóttur Jónasar. Jónas gaf sig að drengnum, hann hændist að ungu fólki. Og árin líða. Guðmundur kemst á unglingsár og siglir þungan sjó og fær þá skyndilega boð um skólavist í Menntaskólanum á Akureyri og þekkist það og lýkur stúdentsprófi með sóma.

Skýringin á boðinu um vistina fyrir norðan reyndist vera sú, að Þórarinn Björnsson skólameistari hafði fengið símhringingu að sunnan. Það var Jónas að biðja meistarann fyrir umkomulausan strák, sem Menntaskólinn í Reykjavík hefði ekki burði til að koma til manns og mennta. „Þetta var það eina, sem Jónas frá Hriflu bað Menntaskólann á Akureyri um, og því varð ekki hafnað,“ sagði Þórarinn síðar. Jónas hafði á ráðherraárum sínum 1927-31 átt frumkvæði að stofnun Menntaskólans á Akureyri, öðrum þræði til höfuðs embættisvaldinu fyrir sunnan og þá um leið gegn Menntaskólanum í Reykjavík. Þannig var Jónas, þegar því var að skipta: yndislegur.

Hann gat líka verið harður í horn að taka, svo harður, að Ísland logaði stafnanna á milli í illdeilum fyrir tilstilli Jónasar. Hann var Sturlungaöldin endurborin í einum manni. Hann fór vel af stað, upptendraður af brezkum eldmóði. Hann stofnaði ásamt öðrum Alþýðuflokkinn handa verkamönnum og sat í

*Höfuðkenning hans um þjóðfélagsmál um yfirburði sveitanna og lykilhlutverk þeirra í samfélagsgerðinni reyndist á hinn bóginn röng og virtist hvíla á rómantískri óskhyggju og fortíðarfíkn og þeirri skoðun, að börnum væri hollast að alast upp í sveit.*

stjórn flokksins fyrsta kastið eins og Guðjón Friðriksson rifjaði upp á málþingi í Háskólanum í Bifröst 1. maí. Síðan stofnaði Jónas með öðrum Framsóknarflokkinn handa bændum og helgaði honum ómælda krafta sína, þangað til flokksmenn fengu meira en nóg af ráðríki hans og tjörguðu hann og fiðruðu fyrir miðjan aldur. Guðjón telur, að kaupmenn og aðrir hafi ekki þorað annað en að stofna Sjálfstæðisflokkinn 1929 til að reyna að sporna gegn áhrifum Jónasar. Honum dugði ekki minna en að stofna þrjá flokka. Ísland var harpa, og hann var hörpuleikarinn.

Jónas lauk ekki prófum eftir námsdvalir sínar í útlöndum, eins og Helgi Skúli Kjartansson lýsti í Bifröst, en hann ræktaði sjálfan sig m.a. með tíðum utanferðum. Bændur lögðu margir mikla rækt við menntun sína á fyrstu áratugum 20. aldar: þeir lásu saman útlendar bækur á lestrarfélagsfundum og fóru út að afla sér frekari upplyftingar. Þá þyrsti í erlendan fróðleik og fyrirmyndir, þótt þeir kysu að bægja frá sér erlendri samkeppni og læsa landið í viðskiptaviðjar eftir 1920. Jónas var eiginlega opingáttarmaður innst inni eins og margir bændur, þótt hann yrði helzti holdgervingur innilokunarstefnunnar. Hann kom víða við, var lengi blaðamaður meðfram stjórnmálastörfum og skólamaður og uppfræðari fram í fingurgóma: hann ræktaði þá köllun alla ævi og hafði að mörgu leyti holl áhrif á framgang fræðslumálanna, eins og Helgi Skúli lýsti vel á málþinginu.

Flokkakerfið, sem Jónas lagði grunninn að og flutti inn að utan, stendur enn í stórum dráttum. Höfuðkenning hans um þjóðfélagsmál um yfirburði sveitanna og lykilhlutverk þeirra í samfélagsgerðinni reyndist á hinn bóginn röng og virtist hvíla á rómantískri óskhyggju og fortíðarfíkn og þeirri skoðun, að börnum væri hollast að alast upp í sveit. Jónas vanmat áhrif tækniframfara á sveitirnar. Honum sást yfir það, að vélvæðing landbúnaðarins myndi smátt og smátt draga svo úr þörfinni fyrir vinnuafl til sveita, að þungamiðja atvinnulífs og menningar hlyti að færast í þéttbýli. Og þó: kannski sá hann það fyrir, því að honum tókst ásamt öðrum að búa svo um hnútana, að fulltrúar dreifðra byggða hafa í reyndinni ráðið mestu um landsstjórnina fram á þennan dag, enda þótt mikill og sívaxandi hluti þjóðarinnar hafi þjappað sér æ þéttar saman fyrir sunnan. ■




LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Bónus býður betur!
Villibráðarkryddað læri
899 kg KR.
ALLTAF GOTT
Tilboðin gilda til sunnudags 14. maí eða meðan birgðir endast
SMJÖR Tilboð
159 500g KR.
HVÍTLAUKS/SÍTRÓNU LAX
779 KR.
35% afsláttur við kassann
Merkt verð 1198kr.
Kofareykt SVEITABJÚGU
SVEITABJÚGU
299 kg KR.
Sítrónumarineraður
LAX Á GRILLIÐ
Hvítlauksmarineraður
ÍSLENSKT SJÁVARFANG
KJARNAFÆÐI
Villijurtakryddað
LÚXUS LAMBALÆRI
I. FLOKKS HUMAR
3790 kg KR.
5% afsláttur við kassann
Merkt verð 3990kr.
I. FLOKKUR FROSINN
HUMAR nýveiddur
907 GRAMMA DÓS
699 KR.
Quality Street
HELGAR NAMMIÐ
Mackintosh
907gramma dós
1 LÍTRI/HREINN SAFI
129 KR.
Florida
BÓNUS
Nýtt kortatímabil
RISTAÐAR FURUHNETUR
199 100g poki KR.
RISTUÐ FRÆ OG HNETUR SALATBLANDA
159 100g poki KR.
RISTUÐ GRASKERSFRÆ
159 100g poki KR.
Nægtarbrunns FRÆ OG HNETUR
EKKERT BRUÐL
Salatblanda KLETTASALAT Smá spínat
199 100g poki KR.
Hrásalat
Kartöflusalat
95 350g KR.
199 150g glas KR.
Apetina FETA
Fetaostur DÁSAMLEGA DANSKUR
199 100g poki KR.
GOTT Á GRILLIÐ!
33cl Coca Cola
49 33cl KR.
PESTO SNEIÐAR
599 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.
VILLI GRILLSNEIÐAR KF
599 KÍLÓVERÐ KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.
KF FRAMPARTSSNEIÐAR
Pesto rosso LAMBASNEIÐAR Villibráðarkrydd
129 100g KR.
BÓNUS Furuhnetur
Bónus 100g FURUHNETUR

### FERTUGSALDURINN

**Fertugsaldurinn er mér ofarlega í huga. Ég er í dag genginn átta daga inn á fjórða áratuginn í lífi mínu. Þessi tímamót voru nokkuð fyrirkvíðanleg en hingað til hefur mér liðið prýðilega á fertugsaldrinum. Tímans tönn er að jafnaði ekki það sem dauðlegir menn hugsa hvað hlýlegast til, en vel heppnuð veisla á afmælisdaginn þann 4. maí á eflaust sinn þátt í því að gera yfirfærsluna léttbærari en ella hefði orðið. Mér er ofarlega í huga þakklæti til allra þeirra sem tóku þátt í afmælishöldunum og áttu þátt í að gera þau bæði gleðileg og – fyrir flesta þátttakendur – eftirminnileg.**

### INNGRIP RÍKISVALDSINS

**Sífelld og stigvaxandi inngrip ríkisvaldsins í einkalíf borgaranna eru mér því miður ofarlega í huga um þessar mundir. Þegar þessi orð eru skrifuð er Alþingi að leiða í lög heimildir lögreglu til að fylgjast nákvæmlega með samskiptum borgaranna. Eins og jafnan er reyndin með frelsisskerðingar af þessum toga, þá telja ráðamenn málstað sinn göfugan og að með þessu móti verði lögreglu gert auðveldara að gæta öryggis borgaranna. Þetta meðal yfirvalda við þeim sjúkdómi sem því er ætlað að vinna á, er þó í besta falli gagnslaust – og að öllum líkindum mun hættulegra réttaröryggi borgaranna en sjálfur sjúkdómurinn.**

### SUMARIÐ

**Nú þegar daginn er tekið að lengja er sumarið manni ofarlega í huga. Fyrirhuguð er fyrsta utanlandsferð fjölskyldunnar en yngstu börnin tvö hafa aldrei upp í flugvél komið. Þau eiga nú fyrir höndum flugferð til Króatíu og dvöl við Adríahafið í tvær vikur. Mikið hefur verið rætt um hvað sé í Króatíu og það sem börnunum hefur helst dottið í hug er: hryðjuverkamenn, eitursnákar og svokallaðir „króatíar“ – vonandi verður einungis hið síðasttalda á vegi okkar þar suður frá. Að vísu finnst manni hálfgerð synd að yfirgefa Ísland á þeim tíma sem einna bærilegast er að búa hér, hásumarið.**

### JÚRÓVISJÓN

**Júróvisjón sækir nú sífellt meir á hugann eftir því sem nær líður keppninni í Kænugarði. Vandlega er hlustað á lögin og möguleikar Selmu, okkar glæsilega fulltrúa, vegnir og metnir í kaffitímanum. Ég ætla að veðja á sigur Íslands að þessu sinni, eins og ég hef reyndar gert allar götur frá því að Icy-tróið tróð upp með Gleðibankann í Björgvin forðum tíð. Einn kunningi minni, sem sér samstarfsfólki sínu fyrir tóndæmum úr Júróvisjón allan liðlangan daginn, segist vera búinn að finna töfraformúluna: 60% er lagið og hæfileikar flytjandans, 40% er hins vegar kynþokki. Á þessum grundvelli hefur hann spáð hinni hvít-rússnesku Angelicu Angurbash sigri...**



## EFST Í HUGA

**BORGARS ÞÓRS EINARSSONAR**
LÖGMANNS OG RITSTJÓRA DEIGLUNNAR

# Námsmatsstofnun á villigötum?

**KJARTAN NORÐDAHL**
SKRIFAR UM SAMRÆMD PRÓF

Í Fréttablaðinu 10. maí birtist velþegin frétt um svonefnd „samræmd próf" sem unglingar í 10. bekk grunnskóla streitast nú við að þreyta.

Í fréttinni kemur fram að ritgerðarefnið í íslenzkuprófinu, sem að þessu sinni er fyrsta prófið í prófaröðinni, hafi verið of þungt og viðamikið og að auki í raun pólitískt mál.

Ég las þessa frétt með athygli, því ég er búinn að bíða eftir því að sjá hvernig námsmálayfirvöld myndu bregðast við próftökum nú í vor í ljósi þess að börnin og unglingarnir, sem þurfa að taka prófin, voru öll fórnarlömb átta vikna verkfalls kennara í vetur. Ég hef beðið eftir því að sjá hvernig menntamálayfirvöld myndu reyna af öllum mætti að bæta þeim upp áfallið sem verkfallið kom þyngst niður á.

Nú þarf ekki að bíða lengur.

Í samræmda íslenzkuprófinu þykir menntamálayfirvöldum við hæfi að leggja fyrir nemendur ritgerðarefni um hvað þeim þyki um styttingu námstíma til stúdentsprófs!

Er þetta grín? Að leggja þetta efni fyrir einmitt þann hóp nemenda sem varð sennilega hvað harðast úti vegna verkfallsins, er eins og storkun, og einkum og sér í lagi ósmekklegt.

Í framhaldsfrétt Fréttablaðsins í gær, miðvikudaginn 11. maí, segir starfsmaður Námsmatsstofnunar, að hann telji það undarlegt ef nemendur 10. bekkjar séu ekki búnir að hugsa um styttingu námstíma til stúdentsprófs, þar sem mikill meirihluti nemenda ætli sér að fara í framhaldsskóla og hljóti því að hafa leitt hugann að efninu.

Bíddu, er ekki alveg í lagi með suma? Hvernig eru menn eiginlega valdir í þessa Námsmatsstofnun? Hvað er verið að gefa í skyn? Áttu nemendurnir í 10. bekk kannski að velta þessari spurningu fyrir sér á meðan þeir biðu eftir að fá að fara aftur í skólann sinn til að halda áfram að læra („til stúdentsprófs seinna meir”). Ég skal segja Námsmatsstofnun hvað fjöldi þessara nemenda var að hugsa í verkfallinu. Þeir voru reiðir en líka samúðarfullir í garð kennara. Þeir voru mjög áhyggjufullir út af náminu. Þeir hugsuðu að nú myndu þeir fara út af sporinu. Og þeir fóru út af sporinu. Aðeins þeir sem hafa meðfædda námshæfileika standast svona áfall án þess að verða fyrir miklum skakkaföllum.

*Að leggja svo fyrir einmitt þessa nemendur ritgerðarefni um styttingu námstíma virkar eins og háð og spott. Það er, eins og fyrr segir, óheyrilega ósmekklegt.*

Að leggja svo fyrir einmitt þessa nemendur ritgerðarefni um styttingu námstíma virkar eins háð og spott. Það er, eins og fyrr segir, óheyrilega ósmekklegt.

Nær hefði verið að veita þessum nemendum tækifæri til að tjá sig um það sem á undan hefur gengið og leggja fyrir þau ritgerðarefnið: Hvaða áhrif telur þú að verkfall kennara hafi haft á námsárangur nemenda? Þá hefði Námsmatsstofnun og önnur menntamálayfirvöld trúlega fengið afar verðmæta innsýn í afleiðingar uppákomu eins og varð í vetur og gætu nýtt sér hana í framtíðinni. Nemendur hefðu fengið verðskuldað tækifæri til að tjá sig um efni sem enn hvílir á þeim eins og mara.

Menntamálayfirvöldum væri nær að lýsa því yfir undir eins, að vitaskuld verði tekið tillit til þessa ástands við mat á prófárangri til að létta þessum nemendum að einhverju leyti kvíðann.

Nóg er samt, þótt ekki sé enn reynt að slá þau útaf laginu, og það í upphafi prófanna.

*Höfundur er flugstjóri og afi grunnskólabarns.*

# Afgangsstærðirnar hjá Strætó bs

**UMRÆÐAN**
NÝTT LEIÐARKERFI STRÆTÓ



**BJÖRN FINNSSON**
ÆSKULÝÐSFULLTRÚI

Nú styttist óðum í að hið nýja og margbrotna leiðakerfi almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu verði tekið í notkun.

Sjálfsagt er hægt að finna góðar hliðar þessara breytinga en tilefni skrifa minna er nú á hinn veginn, um það sem augljóslega eru skelfileg mistök við hönnun þess.

Þar ber fyrst að geta þess að hið mikla íþrótta- og útivistarsvæði Laugardalurinn, með aðal íþrótta- og sýngarhöllum landsins, skautahöll, eina dýra- og skemmtigarði borgarinnar, tjaldsvæði Borgarinnar, stærstu sundlaug og Grasagarðinum, verður tekið að miklu leyti úr sambandi við strætó.

Þúsundir manna sækja Laugardalinn heim til útiveru og íþróttaþjálfunar, tónleika og sýninga allan ársins hring, auk þess er svæðið mikið notað að sumarlagi fyrir hópa barna af barnaheimilum og leikjanámskeiðum. Þessir síðasttöldu hópar koma einkum að sumarlagi og geta dreift komu sinni á lengri tíma en brottför, því flestir þurfa hóparnir að vera komnir á starfsstöðvar sínar um kl.16:00.

Í hinu nýja leiðakerfi eru aðeins tvær leiðir sem fara um Suðurlandsbrautina og geta nýst þessum hópum og ein leið sem fer um Sundlaugaveginn. Leiðir þessar verða á 20 mínútna fresti. Leið 15 í Mosfellsbæ verður eina tengingin fyrir öll efri hverfi Borgarinnar við Laugardalinn og eiga skiptingar að fara fram við Ártúnsbrekkuna, þá stóru umferðaræð sem varhugavert er að hafa barnahópa við. Þetta á við um alla hópa úr Árbæ, Breiðholti, Grafarvogi, Grafarholti, og Norðlingaholti auk umferðar af Kjalarnesi og úr Mosfellsbæ. Einn vagn á 20 mínútna fresti þýðir að hópar barna verða að bíða langtímum saman eftir næsta vagni í öllum veðrum. Á sama hátt er ein leið sem á að þjóna öllum nágrannabæjunum suður af borginni. Leiðin um Sundlaugaveginn býður upp á óhægkvæma og hættulega skiptingu yfir Miklubrautina. Báðar leiðir um Suðurlandsbraut nýtast vesturhluta borgarinnar og orsaka því aðeins skárra ástand.

Allar leiðir liggja í Háskólann, segja umferðarfræði skipuleggjenda, en þar eru flestir á einkabílum. Af hverju þarf að fara vestur að Háskóla vilji maður komast á Hlemm? Er ekki óþarfi að auka bílaálag miðborgarinnar með öllum þessum fjölda vagna? Til dæmis munu á annatímun samkvæmt gefnum forsendum fara 78 vagnar á klukkustund um Hverfisgötu og dreifast á tvær götur í miðborginni. Þetta eru um það bil 936 metrar af vögnum miðað við 12 m. langa bíla og auðvitað bara helmingur í hvora átt. Telja menn virkilega að flutningaþörfin sé þvílík á þessu svæði?

Það er greinilegt að barnahópar og börn yfirleitt eiga ekki upp á pallborð þeirra sem hugsa upp svona kerfi, auk þess sem útivistarsvæði og íþróttaaðstaða eru gjarnan afgangsstærð. Oft þarf þó ekki annað en til dæmis eina biðstöð í viðbót til að gera svæði aðgengileg. Dæmi um þetta er í Fossvogsdalnum, þar hefur ekki verið biðstöð en um leið og komið er í Kópavogsdal er biðstöð svo fólk geti nýtt vagnana til að komast að og frá svæðinu.

Menn skyldu hafa í huga að sú vegalengd sem fullorðnir er flestir færir um að ganga auðveldlega er ekki alltaf á færi barna sem taka smærri skref og eru lengur á leiðinni.

*Það er greinilegt að barnahópar og börn yfirleitt eiga ekki upp á pallborð þeirra sem hugsa upp svona kerfi auk þess sem útivistarsvæði og íþróttaaðstaða eru gjarnan afgangsstærð.*

Ljós punktur er að ákveðið hefur verið að tengja Nauthólsvíkina við leiðakerfið að sumri til með akstri að Nauthól.

Margt fleira mætti tína til sem varðar afnot af kerfinu, t.d. að uppröðun stæða á aðalskiptistöðvum verði þannig að farþegar þurfi ekki að hlaupa á milli vagna, hvernig biðskýli snúa; þau myndu koma að meira gagni ef bakhliðin snéri að götunni og hlífðu farþegum við bleytuaustrinum af götunni. Þá er umhugsunarvert hvort snjó- og þrifaáætlun gangbrauta verði færð til samræmis við þessa breytingu.

Þetta skrifa ég nú þar sem aðrar leiðir til að koma í veg fyrir Laugardalsmistökin hafa ekki borið árangur. Það er nú liðið eitt ár frá því ég vakti fyrst máls á þessu við Strætó með athugasemdum, svo og við fyrrverandi borgarstjóra á opnum fundi í Breiðholti, og yfirmenn ÍTR. ■

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




# Fagnaðarerindi Framsóknarflokksins

**UMRÆÐAN**
NÝ PRÓFESSORS-STAÐA VIÐ BIFRÖST



**DAVÍÐ ÓLAFSSON**
SAGNFRÆÐINGUR

Sameiginleg viljayfirlýsing rektors Viðskiptaháskólans á Bifröst og forsætisráðherra um stofnun nýrrar prófessorsstöðu í samvinnufræðum við skólann og sameiginlega fjármögnun hennar hafa enn á ný vakið umræður um sambúð ríkisvalds og fræðimanna. Ekki eru nema nokkrir mánuðir síðan slík mál voru síðast í brennidepli í kringum útgáfu bókar um ráðherra Íslands og önnur hátíðahöld vegna 100 ára heimastjórnar Íslendinga sem voru á forræði þáverandi forsætisráðherra. Önnur dæmi hafa verið nefnd um tilhneigingu ráðamanna til að stýra þeirri stefnu sem rannsóknarstarf í landinu tekur hverju sinni og á sviði hug- og félagsvísinda er nærtækt að nefna Kristnihátíðarsjóð og landafundaafmæli.

Ég hef sjálfur, eins og að ég held margir aðrir, reynt það á eigin skinni hvernig er að elta slíka strauma og beygja rannsóknarefni undir þær línur sem lagðar eru. Áhyggjuefnið er e.t.v. ekki fyrst það að reynt sé að hafa áhrif á niðurstöður einstakra rannsókna heldur fremur hvernig því takmarkaða fjármagni sem varið er til rannsókna sé beitt til að ýta undir rannsóknir sem eru stjórnvöldum á hverjum tíma þóknanleg. Þá hætta rannsóknir að vera á forræði fræðasamfélagsins sjálfs og færast inn á borð þeirra sem eiga einungis að leggja almennar línur og skapa umgjörð fyrir öflugt vísindastarf.

Ekki er nema eðlilegt að skóli sem stendur á gömlum grunni eins og Viðskiptaháskólinn á Bifröst vilji halda minningu frumkvöðuls og stjórnanda til áratuga á lofti og leiti til ríkisvaldsins með styrk til þess. Munurinn á því að minnast stofnanda skólans með opnun nýs tölvuvers eða bókasafns og því að stofna og kenna við hann prófessorsstöðu kemur hins vegar skýrt fram í þeim drögum að starfslýsingu sem lesa má í viljayfirlýsingu rektors og ráðherra:

„Markmiðið með því að setja á fót ofangreinda prófessorsstöðu verði að efla rannsóknir og vitneskju um sögulegar rætur samvinnuhugsjónarinnar, um sögu og feril samvinnustarfs á Íslandi og þann skerf sem samvinnan hefur verið í framförum og þjóðlífi, en ekki síður um það hvernig samvinnufélagsformið hefur verið að ryðja sér til rúms

*Það sem er merkilegt hér er að hér er verið að stofna prófessorsstöðu um hugmyndafræði, pólitík jafnvel, sem er arfleifð jafnt Viðskiptaháskólans og þess stjórnmálaflokks sem núverandi forætisráðherra tilheyrir.*

á ný í auknum mæli í ýmsum löndum. Þá verði rannsakað sérstaklega hvernig samvinnufélagsformið geti nýst í íslensku atvinnulífi á 21. öld. Enn fremur verði rannsakaður skerfur Jónasar Jónssonar frá Hriflu til stjórnmálaþróunar, samskipti við aðrar þjóðir, framfara, menningar og þjóðlífs.“

Það sem er merkilegt hér er að hér er verið að stofna prófessorsstöðu um hugmyndafræði, pólitík jafnvel, sem er arfleifð jafnt Viðskiptaháskólans og þess stjórnmálaflokks sem núverandi forætisráðherra tilheyrir. Mig grunar að hér sé nánast um einsdæmi að ræða í opinberum stuðningi af þessu tagi við æðri menntastofnanir hér á landi, að beinlínis sé ætlunin að stofna prófessorsstöðu í hugmyndafræðilegri arfleifð stjórnmálaflokks, eins og Guðmundur Jónsson prófessor orðaði það svo ágætlega í bréfi á Gammabrekku póstlista sagnfræðingafélagsins.

Ef við gerum ráð fyrir að Viðskiptaháskólinn á Bifröst hafi haft frumkvæði að þessu samkomulagi vakna ýmsar spurningar: Hvers vegna sækist skólinn eftir sérstakri fjármögnun til að stofna þessa stöðu? Hefði hún verið stofnuð án stuðnings forsætisráðuneytisins eða hefði annað fræðasvið haft forgang? Er hún stofnuð vegna þess að þarna var sóknarfæri, fjárhagslegt fremur en fræðilegt, og ræður fjármögnunin þannig hvers konar staða er stofnuð. Geta skólar, ríkis- eða einkareknir, rannsóknarstofnanir og einstaklingar aukið möguleika sína á fjármögnun með því að höfða beint til hagsmuna þeirra sem ráða fjárveitingum opinberra fjármuna og hvaða áhrif hefur slíkt á vísindastarf í landinu?

Í öllu falli finnst mér áhyggjuefni hvernig hugmyndin á bakvið þessa stöðu er kynnt í viljayfirlýsingu rektors og ráðherra sem ber óneitanlega brag einhvers konar fagnaðarerindis framsóknar.

*Þessi grein birtist áður á vefritinu kviksaga.is.*

**BRÉF TIL BLAÐSINS**

## Landsbyggðin og höfuðborgin

**Jóhanna B. Jónsdóttir skrifar**

Enn á ný er okkur Íslendingum att saman í fáránleika skoðanakönnunar um Héðinsfjarðargöng. Höfuðborgarbúar vilja sitt, hér býr jú helmingur landsmanna og óþarfi að vera að „puðra“ peningum í landsbyggðarmenn. Þvílík skömm!

Eflaust hefði verið rétt að leggja Siglufjörð bara niður þegar síldin hvarf og búið var að mergsjúga allt sem hægt var þar og flytja suður. Á sínum tíma fengu líka nokkrir sérvaldir „gæða“-menn fiskinn okkar gefins og allt í einu var enga vinnu að hafa á mörgum stöðum á landinu. Varla hafa þeir legið andvaka „kvótakóngarnir“ þess vegna. Hefði ekki verið réttast að leggja þessa staði bara niður?

En nú fer eflaust að fara um höfuðborgarbúa, því nú á tölvu- og tækniöld er hægt að flytja flest fyrirtæki og þjónustu ríkisins út á landsbyggðina og rétt að gera það, því með bættum samgöngum ættu höfuðborgarbúar að geta skroppið „út á land“ eftir þjónustunni, eins og landsbyggðamönnum hefur verið gert „auðvelt“ hingað til að skreppa „suður“ eftir allri þjónustu.

## Rangfærslur húsfriðunarsinna

**Frank Ú. Michelsen, úrsmíðameistari og stjórnarmaður í Þróunarfélagi miðborgarinnar skrifar**

Ég vil mótmæla óvönduðum vinnubrögðum þeirra sem standa fyrir svörtu borðunum á húsum við Laugaveg. Miklar rangfærslur einkenna mjög málflutning þeirra sem eru á móti uppbyggingu Laugavegar allt frá upphafi og þrátt fyrir leiðréttingar hirða þeir lítt um sannleikann í málinu. EKKI hefur verið gefin heimild til að rífa 25 hús við Laugaveginn í nýju deiliskipulagi. Hægt er að sækja um að fjarlægja megi allt að 25 hús ef hægt er að sýna fram á að ný hús falli vel að umhverfi sínu. Það er ljóst að sum þessa húsa verða ekki fjarlægð, m.a. „Brynju“húsið að Laugavegi 29 þar sem eigandi þess húss hefur lýst því yfir að það verði ekki fjarlægt. Einnig er húsið að Laugavegi 17 alltaf talið með þrátt fyrir að margbúið sé að leiðrétta „misskilning“ þeirra sem á móti eru uppbyggingu Laugavegar.

Þegar þetta er skrifað blakta svartir borðar á Laugavegi. Í mínum augum blakta þeir til „skammar“ þeim sem víla ekki fyrir sér að hagræða sannleikanum í blekkingum sínum til að ná sínu fram.

**AF NETINU**

## Lifi byltingin

Á námsárum mínum í Bretlandi var t.d. móðins meðal stúdenta að vera róttækir. Lýsti það sér m.a. í því að stúdentahreyfingar hétu ekki geldum nöfnum eins og Vaka eða Röskva (svo ekki sé minnst á Háskólalistann) heldur Róttæki byltingarsinnaði kommúnistaflokkurinn, Ennþá róttækari og ennþá byltingarsinnaðri kommúnistaflokkurinn eða jafnvel Alþjóðlegi róttæki og byltingarsinnaði kommúnistaflokkurinn. Sumir náðu þó aldrei svo langt að verða aðili að slíkri hreyfingu heldur töldu sig hafa sýnt róttækni í verki með því að fara sjaldan í bað. Afar sjaldan.

**Sverrir Jakobsson – murinn.is**

## Þeir missa þá varla niður um sig

Það virðist því sem það sé verið að bjóða bæði upp á belti og axlabönd fyrir lögregluna í þessum málum. Lögregla hefur nægan tíma að fá upplýsingar um IP tölur frá dómara, án þess að eiga á hættu að verða af einhverjum upplýsingum, þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að upplýsingar verði skráðar í hálft ár. Það hefur ekki verið hægt að benda á eitt einasta dæmi þar sem þarf að hafa hraðari hendur í þessum málum en öðrum málum þar sem þarf að fá dómsúrskurð t.d. til hlerunar eða húsleitar. Hérna er þó allt skráð og auðvelt að skoða á eftir!

**Tómas Hafliðason – frelsi.is**






## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.955 **-0,13%**

**Fjöldi viðskipta:** 249
**Velta:** 2.658 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Bakkavör** | +0,60% | **Síminn** | -2,56% |
| **KB banki** | +0,57% | **Nýherji** | -1,21% |
| **Og fjarskipti** | +0,48 | **Burðarás** | -1,11% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,30 – ... Atorka 5,95 -0,80% ... Bakkavör 33,70 +0,60% ... Burðarás 13,35 -1,10%... FL Group 14,35 -0,40% ... Flaga 5,10 -1,00% ... Íslandsbanki 12,95 -0,40% ... KB banki 525 +0,60% ... Kögun 62,40 – ... Landsbankinn 15,80 -0,60% ... Marel 55,80 -0,20% ... Og fjarskipti 4,17 +0,50% ... Samherji 12,10 – ... Straumur 11,40 -0,40% ... Össur 79,50 -0,60%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Sumarparadís í uppgjöri**

Oft nýta markaðsaðilar tækifærið á uppgjörskynningum til að spyrja ýmissa spurninga. Eftir að Friðrik Jóhannsson, forstjóri Burðaráss, og Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, kynntu niðurstöður fyrsta ársfjórðungs dundi spurningaflóðið á þeim félögum. Meðal annars var spurt um innleyst gengistap upp á hátt í fimm hundruð milljónir en það var sagt mjög dreift. Einnig var óinnleyst gengistap að upphæð um 1.600 milljónir en það má rekja að mestum hluta til eignarhlutarins í Carnegie og Skandia. Einnig var spurt um aukna skuldastöðu en skuldir félagsins hafa aukist úr 28 milljörðum í 45 milljarða á fyrsta ársfjórðungi. Einnig kom fasteignafjárfesting á Spáni dálítið á óvart, nema að frístundaheimili fyrir forríka Íslendinga sé í farvatninu. Alla vega hlýtur Björgólfur Thor að sjá tækifæri með kaupum á sumarhúsasvæði á Spáni.



**Samdráttur í Bretlandi**

Bresk smásala hefur verið að dragast saman að undanförnu. Hækkun fasteignaverðs hefur á undanförnum misserum drifið áfram kaupkraft almennings í Bretlandi. Smásala dróst saman um fimm prósent í Bretlandi í apríl miðað við sama mánuð í fyrra. Meðal þeirra sem hafa birt uppgjör er Somerfield sem Baugur hyggst kaupa ásamt fjárfestum. Uppgjör þess ber merki þessarar þróunar og dróst salan saman. Matvæli verða síst fyrir minnkandi kaupgetu almennings, enda er hin ástæðan fyrir samdrættinum sögð vera harðnandi samkeppni og fara þar stórir keppinautar eins og Tesco fremstir í flokki.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Viðskiptahalli í Bandaríkjunum var 55 milljarðar dala í mars eða yfir 3.500 milljarðar króna. Þetta er mun minni halli en gert hafði verið ráð fyrir. Hefur innflutningur ekki verið minni í einum mánuði í fjögur ár.

Tap **Líftæknisjóðsins** á fyrsta fjórðungi ársins nam 13,7 milljónum króna samanborið við 12,9 milljón króna hagnað á sama tímabili 2004. Innleyst tap tímabilsins var 4,7 milljónir króna samanborið við 5,7 milljón króna tap á sama tíma í fyrra.

**Netia,** fyrirtæki **Björgólfs Thors Björgólfssonar,** hefur frest til mánudags til að ákveða hvort það tekur við leyfi til rekstrar farsímanets fyrir þriðju kynslóð farsíma í Póllandi.

Rannsóknir á nýju hjartalyfi:

# Dregur úr hjartaáföllum

Íslensk erfðagreining (ÍE) og samstarfsaðilar hafa birt niðurstöður prófana á hjartalyfinu DG031 í tímaritinu JAMA, sem bandarísku læknasamtökin gefa út. Niðurstöðurnar sýna meðal annars að hjartalyfið DG031 dregur úr þekktum áhættuþáttum hjá þeim sem hætt er við hjartaáföllum.Niðurstaðan er ekki síður merkileg fyrir þær sakir að hjartalyfið er afrakstur mikilla rannsókna á erfðamenginu og gæti opnað leið að frekari framþróun við lyfjagerð fyrir þá sem haldnir eru einhvers konar erfðagöllum.

Gengi hlutabréfa í deCode genetics, móðurfélagi ÍE, tók stórt stökk upp á við eftir að fréttin birtist og hækkuðu bréfin um sjö prósent. Hluturinn fór yfir átta dali á hlut og hefur því hækkað um 40 prósent frá síðustu mánaðamótum. Gengi bréfa í deCode fór hæst í 9,25 dali á hlut á síðasta ári en lægst fóru þau niður í 5,09. Það vantar því lítið upp á að félagið nái hæsta verði á undanförnu ári. - eþa



**ÍSLENSK ERFÐAGREINING** Vísindamenn frá Íslenskri erfðagreiningu og samstarfsaðilar hafa birt rannsóknir á nýju hjartalyfi í tímariti bandarísku læknasamtakanna. Gengi deCode hefur rokið upp á síðustu dögum.

# Burðarás á landsvæði á Spáni

**Vaxandi áhugi á sumarhúsum.**

Burðarás á 21 prósents hlut í AB Capital ehf. sem er fasteignafélag á Spáni. Kaupverð hlutarins var 12,5 milljónir evra eða um milljarður íslenskra króna. Um er að ræða 190 hektara landsvæði sem stjórnendur Burðaráss segja bjóða upp á mikla möguleika. Landsvæðið er í héraðinu Murcia og er nálægt Mar Menor innhafinu. Áhugi á sumarhúsum á Spáni, sem annað heimili, hefur farið í vöxt.

Á kynningu á uppgjöri Burðaráss kom fram að félagið teldi AB Capital áhugavert fjárfestingarverkefni til lengri eða skemmri tíma. - dh



**SUMARHÚS Á SPÁNI** Annað heimili í suðrænum löndum lokkar.



**JÓN SVEINSSONFORMAÐUR EINKAVÆÐINGARNEFNDAR** Tilboðsgjafar hafa sex daga til að skila inn óbindandi tilboðum í Símann.

# Óbindandi tilboð ekki skilyrði fyrir þátttöku

**Konur í atvinnulífinu bjóða í Símann.**

Þeir sem skila inn óbindandi tilboði í Símann á þriðjudaginn, þegar tilboðsfrestur rennur út, eru ekki endilega þeir einu sem eiga þess kost að skila inn bindandi tilboði á seinna stigi útboðsferlisins, segir Jón Sveinsson formaður einkavæðingarnefndar. Tveir aðilar, sem óska eftir að kaupa meira en fimmtíu prósent hlutafjár samanlagt, geta fengið þriðja aðilann til liðs við. Skiptir þá ekki máli þó að hann hafi ekki tekið þátt í fyrra stigi útboðsins.

Jón segir ekki ljóst hvaða hópar muni vinna saman að kaupum á Símanum. Það þurfi ekki heldur að vera ljóst eftir að fresturinn renni út á þriðjudaginn. Einkavæðingarnefnd yfirfari tilboðin og ákveði hverjir uppfylli skilyrði til að taka þátt í seinna stigi útboðsins. Síðan þurfi þrír óskyldir aðilar að koma sér saman um sameiginlegt tilboð. Ekki sé enn ljóst hvenær þurfi að skila því. Það fari eftir því hversu vel gangi að fara yfir óbindandi tilboðin og þar ráði fjöldinn mestu.

Engum, sem er trúverðugur tilboðsgjafi og tilbúinn að skrifa undir trúnaðarsamning, hefur verið neitað um útboðsgögn Símans, segir Jón.

Að minnsta kosti sjö hópar undirbúa tilboð í Símann. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa fjórar konur úr atvinnulífinu verið að undirbúa boð í Símann. Stefna þær á að kaupa allt að 45 prósenta hlut í samvinnu við erlenda fagfjárfesta. Hefur Áslaug Magnúsdóttir, lögfræðingur og starfsmaður Baugs í Bretlandi, farið fyrir hópnum. Hún mun samt ekki taka sjálf þátt í tilboðinu.

Burðarás hefur líka verið að íhuga tilboð eins og margir aðrir. Friðrik Jóhannsson forstjóri segir félagið í góðri stöðu til að skuldsetja sig og kaupa hlut í Símanum. Hann vildi þó ekki staðfesta að það stæði til og sagði það koma í ljós á þriðjudaginn. – bg




| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 4.22 | 13.24 | 22.28 |
| AKUREYRI 3.50 | 13.09 | 22.31 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## heimili o.fl.

Skúringarnar verða leikur einn

BLS. 3



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

*Góðan dag!*

Í dag er fimmtudagur 12. maí, 132. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**


- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar


SMÁAUGLÝSINGAR Á 995 KR.

ÞÚ GETUR PANTAÐ ÞÆR Á visir.is

vísir

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



Freyja sér svo sannarlega ekki eftir því að hafa skipt á gallabuxunum og leðurjakkanum sem er í algjöru uppáhaldi.

# Fékk uppáhaldsflíkina í skiptum

***Freyja Valsdóttir, barþjónn á Kaffibrennslunni, á nóg af fötum en kaupir oftast notuð föt í Spútnik, Rauða kross-búðinni og Kolaportinu þar sem hægt er að gera kjarakaup.***

„Sú flík sem er í algjöru uppáhaldi hjá mér er svarti leðurjakkinn minn. Vinkona mín átti hann og ég var búin að hafa augastað á honum lengi. Ég fékk hann stundum lánaðan og langaði voðalega mikið í hann. Síðan sá hún rifnar gallabuxur heima hjá mér og stakk upp á því að við myndum skipta á jakkanum og buxunum, sem ég hafði fengið í gjöf, en mér þótti ekkert sérstaklega vænt um buxurnar. Ég sagði auðvitað hátt og snjallt „já“ og sé aldeilis ekki eftir því,“ segir Freyja sem er gjörsamlega ástfangin upp fyrir haus af jakkanum.

„Ég get notað hann við allt og hann fer aldrei úr tísku. Ég nota hann bæði fínt og hversdags en ég forðast samt að nota hann þegar er mjög kalt úti,“ segir Freyja hlæjandi en það sést varla á jakkanum þó að hann sé mikið notaður. „Hann er allavega eins eða tveggja ára og hann eyðist ekkert.“

Aðspurð um hvort ekta leður sé í jakkanum er Freyja ekki alveg viss. „Mér finnst ekki líklegt að hann sé úr ekta leðri. Þá held ég að vinkona mín hefði aldrei viljað skipta á honum og rifnu gallabuxunum. En hann er mjög góður jakki miðað við að vera gervi.“

Freyju finnst afar skemmtilegt að leita að fötum í svokölluðum „second-hand“ verslunum. „Ég er algjört „second-hand“-frík. Ég elska Kolaportið og finnst rosalega gaman að fara þangað um helgar. Þar er hægt að finna fínustu föt fyrir engan pening.“

*lilja@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU *í ferðum*

**Sólin** bíður þeirra sem stökkva til Rimini 26. maí með Heimsferðum. Rimini er vinsælasti sumarleyfisstaður Ítalíu. Hægt er að skoða þetta tilboð á heimasíðu Heimsferða.

**Fótboltaáhugamenn** þurfa ekki að örvænta því nú eru fáanlegir aukamiðar á úrslitaleik Meistaradeildarinnar, viðureign Liverpool og AC Milan, sem fram fer í Istanbul í Tyrklandi 25. maí nk. Ferðin stendur í 5 daga og verður haldið til London 22. maí og þaðan til Tyrklands 2 dögum síðar. ÍT-ferðir skipuleggja þessa ferð.



**Hvannadalshnúkur** er áfangastaður Ferðafélags Íslands um hvítaunnuhelgina. Hópurinn kemur saman í Skaftafelli annað kvöld og síðan verður gengið á Hnjúkinn á laugardag – en á sunnudag til vara. Gangan tekur á bilinu 10 til 15 stundir.

*ferdir@frettabladid.is*

**TILBOÐ**

***Empress Queen size dýna***

*Frábær dýna sem veitir góðan stuðning*

Listaverð kr. 94.900

**Tilboðsverð kr. 75.900** stgr.

Innifalið í verði dýna, boxdýna og undirstöður



LÍNAN HÚSGÖGN

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is



**Þrif á gólfum**
Besta leiðin til að viðhalda hreinum gólfum er að ryksuga þau annan hvern dag eða rykmoppa. Skúra þarf gólfin í það minnsta einu sinni í viku en eldhúsgólf þarf að þrífa oftar.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nanna Guðbergsdóttir lætur sér líða vel með kaffibollann heima í stofu.

# Líður best í stofunni heima

***Nanna Guðbergsdóttir drakk ekki kaffi fyrir nokkrum árum síðan en rekur nú kaffihús og veit fátt betra en að koma sér vel fyrir í stofunni heima með gott kaffi í bolla.***

„Mér finnst best að vera í stofunni, en þar finnst mér gott að setjast með kaffibollann minn og þangað býð ég gestum mínum,“ segir Nanna Guðbergsdóttir eigandi kaffihússins Segafredo á Lækjartorgi sem gerðist svo frægt á dögunum að taka af skarið með því að verða reyklaust kaffihús. „Stofan mín er hlýleg og kósí og ég loka sjónvarpið inni í skáp því ég vil ekki sjá það ef það er ekki verið að horfa á það,“ segir Nanna og hlær.

Hún segist ekki hafa drukkið kaffi áður en hún opnaði kaffihúsið sitt en sé núna forfallin kaffimanneskja og er með flotta kaffivél heima sem býr til allskyns kaffidrykki.

„Ég á svo sem ekkert sérstakt sparistell sem ég nota fyrir gestina, á bara eitt sem er bæði fínt og hversdagslegt og finnst það betra en að eiga stell inn í skáp sem er bara dregið fram nokkrum sinnum á ári,“ segir Nanna. Gestum sínum býður hún gjarnan upp á meðlæti með kaffinu og hún er dugleg við að baka pönnukökur og vöfflur. „Ég er orðin svo mikil mamma og finnst gaman að baka með dætrum mínum,“ segir Nanna brosandi. En þegar hún er ein leggst hún upp í sófa og kúrir yfir góðum þýskum tímaritum. „Ég bjó svo lengi í Þýskalandi að mér finnst gaman að glugga í þessi blöð og láta fara vel um mig, með kaffibollann að sjálfsögðu,“ segir Nanna og hlær.

kristineva@frettabladid.is

# Skúringarnar verða leikur einn og óþarfi að nota fötu

***Moppuskaftið gerir skúringafötuna óþarfa.***

Skúringar eru ekki þekktar fyrir afþreyingargildi sitt. Sannast sagna eru þær eiginlega sorglega leiðinlegur þáttur í þrifum híbýla. Það er því ánægjulegt að rekast á nýjungar sem létta þetta verk. Moppuskaftið er ein slík. Moppuskaftið gerir nefnilega allt stúss með skúringarfötuna óþarft þegar þessi reglubundnu léttari þrif standa fyrir dyrum.

Þannig er nefnilega mál með vexti að í laufléttt álskaftinu komast 450 ml af sápuvatni, sem er um það bil það magn sem þarf til þess að þrífa eina meðalstóra íbúð. Með því að þrýsta á hnapp efst á skaftinu sprautast sápuvatnið jafnt fyrir framan moppuna sem er tilbúin til notkunar. Moppan sjálf er 45 cm breið örtrefjamoppa (micro), en örtrefjamoppur hafa fyrir löngu sannað gildi sitt umfram aðrar tegundir trefja þegar þrif eru annars vegar. Lagið á moppunni er nokkuð þægilegt, nær vel í öll horn, vinnur vel á óhreinindum og gólfið er fljótt að þorna. Moppuskaftið, þessi hentuga nýjung í ræstingum, fæst hjá Ræstivörum ehf. í Stangarhyl 4. ■



Moppan tekur nægilegt vatn til að skúra meðalstóra íbúð.



## Seljum, gefum og hendum

ÞEGAR HÚSNÆÐI ER SETT Á SÖLU ER ÝMISLEGT SEM ÞARF AÐ GERA HEIMA FYRIR TIL AÐ VÆNTANLEGIR KAUPENDUR KUNNI AÐ META EIGNINA.

Í fyrsta lagi eru væntanlegir flutningar rétta tækifærið til að losa sig við ónýtu garðhúsgögnin, úreltu tímaritin að ekki sé minnst á allar tómu krukkurnar sem safnast hafa upp í skápunum.
Ef mikið er af myndum og skrautmunum uppi við er ráð að pakka hluta af því niður.
Hafið eldhúsið eins snyrtilegt og kostur er, hreinsið það af öllu nema nauðsynlegustu áhöldum. Hafið ferskt grænmeti og ávexti í körfum þegar von er á fólki til að skoða. Bökunarlykt svínvirkar líka! Fínt er að pakka niður hluta af því sem er í fullum skápum svo þeir sýnist rúmgóðir.
Gleymið ekki bílskúrnum, kjallaranum og háaloftinu, þetta eru hlutar hússins sem væntanlegir kaupendur vilja sjá. Hvað á svo að gera við allt dótið sem þarf að fjarlægja? Sumt ætti að selja, annað að gefa og ýmsu að henda. Leigið geymslupláss eða nýtið ykkur góðviljaða ættingja og vini.

## Dönsk hönnun fyrir heimilið

ROSENDAHL-VÖRUR ERU NÚ TIL SÖLU Í CASA.

Verslunin Casa hefur bætt við vöruúrval sitt og selur nú hinar dönsku Rosendahl-vörur sem rómaðar eru fyrir fallega hönnun. Fyrsta vara Rosendahl-fyrirtækisins var vínstoppari sem náði miklum vinsældum og segir Erik Rosendahl, stofnandi fyrirtækisins, að ævintýrið hafi byrjað með honum. Í dag framleiðir fyrirtækið fjöldann allan af spennandi hönnunarvörum fyrir heimilið og einnig fylgihluti og úr.
Rosendahl-vörurnar eru ef til vill fyrst og fremst þekktar sem gjafavörur og fást víða um heim í verslunum sem sérhæfa sig í hönnun.



Hnífar frá Rosendahl.




Stigar, allar gerðir
Innihurðir
Parket
Verkstæðisþjónusta
Trésmíði og lökkun
Imex ehf.
Lynghálsi 3
Árbæjarhverfi
Sími 567 1300
www.imex.is



Gjafadagar í DUKA
Brúðargjafir, útskriftargjafir, skírnargjafir, tækifærisgjafir,
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322

EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380

GJAFADAGAR
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DÚKUM
BORD FYRIR TVO
KRINGLAN



SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR
Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.
Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

# Hönnuður og smiður af guðs náð

*Hönnuðurinn Chuck Mack er með sýningu á verkum sínum í glugganum hjá Sævari Karli þessa dagana en hann hannaði meðal annars hinn þekkta stól Gíraffann.*

„Þetta eru allt verk sem ég hannaði fyrir sýningu í Stokkhólmi fyrr á þessu ári, og eru þetta einu eintökin sem til eru," segir Chuck Mack hönnuður sem er einna þekktastur fyrir hönnun sína á stólnum Gíraffinn.

Chuck er búsettur hér á landi en hann er hálfíslenskur og ílengdist hér á landi eftir verkefni sem hann kom hingað til að vinna. „Ég starfaði áður í Bandaríkjunum við hönnun og var þá mest í því að hanna einstaka hluti fyrir viðskiptavini. En samkeppnin er þar mikil þótt ekki sé erfitt að hafa næga vinnu við fagið," segir Chuck. Á Íslandi segir hann hlutina vera öðruvísi þar sem markaðurinn sé lítill en hann fer gjarnan til útlanda þar sem hann sýnir verk sín og reynir að koma þeim í framleiðslu. „Stóllinn Wing er að fara í framleiðslu í Bandaríkjunum fljótlega og bind ég vonir við hann," segir Chuck.

Hann er sjálfmenntaður hönnuður en hann hannar ekki bara hlutina sjálfur heldur smíðar hann þá einnig. „Mesta ánægjan felst í því þegar allt gengur upp og ég er með fallegan hlut í höndunum sem virkar," segir Chuck.

Áhugasamir geta skoðað hönnun Chuck Mack á vefsíðunni www.chuckmackdesign.com ■

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Verk eftir hönnuðinn Chuck Mack eru til sýnis í glugganum hjá Sævari Karli.



No. 9 Gallery Bench eftir Chuck Mack.



Borðið Spider eftir Chuck Mack.

## [ HÚSRÁÐ ]



## Spagettí fyrir eldspýtu

Vandamál getur komið upp ef kveikja á á mörgum kertum í einu og aðeins einn eldspýtustokkur við höndina. Fingurgómarnir geta brunnið og leiðinlegt er að kveikja sífellt á nýrri og nýrri eldspýtu. Ráð við þessu er að nota ósoðið spagettí, en hægt er að stinga endanum í loga og eldurinn lifir á spagettílengjunni nægilega lengi til að kveikja á öllum kertunum. Ódýr og einföld lausn og engin þarf að óttast brennda fingurgóma.




























## Ferðataska

Gott er að yfirfara ferðatöskuna tímanlega áður en lagt er í hann. Rennilásinn getur verið bilaður eða einhvers staðar komið gat og hætta á því að taskan rifni upp á ferðalaginu. Oft getur verið einfalt að gera við töskuna sjálfur eða fara með hana í viðgerð.




!
90,9
MARKAÐURINN
Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30








Opel Corsa eða sambærilegur
Vika á Ítalíu
14.300* kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð á viku miðað við 14 daga leigu.
1000 Vildarpunktar til 12. mars
50 50 600
Hertz
hertzerlendis@hertz.is



Bandaríkjaferðir á frábæru verði


Netsmellur til USA
Verð frá 37.900 kr.*
*Innifalið: Flug, flugvallarskattar og eldsneytisgjald
Bókaðu á www.icelandair.is
ICELANDAIR
www.icelandair.is




MYND: GUÐMUNDUR

Hópur í Almenningsskarði.

# Fjallgöngur hafa aldrei verið vinsælli

***Fólk gengur á fjöll af ýmsum hvötum, svo sem til að kynnast landinu, njóta óspilltrar náttúru, efla hreysti sína og slá persónuleg met. Eitt er víst, gönguferðir um firnindi Íslands hafa aldrei verið vinsælli.***

„Fjallgöngur eru greinilega í tísku en þegar maður var að byrja að ganga á fjöll um 1980 þá var maður álitinn skrýtinn,“ rifjar Guðmundur J. Hallvarðsson tónlistarmaður upp. Hann segir gönguferðir reyndar hafa átt vaxandi fylgi að fagna í dálítinn tíma og margt blandist inn í það, til dæmis heilsuefling og annað slíkt. Uppselt er í margar gönguferðir sumarsins og um hundrað manns ætla að ganga á Hvannadalshnjúk nú um hvítasunnuna.

„Það er einhver rómantík í því að komast á hæsta tind landsins. Þar vilja allir standa,“ segir Guðmundur þegar hann er spurður álits á þessum mikla áhuga. Hann dregur reyndar í efa að allir séu nógu vel undirbúnir undir jökulgönguna enda sé hún frekar erfið. En telur hann að fólk upplifi gönguferðir um landið á annan hátt en áður og þar sé einhver rómantík í spilinu?

„Ég held það sé dálítið misjafnt. Sumir fara í göngur til að kynnast landinu, virða fyrir sér útsýnið og spá kannski í jarðfræðina og söguna. Nokkurs konar landkönnuðarferðir. Svo fer fólk á fjöll sem leggur allt kapp á að komast nógu hratt. Þannig að segja má að sportið sé komið inn í þetta.

Vegalengd sem venjulega er farin á þremur til fjórum dögum er þá farin kannski á fimm tímum. Umhverfis- og náttúruvernd spilar líka inn í þennan aukna áhuga. Þannig að það er engin ein lína í þessu.“

Guðmundur hefur verið fararstjóri hópa á vegum Ferðafélags Íslands um Hornstrandarsvæðið frá 1990.

Hann segir allar Hornstrandaferðir hjá Ferðafélaginu í sumar hafa selst upp og tvær aukaferðir verið settar á dagskrá.

*gun@frettabladid.is*



MYND: GUÐMUNDUR

Mörgum þykir gaman að ganga á Hornstrandir og líta þar bæði ósnortið land og mannvistarleifar. Hér eru leifar síldarverksmiðju á Hesteyri í Jökulfjörðum.



MYND: HARI

Jöklaferðir heilla marga en jökullinn er ekki alltaf bara hvítur og sléttur.

## Taskan þarf ekki að vera ónýt

**Hægt að lengja líf ferðatöskunnar með viðgerð.**

Með hækkandi sól fara sumarfríin að knýja dyra og tími ferðalaganna hefst. Ferðatöskur eru órjúfanlegur þáttur í þeirri útgerð og hafa margar þeirra lagt langan veg að baki og að auki verið fleygt, kastað, skellt, troðið og staflað. Hér áður fyrr voru þessir gripir að jafnaði úr leðri og oft hin mesta listasmíð sem gekk mann fram af manni. Undanfarna áratugi hafa gerviefni leyst leður og vaxdúk af hólmi og verð og gæði á töskum hefur sjálfsagt lækkað í samræmi við afköst fjöldaframleiðslunnar. Þessir gripir þurfa oft að þola óblíða meðferð og það er sennilega martröð hvers ferðamanns að sjá nærföt sín og sökkaplögg ferðast á bandinu innan um aðrar fatahrúgur 10 metrum á undan opinni töskunni sjálfri eftir ótímabært lásaslys!



Ef svo illa vill til að ferðataskan þín er kominn á síðasta snúning, má hugsanlega lengja lífdaga hennar með því að fara með hana í viðgerð. Þeir aðilar sem sérhæfa sig í viðgerðum á ferðatöskum eru meðal annara Skóarinn, Reykjavíkurvegi 68 í Hafnarfirði og Töskuviðgerðin ehf. í Ármúla 34. Þar er hægt að laga skemmd hjól, rennilása, handföng, læsingar og fleira sem gerir ferðatösku að ferðatösku.



Dómkirkja heilags Vitusar í Prag er mikilfengleg og allir gestir borgarinnar ættu að koma þar við.

## Rómantískasta borg Evrópu?

PRAG VERÐUR STÖÐUGT VINSÆLLI ÁFANGASTAÐUR FERÐAMANNA.

Prag er ein af fegurstu borgum heims og sækir fast að París sem rómantískasta borg Evrópu. Mörg lággjaldaflugfélög fljúga til Prag frá áfangastöðum íslensku flugfélaganna svo að með smá skipulagningu er auðvelt að komast til Prag og njóta töfra þessarar sögufrægu borgar. En hvað er hægt að gera þar?

1. Rölta rólega um forn, steinlögð stræti í gamla bænum (Staré Mesto) og breiðgöturnar í nýja bænum (Nove Mesto), áhyggjulaus og alsæl/l.
2. Fá sér góðan kaffibolla og horfa á fólkið á einu af torgunum í Prag eins og Starometské, Námestl eða Wenceslas.
3. Fara á vit fortíðar og skoða dómkirkju heilags Vitusar, stærstu og mikilfenglegustu kirkju landsins.
4. Gera góð kaup á útimörkuðum eða í verslunarmiðstöðvum.
5. Ganga um sólarlagsbil yfir Karlsbrú og kíkja inn á einhvern fjölmargra veitingastaða meðfram Vltava-ánni þar sem gjarnan er leikin tónlist.

Best er að heimsækja Prag í maí, júní eða september því þar getur orðið ansi heitt um hásumarið.



Sigríður Jónsdóttir, varaforseti ÍSÍ, er staðráðin í því að fara aftur til Ástralíu.

# Í Ástralíu er súkkulaði líka matur

SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR FÓR Á ÓLYMPÍULEIKANA Í SIDNEY OG SÁ ÝMIS STÖKK EN ENGAR KENGÚRUR.

Sigríður Jónsdóttir, varaforseti Íþróttasambands Íslands, á erfitt með að gera upp á milli skemmtilegra ferðalaga sem hún hefur farið í. Hún hefur farið til Indlands, margar ólíkar ferðir um Bandaríkin og þekkir Þýskaland einkar vel þar sem hún var í námi í Hamborg í tíu ár. Ein minnisstæðasta ferðin var þó á Ólympíuleikana í Ástralíu árið 2000. „Ég hafði aldrei farið á Ólympíuleika áður svo að þegar mér stóð til boða að fara til Sidney í eina viku að fylgjast með sló ég strax til þrátt fyrir langt ferðalag fyrir stutta dvöl. Mér er það minnisstætt þegar ég kom til landsins að ég var spurð af tollayfirvöldum hvort ég væri með mat með mér. Ég harðneitaði því en tollarinn gróf Snickers-poka upp úr töskunni minni og leit ásakandi á mig. Mér fannst ég alls ekki hafa gert neitt af mér en hann bað mig að muna það að í Ástralíu væri súkkulaði líka matur. Ég tók svo eftir því að á flugvellinum voru hundar sem voru ekki að leita að eiturlyfjum heldur mat og þótti það heldur skrítið. En Ástralir vilja auðvitað allt til þess vinna að varðveita sitt sérstaka dýralíf."

Það er draumur hvers íþróttamanns að komast á Ólympíuleika og Sigríður var þar engin undantekning. „Stemmningin var alveg gríðarlega góð, sérstaklega vegna þess að allar keppnirnar fóru fram á einu svæði en var ekki dreift yfir nokkra staði eins og oftast er. Við áttum marga góða fulltrúa á þessum Ólympíuleikum, Örn Arnarson sundmann, Guðrúnu Arnardóttur spretthlaupara og Völu Flosadóttur stangarstökkskonu. Ég gat fylgst með þeim öllum því að þetta var allt á sama svæðinu. Ég er badmintonkona og náði líka að fylgjast með leikum þar. Allt skipulag var til fyrirmyndar og það var með ólíkindum hvað það tók stutta stund að ferja 200.000 áhorfendur heim á hverju kvöldi."

Sigríður náði lítið að skoða sig um í Ástralíu og sá engar kengúrur. „En ég er staðráðin í því að heimsækja Ástralíu aftur og þá bara sem ferðamaður. Og þá ætla ég að taka mér góðan tíma."



Hreðavatnsskáli á sér langa sögu og merka. Hann er enn viðkomustaður margra

## Alltaf í alfaraleið

**Hreðavatnsskáli í Borgarfirði hefur löngum verið vinsæll áningarstaður þeirra sem leið eiga um Norðurárdal.**

Nýir eigendur hafa tekið við rekstrinum í Hreðavatnsskála. Það eru þau Sigrún Margrét Pétursdóttir og Þorvaldur Egilson.

Því er nýr matseðill í uppsiglingu í skálanum. Þar eru hefðbundnir vegasjoppuréttir eins og hamborgarar og samlokur og auk þess er þar ávallt boðið uppá rétt dagsins. Eftir klukkan fimm á daginn eru pitsur líka á boðstólum. Veitingasalan er opin fram til 21-22 á kvöldin og skálinn með sjoppunni og öllu sem henni fylgir er opinn fram til klukkan 23 yfir hásumarið.

www.plusferdir.is

NET plus

Feneyska Rivieran 1. júní, 6. júlí og 17. ágúst
Verð frá 46.620 kr.*
á Res Madrid í 7 nætur.
63.620 kr. ef 2 ferðast saman.

Costa del Sol 9. júní, 7. júlí og 18. ágúst
Verð frá 39.560 kr.*
á Santa Clara í 7 nætur.
49.830 kr. ef 2 ferðast saman.

Mallorca 1. júní, 13. júlí og 10. ágúst
Verð frá 34.930 kr.*
á Pil Lari Playa í 7 nætur.
46.730 kr. ef 2 ferðast saman.

Portúgal 13. júní, 11. júlí og 1. ágúst
Verð frá 35.800 kr.*
á Elimar í 7 nætur.
48.200 kr. ef 2 ferðast saman.

Innifalið er flug, gisting, fararstjórn erlendis og flugvallarskattar.
*Verðdæmi miðast við að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja - 11 ára, ferðist saman.

VISA

plús FERÐIR

Hlíðasmára 15 • 201 Kópavogur • Sími 535 2100 • www.plusferdir.is

Efri-Vík



1.4GHz Intel Celeron Centrino örgjörvi 256MB minni • 40GB harðdiskur Combo drif • 15" XGA 1024x768 skjár Intel Extreme Graphics II skjákort Windows XP Pro á íslensku eða ensku

**VERÐ 89.900**

## HP NX6110-2

FÁÐU hp Á BETRA VERÐI

VL12 * Samtals kr. 124.114 9.992

1.6GHz Pentium M Dothan með 2MB cache • 512MB minni • 40GB harðdiskur • Combo drif • 15" XGA skjár • Intel Extreme II skjákort Windows XP Pro á íslensku eða ensku

**VERÐ 119.900**

## HP NX6110-3

FÁÐU hp Á BETRA VERÐI

VL12 * Samtals kr. 139.642 11.242

1.73GHz Pentium M Dothan með 2MB cache • 512MB minni • 60GB harðdiskur • Combo drif • 15" XGA skjár • Intel Extreme II skjákort Windows XP Pro á íslensku eða ensku

**VERÐ 134.900**

VISA OG EURO RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 36 MÁNAÐA • ÖLL VERÐ OG UPPLÝSINGAR BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR

**Sony Vaio B1VP** — 2 stk

VL12 * Samtals kr. 134.466 10.825

1.6 GHz Pentium M Dothan, 512 MB minni, 40 GB Harðdiskur, Combo drif, 14" XGA skjár Intel Extreme II skjákort, módem, netkort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

**129.900**

**Apple iBook G4 1GHz** — 1 stk

VL12 * Samtals kr. 134.466 10.825

1.0 GHz PowerPC G4, 256MB minni, 40 GB harðdiskur,skrifari og DVD drif, 12,1"XGA skjár, ATI Radeon 9200 skjárkort, módem, netkort, þráðlaust net,aðeins 2,7kg og mac OS X stýrikerfi

**129.900**

**IBM ThinkPad T42** — 1 stk

VL12 * Samtals kr. 134.466 10.825

1.5 GHz Pentium M Centrino, 256MB minni, 30GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 14" XGA skjár, ATI Radeon 7500 skjákort, netkort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

**129.900**

**IBM ThinkPad T42** — 1 stk

VL12 * Samtals kr. 165.520 14.325

1.7 GHz Pentium M Dothan, 512 MB minni, 40GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 15" XGA skjár, ATI Radeon 7500 skjákort, netkort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

**159.900**

MasterCard VISA

*Vaxtalaus tilboð eru miðuð við 12, 15 eða 18 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem dreifist jafnt yfir samningstímann.

# TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

**REYKJAVÍK** Nóatúni 17 Sími 562 6730

**AKUREYRI** Glerárgötu 36 Sími 464 7400

**KEFLAVÍK** Hafnargötu 90 Sími 534 7400

## 10. SÆTI GRINDAVÍK

| | |
|---|---|
| Stofnað: | 1935 |
| **Íslandsmeistarar:** | **Aldrei** |
| Bikarmeistarar: | Aldrei |
| **Deildabikarmeistarar:** | **1 sinni** |
| Í efstu deild síðan: | 1995 |
| **Á topp 3 síðasta áratug:** | **2 sinnum** |
| Þjálfari: | Milan Stefán Jankovic |
| **Fyrirliði:** | **Óli Stefán Flóventsson** |

### HEIMALEIKIR SUMARSINS:

| | |
|---|---|
| Sun. 22. maí (14.00) | FH |
| **Mán. 30. maí (19.15)** | **ÍBV** |
| Fim. 16. júní (19.15) | KR |
| **Sun. 26. júní (19.15)** | **Þróttur** |
| Þri. 12. júlí (19.15) | Valur |
| **Þri. 26. júlí (19.15)** | **ÍA** |
| Sun. 14. ágúst (18.00) | Fylkir |
| **Sun. 28. ágúst (18.00)** | **Fram** |
| Lau. 17. september (14.00) | Keflavík |

### *Leikmenn Grindavíkur*

**MARKIÐ**

| | |
|---|---|
| **1. Boban Savic (26 ára) *** | **Nýliði** |
| **12. Helgi Már Helgason (22)** | **7 leikir** |
| **13. Hjörtur Pálsson (18)** | **1** |

**VÖRNIN**

| | |
|---|---|
| 3. Ray Anthony Jónss. (26) | 80/4 mörk |
| **5. Andri Albertsson (25) *** | **8** |
| 6. Óðinn Árnason (26) | 49 |
| **7. Óli Stefán Flóventsson (30)** | **152/26** |
| 9. Sinisa Valdimar Kekic (36) | 139/38 |
| **19. Guðmundur A. Bjarnason (23)** | **49/4** |

**MIÐJAN**

| | |
|---|---|
| 8. Ian Paul McShane (27) | 107/12 |
| **10. Eysteinn Húni Hauksson (31)** | **134/14** |
| 16. Jóhann Aðalgeirsson (25) | 22 |
| **20. Óskar Hauksson (21)** | **16/4** |
| 22. Eyþór Atli Einarsson (22) | 31/1 |
| **27. Hafsteinn Rúnarsson (22) *** | **3** |

**SÓKNIN**

| | |
|---|---|
| 18. Sveinn Þór Steingrímsson (20) | 6 |
| **23. Magnús Þorsteinsson (23) *** | **56/5** |
| 25. Alfreð Jóhannsson (29) | 30/5 |
| **26. Páll Guðmundsson (19)** | **Nýliði** |

*** = Nýr leikmaður hjá liðinu**

**FARNIR:**

| | |
|---|---|
| GRÉTAR HJARTASON | KR |
| **MOMIR MILETA** | **KEFLAVÍK** |
| ALBERT SÆVARSSON | FÆREYJAR |
| **GESTUR GYLFASON** | **KEFLAVÍK** |
| ORRI FREYR HJALTALÍN | MEIDDUR |

## 9. SÆTI ÍBV

| | |
|---|---|
| Stofnað: | 1945 (sem KV) |
| **Íslandsmeistarar:** | **3 sinnum** |
| Bikarmeistarar: | 4 sinnum |
| **Deildabikarmeistarar:** | **1 sinni** |
| Í efstu deild síðan: | 1990 |
| **Á topp 3 síðasta áratug:** | **6 sinnum** |
| Þjálfari: | Guðlaugur Baldursson |
| **Fyrirliði:** | **Birkir Kristinsson** |

### HEIMALEIKIR SUMARSINS:

| | |
|---|---|
| Sun. 22. maí (14.00) | Keflavík |
| **Sun. 12. júní (17.00)** | **KR** |
| Fim. 23. júní (19.15) | Valur |
| **Lau. 2. júlí (16.00)** | **Fylkir** |
| Sun. 10. júlí (19.15) | Fram |
| **Sun. 24. júlí (19.15)** | **FH** |
| Sun. 7. ágúst (18.00) | Grindavík |
| **Sun. 21. ágúst (18.00)** | **Þróttur** |
| Sun. 11. september (14.00) | ÍA |

### *Leikmenn ÍBV*

**MARKIÐ**

| | |
|---|---|
| 1. Birkir Kristinsson (41 árs) | 308 leikir |
| **2. Hrafn Davíðsson (21)** | **Nýliði** |
| 25. Guðjón Magnússon (22) | Nýliði |

**VÖRNIN**

| | |
|---|---|
| 5. Einar Hlöðver Sigurðsson (22) | 23 |
| **12. Páll Hjarðar (26)** | **52** |
| 14. Bjarni Geir Viðarss. (26) | 73/6 mörk |
| **17. Adolf Sigurjónsson (20)** | **Nýliði** |
| 20. Bjarni Hólm Aðalsteinss. (21) | 21/1 |
| **22. Hilmar Björnsson (19)** | **Nýliði** |

**MIÐJAN**

| | |
|---|---|
| 4. James Robinson (23) | Nýliði |
| **6. Andri Ólafsson (20)** | **39/1** |
| 7. Atli Jóhannsson (23) | 69/9 |
| **8. Ian Jeffs (23)** | **31/6** |
| 15. Matthew Platt (22) | Nýliði |
| **16. Bjarni Rúnar Einarsson (23)** | **21** |

**SÓKNIN**

| | |
|---|---|
| 9. Pétur Runólfsson (24) | 16 |
| **10. Magnús Már Lúðvíksson (24)** | **17/4** |
| 11. Steingrímur Jóhanness. (32) | 204/76 |
| **13. Sæþór Jóhannesson (22)** | **Nýliði** |

*** = Nýr leikmaður hjá liðinu**

**FARNIR:**

| | |
|---|---|
| BJARNÓLFUR LÁRUSSON | KR |
| **MARK SCHULTE** | **BANDARÍKIN** |
| TRYGGVI BJARNASON | KR |
| **MATT GARNER** | **ENGLAND** |
| EINAR ÞÓR DANÍELSSON | HÆTTUR |
| **JÓN SKAFTASON** | **HÆTTUR** |
| GUNNAR H. ÞORVALDSSON | SVÍÞJÓÐ |

*Landsbankadeildin í knattspyrnu 2005: Fréttablaðið kynnir liðin til leiks*

# Ætla að kveðja með titli

**Besti leikmaður Landsbankadeildarinnar í fyrra, Heimir Guðjónsson, ætlar að leggja skóna á hilluna eftir tímabilið og er staðráðinn í að kveðja með stæl.**

**FÓTBOLTI** Það verður sjónarsviptir af Heimi Guðjónssyni þegar hann leggur skóna á hilluna enda hefur hann verið einn litríkasti karakterinn í boltanum síðustu árin Heimir hefur gengið í gegnum súrt og sætt á sínum ferli og hann var búinn að bíða lengi eftir því að fá að hampa bikarnum eftirsótta þegar FH varð meistari í fyrra.

Heimir og FH mæta til leiks á svolítið öðrum forsendum í ár en áður þar sem þeir þurfa að verja titilinn og það er ætlast til þess að þeir geri það.

„Það er nýtt en á móti kemur að 2003 þá var okkur spáð falli en við enduðum í öðru sæti. Við fylgdum því eftir með stæl og sýndum karakterinn sem býr í þessu liði. Ég kvíði því ekkert að mæta til leiks sem ríkjandi meistari og það er bullandi metnaður í hópnum og ég veit að menn ætla að verja þennan titil,“ sagði Heimir en segja má að FH hafi tekið við kyndlinum af KR en nánast hefur verið ætlast til þess að þeir yrðu meistarar síðustu ár.

„Það getur verið að svo sé en við erum vissulega með sterkan og breiðan mannskap sem getur gert góða hluti. Við erum samt ekkert einir um það enda hafa mörg lið verið að styrkja sig. KR og Valur hafa styrkt sig mikið og eru líkleg til afreka þannig að það verður ekki auðvelt að verja titilinn,“ sagðu Heimir sem neitar því ekki að FH sé einnig orðið ansi vel mannað.

„Við erum kannski með betri mannskap en í fyrra en að má samt ekki gleyma því að það tekur tíma að slípa liðið saman. Við höfum ekki verið að spila eins vel núna og við gerðum á sama tíma í fyrra.“

Það er mikið talað um að þetta verði tveggja liða mót í sumar og að ekkert lið geti barist um titilinn með FH og KR. Heimir er því ósammála.

„Mér finnst alls ekki svona mikill munur á okkur og hinum liðunum. Við höfum til að mynda verið að spila við Val og þeir eru mjög massífir og hafa lagt okkur að velli. Ég hef ekki trú á því að við og KR munum stinga hin liðin af,“ sagði Heimir sem ætlar að leggja skóna á hilluna eftir sumarið eins og áður segir. Ólíkt mörgum öðrum finnst honum tilhugsunin um að hætta ekki vera erfið.

„Það er alveg stórkostleg tilfinning að vita að þessu verður öllu lokið í lok sumars,“ sagði Heimir og hló dátt. Hann hefur aðeins í hyggju að yfirgefa íslenska knattspyrnu á einn hátt.

„Ég vil enda þetta á góðum nótum í sumar og það kemst ekkert annað að en að vinna titilinn aftur með FH. Það er engin spurning að ég ætla að kveðja með titli. Annars hefði ég ekki tekið eitt ár í viðbót,“ sagði Heimir en hann lofaði því að honum myndi ekki snúast hugur færi svo að FH næði ekki takmörkum sínum í sumar. „Ég get alveg lofað fólki því að ég kem ekki aftur. Eini möguleikinn er að það væri í 3. deildinni með góðum félögum. Þá með liði þar sem það væri ekkert æft, aðeins spilað.“

henry@frettabladid.is



**ÆTLAR MAÐURINN ALDREI AÐ HÆTTA** Þetta gæti Willum Þór Þórsson verið að hugsa þegar hann heilsar Heimi GUðjónssyni eftir úrslitaleik Reykjavíkurmótsins.



**FYRIRLIÐARNIR** Hér sjást fyrirliðar liðanna tíu í Landsbankadeild karla í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrirliðar, forráðamenn og þjálfara spáðu fyrir um lokaröðina í deildinni:

# FH spáð titlinum og ÍBV og Grindavík falla

**FÓTBOLTI** Kynningarfundur Landsbankadeildar karla fór fram í Smárabíói í vikunni og þar var kynnt hin árlega spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna félaganna um lokastöðu liðanna.

Íslandsmeisturum FH-inga er spáð sigri í Landsbankadeild karla en þeir fengu 21 stigi meira en KR-ingar en þessi tvö lið eru í nokkrum sérflokki á toppnum.

Það munaði litlu á liðunum Vals, ÍA og Fylkis, sem voru í þremur næstu sætum, Keflavík og Fram ættu að vera nokkuð örugg um miðja deild en fallbaráttan ætti að vera á milli Þróttar og svo ÍBV og Grindavík sem var spáð falli úr deildinni á haustmánuðum.

Í Fréttablaðinu í dag er farið yfir liðin á næstu síðum, þar má finna helstu breytingar auk upplýsinga um heimaleiki og leikmannahóp. Sætið sem hvert lið er í er lokastaða liðsins í spánni á kynningarfundinum.

## 8. SÆTI ÞRÓTTUR

| | |
|---|---|
| Stofnað: | 1949 |
| **Íslandsmeistarar:** | **Aldrei** |
| Bikarmeistarar: | Aldrei |
| **Deildabikarmeistarar:** | **Aldrei** |
| Í efstu deild síðan: | 2005 |
| **Á topp 3 síðasta áratug:** | **Aldrei** |
| Þjálfari: | Ásgeir Elíasson |
| **Fyrirliði:** | **Páll Einarsson** |

### HEIMALEIKIR SUMARSINS:

| | |
|---|---|
| Sun. 22. maí (14.00) | Fylkir |
| **Þri. 31. maí (19.15)** | **Keflavík** |
| Fim. 16. júní (19.15) | ÍBV |
| **Fim. 30. júní (19.15)** | **Valur** |
| Þri. 12. júlí (19.15) | ÍA |
| **Mán. 25. júlí (19.15)** | **Fram** |
| Mán. 15. ágúst (19.15) | FH |
| **Sun. 28. ágúst (19.15)** | **KR** |
| Sun. 11. september (14.00) | Grindavík |

### *Leikmenn Þróttar*

**MARKIÐ**

| | |
|---|---|
| **1. Fjalar Þorgeirsson (28 ára)** | **62 leikir** |
| **25. Andri Fannar Helgason (21)** | **Nýliði** |

**VÖRNIN**

| | |
|---|---|
| 2. Hilmar Ingi Rúnarsson (25) | 8 |
| **4. Ólafur Tryggvason (25)** | **12** |
| 5. Erlingur Guðmundsson (24) | 13 |
| **6. Eysteinn Lárusson (27)** | **18** |
| 13. Jens Sævarsson (25) | 18 |
| **18. Ingvi Sveinsson (26)** | **17** |
| 20. Dusan Jaic (26) * | Nýliði |
| **27. Edilon Hreinsson (27) *** | **33** |

**MIÐJAN**

| | |
|---|---|
| 3. Hallur Hallsson (25) | 14 |
| **7. Friðrik Karlsson (26)** | **75/3 mörk** |
| 8. Páll Einarsson (33) | 35/4 |
| **10. Daníel Hafliðason (25)** | **7/2** |
| 14. Halldór Hilmisson (28) | 45/2 |
| **15. Kristinn Hafliðason (30)*** | **132/10** |
| 19. Guðfinnur Ómarsson (23) | 16 |
| **21. Gauti Kristjánsson (20)** | **Nýliði** |
| 24. Ari Gíslason (20) | Nýliði |

**SÓKNIN**

| | |
|---|---|
| 9. Henning Jónasson (22) | 2 |
| **11. Sævar Eyjólfsson (27) *** | **Nýliði** |
| 17. Jozef Maruniak (30) * | Nýliði |
| **22. Davíð Logi Gunnarsson (28)** | **Nýliði** |
| 23. Haukur Páll Sigurðsson (18) | Nýliði |

*** = Nýr leikmaður hjá liðinu**

**FARNIR:**

| | |
|---|---|
| SÖREN HERMANSEN | DANMÖRK |
| **HJÁLMAR ÞÓRARINSSON** | **SKOTLAND** |

## 7. SÆTI FRAM

| | |
|---|---|
| Stofnað: | 1908 |
| **Íslandsmeistarar:** | **18 sinnum** |
| Bikarmeistarar: | 7 sinnum |
| **Deildabikarmeistarar:** | **Aldrei** |
| Í efstu deild síðan: | 1997 |
| **Á topp 3 síðasta áratug:** | **Aldrei** |
| Þjálfari: | Ólafur H. Kristjánsson |
| **Fyrirliði:** | **Ríkharður Daðason** |

### HEIMALEIKIR SUMARSINS:

| | |
|---|---|
| Mán. 16. maí (17.00) | ÍBV |
| **Fös. 27. maí (20.00)** | **Þróttur** |
| Lau. 11. júní (14.00) | ÍA |
| **Fim. 23. júní (19.15)** | **Grindavík** |
| Sun. 26. júní (19.15) | Keflavík |
| **Mán. 18. júlí (19.15)** | **KR** |
| Mán. 8. ágúst (19.15) | Valur |
| **Mán. 22. ágúst (19.15)** | **Fylkir** |
| Lau. 17. september (14.00) | FH |

### *Leikmenn Fram*

**MARKIÐ**

| | |
|---|---|
| **1. Gunnar Sigurðsson (30 ára)** | **97 leikir** |

**VÖRNIN**

| | |
|---|---|
| 2. Ross McLynn (25)* | Nýliði |
| **5. Eggert Stefánsson (26)** | **75/1** |
| 8. Gunnar Gunnarsson (20) | 27 |
| **9. Kristófer Sigurgeirsson (33)*** | **120/16** |
| 14. Andrés Jónsson (26) | 38/1 |
| **23. Þórhallur Dan Jóhanns. (33)** | **135/9** |
| 27. Kristján Hauksson (19) | 4 |

**MIÐJAN**

| | |
|---|---|
| 3. Ingvar Ólason (33) | 102/3 |
| **4. Viðar Guðjónsson (25)** | **66/6** |
| 7. Daði Guðmundsson (24) | 75/6 |
| **15. Hans Mathiesen (23)*** | **Nýliði** |
| 16. Heiðar Geir Júlíusson (18) | 16/1 |
| **17. Víðir Leifsson (22)*** | **19** |
| 18. Ómar Hákonarson (24) | 57/3 |
| **20. Kim Norholt (32)*** | **Nýliði** |
| 22. Ívar Björnsson (20)* | Nýliði |

**SÓKNIN**

| | |
|---|---|
| 6. Þorbjörn Atli Sveinsson (28) | 120/31 |
| **10. Andri Steinn Birgisson (22)** | **15** |
| 11. Ríkharður Daðason (33) | 150/58 |
| **21. Andri Fannar Ottósson (23)** | **69/13** |

*** = Nýr leikmaður hjá liðinu**

**FARNIR:**

| | |
|---|---|
| FRÓÐI BENJAMINSEN | FÆREYJAR |
| **HANS FRÓÐI HANSEN** | **BREIÐABLIK** |
| ÞORVALDUR MAKAN | HÆTTUR |
| **RAGNAR ÁRNASON** | **STJARNAN** |
| BJARNI HÓLM AÐALSTEINSS. | ÍBV |



Við styðjum íslenska knattspyrnu með stolti
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 27863 05/05

## 6. SÆTI KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| Stofnað: | 1929 |
| **Íslandsmeistarar:** | **4 sinnum** |
| Bikarmeistarar: | 3 sinnum |
| **Deildabikarmeistarar:** | **Aldrei** |
| Í efstu deild síðan: | 2004 |
| **Á topp 3 síðasta áratug:** | **Aldrei** |
| Þjálfari: | Guðjón Þórðarson |
| **Fyrirliði:** | **Guðmundur Steinarsson** |

### HEIMALEIKIR SUMARSINS:

| | |
|---|---|
| Mán. 16. maí (19.15) | FH |
| **Fim. 26. maí (19.15)** | **KR** |
| Sun. 12. júní (17.00) | Valur |
| **Fim. 23. júní (19.15)** | **Fylkir** |
| Fim. 30. júní (19.15) | Grindavík |
| **Mán. 18. júlí (19.15)** | **ÍBV** |
| Sun. 7. ágúst (18.00) | Þróttur |
| **Sun. 21. ágúst (18.00)** | **ÍA** |
| Sun. 11. september (14.00) | Fram |

### *Leikmenn Keflavíkur*

**MARKIÐ**

| | |
|---|---|
| 1. Ómar Jóhannsson (24) * | 18 leikir |
| **12. Magnús Þormar (21)** | **Nýliði** |

**VÖRNIN**

| | |
|---|---|
| 3. Guðjón Antóníusson (22) | 19 |
| **4. Gestur Gylfason (36) *** | **209/4 mörk** |
| 13. Gunnar H. Kristinsson (22) | Nýliði |
| **14. Þorsteinn Atli Georgsson (19)** | **Nýliði** |
| 15. Michael Johansson (21) * | Nýliði |
| **17. Ásgrímur Albertsson (24) *** | **Nýliði** |
| 19. Ólafur Jón Jónsson (17) | Nýliði |

**MIÐJAN**

| | |
|---|---|
| 2. Bjarni Sæmundsson (30) * | Nýliði |
| **5. Jónas Guðni Sævarsson (22)** | **27/1** |
| 6. Atli Rúnar Hólmbergsson (21)* | Nýliði |
| **7. Hólmar Örn Rúnarsson (23)** | **53/7** |
| 8. Ingvi Rafn Guðmundsson (21) | 13 |
| **11. Baldur Sigurðsson (20) *** | **Nýliði** |
| 21. Scott Ramsey (29) | 98/9 |

**SÓKNIN**

| | |
|---|---|
| 9. Guðmundur Steinarss. (26) | 109/30 |
| **10. Hörður Sveinsson (22)** | **34/7** |

*** = Nýr leikmaður hjá liðinu**

**FARNIR:**

| | |
|---|---|
| HARALDUR GUÐMUNDSS. | NOREGUR |
| **MAGNÚS ÞORSTEINSSON** | **GRINDAVÍK** |
| ÞÓRARINN KRISTJÁNSSON | SKOTLAND |
| **SRETEN DJUROVIC** | **VÖLSUNGUR** |
| ZORAN LJUBICIC | VÖLSUNGUR |
| **STEFÁN GÍSLASON** | **NOREGUR** |
| ÓLAFUR GOTTSKÁLKSSON | HÆTTUR |
| **ÓLAFUR ÍVAR JÓNSSON** | **HÆTTUR** |

## 5. SÆTI FYLKIR

| | |
|---|---|
| Stofnað: | 1967 |
| **Íslandsmeistarar:** | **Aldrei** |
| Bikarmeistarar: | 2 sinnum |
| **Deildabikarmeistarar:** | **Aldrei** |
| Í efstu deild síðan: | 2000 |
| **Á topp 3 síðasta áratug:** | **2 sinnum** |
| Þjálfari: | Þorlákur Árnason |
| **Fyrirliði:** | **Valur Fannar Gíslason** |

### HEIMALEIKIR SUMARSINS:

| | |
|---|---|
| Þri. 17. maí (20.00) | KR |
| **Fim. 26. maí (19.15)** | **Valur** |
| Sun. 12. júní (19.15) | Grindavík |
| **Fim. 16. júní (19.15)** | **Fram** |
| Sun. 26. júní (19.15) | FH |
| **Sun. 17. júlí (19.15)** | **Þróttur** |
| Sun. 7. ágúst (18.00) | ÍA |
| **Þri. 30. ágúst (18.00)** | **Keflavík** |
| Lau. 17. september (14.00) | ÍBV |

### *Leikmenn Fylkis*

**MARKIÐ**

| | |
|---|---|
| 1. Bjarni Þ. Halldórsson (22) | 19 leikir |
| **12. Jóhann Ólafur Sigurðss. (19)** | **Nýliði** |

**VÖRNIN**

| | |
|---|---|
| 2. Ragnar Sigurðsson (19) | 3 |
| **4. Valur Fannar Gíslas. (28)** | **106/4 mörk** |
| 6. Helgi Valur Daníelsson (24) | 50/3 |
| **9. Gunnar Þór Pétursson (33)** | **100/2** |
| 20. Arnar Þór Úlfarsson (25) | 11/1 |
| **25. Kristján Valdimarsson (21)** | **22** |

**MIÐJAN**

| | |
|---|---|
| 3. Guðni Rúnar Helgason (29) | 84/7 |
| **5. Ólafur Ingi Stígsson (30)** | **94/10** |
| 7. Hrafnkell Helgi Helgason (27) | 57/6 |
| **8. Finnur Kolbeinsson (33)** | **128/8** |
| 10. Viktor Bjarki Arnarsson (22) | 15/2 |
| **11. Kjartan Ágúst Breiðdal (19)** | **7/2** |
| 16. Eric Gustafsson (23) | Nýliði |
| **21. Eyjólfur Héðinsson (20)** | **19/1** |

**SÓKNIN**

| | |
|---|---|
| 15. Björn Viðar Ásbjörnsson (24) | 38/9 |
| **19. Sævar Þór Gíslason (30)** | **98/41** |
| 22. Björgólfur Takefusa (25) | 32/17 |
| **24. Albert Brynjar Ingason (19)** | **5** |
| 28. Jón B. Hermannsson (25) | 23/2 |

*** = Nýr leikmaður hjá liðinu**

**FARNIR:**

| | |
|---|---|
| ÞÓRHALLUR DAN JÓHANNSSON | FRAM |
| **ÞORBJÖRN ATLI SVEINSSON** | **FRAM** |
| ÓLAFUR PÁLL SNORRASON | FH |
| **BJÖRGVIN VILHJÁLMSSON** | **VÍKINGUR** |



**MEISTARARNIR FAGNA Í FYRRA** FH-ingar tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn með 2-1 sigri á KA í síðustu umferð en leikurinn fór fram á Akureyrarvelli. Fjölmargir FH-ingar fjölmenntu á völlinn og studdu vel við bakið á sínum mönnum. Þeir fengu líka að snerta á Íslandsbikarnum eftir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Tveir svart-hvítir risar í sérflokki?

**Keppni í Landsbankadeildinni í knattspyrnu hefst um hvítasunnuhelgina. Margir telja að KR-ingar og Íslandsmeistarar FH séu líklegir til að heyja einvígi um meistaratitilinn að þessu sinni.**

**FÓTBOLTI** Nú eru aðeins fjórir dagar í fyrstu leiki Landsbankadeildarinnar í knattspyrnu sem hefst á mánudaginn kemur – annan í hvítasunnu. Það eru spilað þétt fyrstu tvær vikurnar og því mikið undir strax í upphafi mótsins. Fréttablaðið kynnir í dag liðin tíu sem skipa deildina í sumar.

Íslandsmeistarar FH-inga unnu sinn fyrsta stóra titil í fyrra og eru því í þeirri stöðu í fyrsta sinn að mæta í mót sem meistarar. FH-ingar hafa styrkt liðið sitt, fengið meðal annars sterkan danskan miðvallarleikmann og tvo menn heim úr atvinnumennsku, þá Tryggva Guðmundsson og Auðun Helgason. Það er vel hægt að stilla upp tveimur sterkum úrvalsdeildarliðum úr leikmannahópi félagsins í ár. Risinn er vaknaður var mottó síðasta sumars og ef marka má spá spekinganna fyrir sumarið þá verða því tveir risar í deildinni í sumar því annar risi ætlar sér örugglega að standa upp eftir slæmt fall af toppnum síðasta sumar.

### Aðeins tvisvar í neðri hluta

KR-ingar hafa aðeins verið í neðri hlutanum tvisvar sinnum á síðustu 18 sumrum og annað þeirra sumra var í fyrra þegar liðið endaði í sjötta sæti og blandaði sér aldrei í toppbaráttuna. KR-ingar hafa styrkt liðið sitt mikið og ef ekki væri fyrir svipaða liðssöfnum í Krikanum þá væri flestir á því að titilinn væri örugglega á leiðinni í Vesturbæinn í fimmta sinn á sjö árum. Liðið hefur stykt sig mikið með mönnum eins og Grétari Hjartarsyni, Bjarnólfi Lárussyni og Rógva Jacobsen, allt lykilmönnum hjá sínum fyrri félögum, sem segir mönnum það að ekkert annað sé ásættanlegt en að titilinn verði endurheimtur út í KR.

Þegar er litið er yfir hin átta lið deildarinnar þá hefur undirbúningstímabilið verið opið og spennandi og liðin hafa verið að vinna hvert annað á víxl. Það er því margt sem bendir til þess að baráttan gæti orðið jöfn og spennandi um önnur sæti deildarinnar fari svo að svart-hvítu „risarnir“ stingi önnur lið af á toppnum. Flest liðin hafa verið að styrkja sig með erlendum leikmönnum á lokasprettinum sem gerir mótið enn opnara og óútreiknanlegra.

### Nýliðarnir sterkir

Nýliðum Valsmanna er spáð góðu gengi, Willum Þór Þórsson hefur alltaf skilað góðum árangri og titli á sínu fyrsta ári með lið og Valsmenn hafa sankað að sér mörgum góðum leikmönnum. Það er ljóst að Valsmenn ætla sér að verða topplið á ný en Íslandsmeistaratitilinn kom síðast á Hlíðarenda 1987 og liðið hefur ekki verið meðal þeirra þriggja efstu síðustu fimmtán sumur.

Skagamenn hafa orðið fyrir mikllri blóðtöku og nú reynir enn á ný á uppbyggingu Skagamanna sem verða seint vanmetnir þegar kemur að því að skila frá sér efnilegum knattspyrnumönnum. Liðið heldur áfram kjarna sinna reynslumiklu manna sem gæti verið drjúgt en mikið af stöðum liðsins verða skipaðar ungum og óreyndum leikmönnum.

Fylkismenn hafa spilað undir mikillri pressu undanfarin ár en nú er eins og menn séu orðnir þreyttir á því að búast við góðum hlutum í Árbænum einungis til þess að vakna upp við vondan draum eftir Verslunarmannahelgi. Fylkismenn eru með svipað lið og undanfarin sumur og gætu kannski nýtt sér að titlapressunni sé aflétt í bili.

Það er verst fyrir Framara og Fylkismenn að það sé ekki hægt að sameina liðin því Framarar hafa fyrst farið í gang undanfarin sumur í ágúst og september þegar Árbæjarliðið hefur verið að gefa eftir. Framarar hafa bjargað sér frá falli í 18. umferð sex ár í röð og Ólafur H. Kristjánsson mun reyna að beita allri sinni kunnáttu til þess að Safamýrarliðið detti ekki í sama farið enn eitt árið heldur fullnýti sér mannskapinn og komi sér upp töfluna.



**NÝLIÐARNIR STERKIR** Sigurbjörn Hreiðarsson hefur fengið að lyfta nokkrum bikurum á undirbúningstímabilinu og Valsmönnum er spáð góðu gengi.



**KR-INGAR UNNU DEILDABIKARINN** KR-ingar fagna hér sigri í deildabikarnum eftir 3–2 sigur á Þrótturum í hörkuleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Keflvíkingar misstu marga lykilmenn í vetur en fengu kannski stærsta liðstyrkinn í nýjum þjálfara – Guðjóni Þórðarsyni. Guðjón Þórðarson hefur oft búið til sterk lið frá grunni og verkefnið í sumar er ekki af minni gerðinni. Keflvíkingar þurfa á því að halda að ungu mennirnir sem hafa fengið dýrmæta reynslu síðustu ár taki að sér burðarhlutverk í liðinu og að Guðjón finni þann leikstíl sem nær mestu út úr leikmannahópnum.

### Falldraugur aftur í Eyjum

Eyjamenn hafa komið liða mest á óvart undanfarin tvö sumur, enduðu tveimur sætum ofar en þeim var spáð 2003 og börðust um titilinn við FH fram í lokaumferð í fyrra eftir að hafa verið spáð 8. sæti á kynningarfundi fyrir sumarið. Nú hefur liðið misst mjög mikið og mun því reyna á góða gamla Eyjakarakterinn til þess að halda liðinu meðal þeirra bestu. Eyjamenn hafa aðeins einu sinni endað í neðri hlutanum frá 1995 en nú stefnir í að Eyjamenn þurfi að kynnast falldraugnum á ný en hann sást síðast við Eyjar á árunum 1992 til 1994 þegar liðið endaði öll árin í áttunda sætinu og rétt slapp við fall í lokaumferðinni öll árin.

Grindvíkingum er spáð falli af flestum spekingum enda meðal annars búnir að missa aðalsóknarmann sinn til KR. Liðið hefur gengið í gegnum súrt og sætt undanfarin ár en þurfa í sumar að einbeita sér að því að falla ekki úr efstu deild í fyrsta sinn en Grindvíkingar eru eina félagið sem hefur aldrei fallið úr úrvalsdeildinni.

### Draumur Köttaranna

Þróttarar hafa verið að gera fína hluti á undirbúningstímabilinu þrátt fyrir að hafa verið mun rólegri en Valsmenn að styrkja liðið. Þróttarar eru stemmningslið en það gæti samt orðið erfitt að uppfylla draum Köttaranna um að halda liðinu í deildinni í fyrsta sinn síðan eitt litríkasta stuðningsmannafélag landsins var stofnað. Enginn ætti þó að vera svikinn af því að mæta á leiki liðsins, það spilar fínan fótbolta og Köttararar skemmta sér og öðrum á pölllunum.

Landsbankadeildin hefur sýnt það undanfarin sumur að spá spekinganna hefur oftast lítið að segja þegar komið er út á grasið og það verða því örugglega lið sem koma á óvart á komandi tímabili, bæði fyrir slaka sem og óvenju góða frammistöðu. Það eru því örugglega margar ástæður fyrir íslenska knattspyrnuáhugamenn til að bætast í hóp þeirra fjölmörgu áhorfenda sem streyma á völlinn næstu fimm mánuði og upplifa skemmtilegt Íslandsmót.

ooj@frettabladid.is

# 25% afsláttur í Hagkaupum
# af öllum ljósum



Standlampi
7.499 kr
Verð áður 9.999,-



Borðlampi
3.749 kr
Verð áður 4.999,-

Standlampi
5.249 kr
Verð áður 6.999,-



Standlampi
5.999 kr
Verð áður 7.999,-



Borðlampi
1.124 kr
Verð áður 1.499,-

Kúlulampi
749 kr
Verð áður 999,-



Borðlampi
1.499 kr
Verð áður 1.999,-

Borðlampi
2.999 kr
Verð áður 3.999,-



Borðlampi
749 kr
Verð áður 999,-



Borðlampi
1.499 kr
Verð áður 1.999,-



Borðlampi
1.499 kr
Verð áður 1.999,-

Gildir til 23. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

## 4. SÆTI ÍA

| | |
|---|---|
| Stofnað: | 1946 |
| **Íslandsmeistarar:** | **18 sinnum** |
| Bikarmeistarar: | 9 sinnum |
| **Deildabikarmeistarar:** | **3 sinnum** |
| Í efstu deild síðan: | 1992 |
| **Á topp 3 síðasta áratug:** | **7 sinnum** |
| Þjálfari: | Ólafur Þórðarson |
| **Fyrirliði:** | **Gunnlaugur Jónsson** |

### HEIMALEIKIR SUMARSINS:

| | |
|---|---|
| Mán. 16. maí (17.00) | Þróttur |
| **Fim. 26. maí (19.15)** | **Grindavík** |
| Mán. 30. maí (19.15) | Fylkir |
| **Mið. 15. júní (19.15)** | **Keflavík** |
| Mið. 29. júní (19.15) | ÍBV |
| **Sun. 17. júlí (19.15)** | **Valur** |
| Sun. 14. ágúst (18.00) | Fram |
| **Sun. 28. ágúst (18.00)** | **FH** |
| Lau. 17. september (14.00) | KR |

### *Leikmenn ÍA*

**MARKIÐ**

| | |
|---|---|
| 1. Þórður Þórðarson (33) | 158 leikir |
| **12. Páll Gísli Jónsson (22) *** | **1** |

**VÖRNIN**

| | |
|---|---|
| 2. Kristinn Darri Röðulsson (19) * | Nýliði |
| **4. Gunnlaugur Jónsson (31)** | **131/7 mörk** |
| 6. Reynir Leósson (26) | 115/1 |
| **18. Guðjón Heiðar Sveinsson (25)** | **57/6** |
| 22. Hjálmur Dór Hjálmsson (23) | 52/2 |
| **26. Finnbogi Llorens (25) *** | **Nýliði** |

**MIÐJAN**

| | |
|---|---|
| 5. Ellert Jón Björnsson (23) | 56/7 |
| **7. Dean Martin (33) *** | **58/5** |
| 8. Pálmi Haraldsson (31) | 189/9 |
| **11. Kári Steinn Reynisson (31)** | **175/28** |
| 13. Ágúst Ö. Magnússon (19) | 1 |
| **14. Jón Vilhelm Ákason (19)** | **Nýliði** |
| 17. Unnar Örn Valgeirsson (28) | 46/1 |
| **23. Andrés Vilhjálmsson (22)** | **5** |
| 25. Helgi Pétur Magnússon (21) | 17/4 |
| **27. Hafþór Vilhjálmsson (19)** | **Nýliði** |

**SÓKNIN**

| | |
|---|---|
| 9. Hjörtur Júlíus Hjartarson (31) | 87/30 |
| **10. Sigurður R. Eyjólfsson (32) *** | **80/26** |
| 20. Andri Júlíusson (20) | Nýliði |
| **28. Þorsteinn Gíslason (21)** | **8/1** |

*** = Nýr leikmaður hjá liðinu**

**FARNIR:**

| | |
|---|---|
| **GRÉTAR RAFN STEINSSON** | **SVISS** |
| JULIAN JOHNSON | FÆREYJAR |
| **STÉFAN ÞÓR ÞÓRÐARSON** | **SVÍÞJÓÐ** |

## 3. SÆTI VALUR

| | |
|---|---|
| Stofnað: | 1911 |
| **Íslandsmeistarar:** | **19 sinnum** |
| Bikarmeistarar: | 8 sinnum |
| **Deildabikarmeistarar:** | **Aldrei** |
| Í efstu deild síðan: | 2005 |
| **Á topp 3 síðasta áratug:** | **Aldrei** |
| Þjálfari: | Willum Þór Þórsson |
| **Fyrirliði:** | **Sigurbjörn Örn Hreiðarsson** |

### HEIMALEIKIR SUMARSINS:

| | |
|---|---|
| Mán. 16. maí (17.00) | Grindavík |
| **Mán 23. maí (19.15)** | **ÍA** |
| Þri. 31. maí (19.15) | Fram |
| **Mið. 15. júní (19.15)** | **FH** |
| Mán. 27. júní (19.15) | KR |
| **Þri. 26. júlí (19.15)** | **Fylkir** |
| Sun. 14. ágúst (18.00) | Keflavík |
| **Mán. 29. ágúst (18.00)** | **ÍBV** |
| Lau. 17. september (14.00) | Þróttur |

### *Leikmenn Vals*

**MARKIÐ**

| | |
|---|---|
| 1. Kjartan Sturluson (30 ára) * | 89 leikir |
| **12. Kristinn Guðmundsson (25)** | **5** |

**VÖRNIN**

| | |
|---|---|
| 2. Grétar Sigurðsson (23) * | 18/6 mörk |
| **3. Steinþór Gíslason (22) *** | **18/1** |
| 5. Atli Sveinn Þórarinsson (25) * | 17/4 |
| **13. Baldur Þórólfsson (20)** | **Nýliði** |
| 21. Bjarni Ólafur Eiríksson (23) | 35 |
| **24. Baldvin Jón Hallgrímsson (28)** | **6** |
| 26. Benedikt Bóas Hinriksson (24) | Nýliði |

**MIÐJAN**

| | |
|---|---|
| 4. Stefán Helgi Jónsson (25) | 19/2 |
| **6. Sigþór Júlíusson (30) *** | **144/12** |
| 7. Sigurbjörn Hreiðarsson (30) | 134/24 |
| **8. Kristinn Lárusson (32)** | **79/16** |
| 11. Matthías Guðmundsson (25) | 48/6 |
| **16. Baldur Aðalsteinsson (25)** | **67/4** |
| 17. Sigurður Sæberg Þorst. (25) | 40/1 |
| **20. Birkir Már Sævarsson (21)** | **9/0** |
| 22. Jóhann Hreiðarsson (26) | 18/8 |
| **25. Jóhannes Gíslason (23)** | **18/0** |

**SÓKNIN**

| | |
|---|---|
| 9. Garðar Gunnlaugsson (22) | 34/5 |
| **10. Hálfdán Gíslason (26)** | **60/10** |
| 14. Einar Óli Þorvarðarson (20) | Nýliði |
| **18. Árni Ingi Pjetursson (26)** | **25/3** |
| 23. Guðm. Benediktsson (31) * | 147/43 |

*** = Nýr leikmaður hjá liðinu**

**FARNIR:**

| | |
|---|---|
| ÖGMUNDUR RÚNARSSON | FJÖLNIR |



**NÍU SINNUM ÍSLANDSMEISTARI Í EFSTU DEILD Á ÍSLANDI** Sigursteinn Gíslason er sigursælasti leikmaður í 50 ára sögu íslensku deildarkeppninnar en hann varð níu sinnum Íslandsmeistari með ÍA og KR á árunum 1992 til 2003. Hér til hægri sést Sigursteinn með Íslandsbikarinn 1994 og svo á myndinni til vinstri er hann með Íslandsbikarinn árið 2003 þegar hann var að vinna titilinn í níunda sinn.

# Íslenska deildin 50 ára

**Deildarskipting var tekin upp á Íslandi sumarið 1955 og það verða því liðin 50 ár í sumar frá því að efsta deildin varð til.**

**FÓTBOLTI** Þetta er afmælissumar í íslenskri knattspyrnu því 12. júní næstkomandi verða liðin 50 ár síðan að keppni í 1. deild hófst en fyrstu 43 ár Íslandsmótsins hér á landi var mótið spilað í einni deild en það breyttist allt fyrir hálfri öld síðan.

KSÍ ákvað þá á sérstöku aukaþingi í janúarmánuði 1955 að gjörbylta mótafyrirkomulaginu sem hafði verið nánast óbreytt frá því að fyrsta Íslandsmótið fór fram 1912. Um sumarið hófu lið leik í tveimur deildum í fyrsta sinn en sex félög skipuðu efstu deild karla fyrstu þrettán árin. Sjö lið skipuðu deildina 1969, átta lið voru í deildinni á árunum 1970 til 1975, níu lið sumarið 1976 og allt frá árinu 1977 hafa tíu lið keppt um Íslandsmeistaratitilinn ár hvert. Fyrstu fjögur árin var bara leikin einföld umferð en frá og með árinu 1959 hafa liðin í efstu deild leikið tvöfalda umferð, heima og heiman á móti öllum hinum liðum deildarinnar.

### Þróttarar féllu fyrstir

KR-ingar urðu fyrstu Íslandsmeistarar í 1. deild sumarið 1955 en deildina skipuðu þá fimm Reykjavíkurfélög (KR, Valur, Fram, Víkingur og Þróttur) auk Skagamanna sem höfðu orðið meistarar tvö síðustu sumurin fyrir breytinguna. Þróttur rak lestina og varð því fyrsta íslenska félagið sem féll í 2. deild. Það var KR-ingurinn Þorbjörn Friðriksson sem skoraði fyrsta markið í hinni nýju 1. deild en hann skoraði eftir aðeins fjórar mínútur í leik gegn Víkingi sem KR vann 7-0, í honum varð félagi hans í liðinu Hörður Felixson einnig fyrsti leikmaðurinn sem skoraði þrennu. Þetta var reyndar annar leikur mótsins, því Fram og Valur gerðu markalaust jafntefli í fyrsta leik hinnar nýju 1. deildar.

Það hafa alls níu félög orðið Íslandsmeistarar síðan að deildaskiptingin var tekin upp fyrir fimmtíu árum og FH-ingar voru einmitt þeir síðustu til þess að bætast í hópinn þegar þeir tryggðu sér titilinn í fyrsta sinn síðasta haust. Skagamenn hafa unnið titilinn oftast á þessu tímabil eða alls 15 sinnum en KR-ingar koma þeim næstir með tíu Íslandsmeistaratitla.

Það eru örugglega mörg lið tilkölluð þegar spáð er hvert sé sterkasta lið sem hefur spilað í deildarkeppninni á þessum 50 árum. Hér á eftir fara nokkur lið sem gera örugglega tilkall en hér er farið á hlaupum yfir nokkur af frægustu og bestu liðum sem hafa farið mikinn á leið sinni að Íslandsmeistaratitlinum.

### Töpuðu ekki stigi

Eitt af þeim fyrstu til að koma sér á þennan lista var KR-liðið sem setti met sumarið 1959 í fyrsta sinn sem spiluð var tvöföld umferð. KR-ingar unnu þá alla tíu leiki sína með markatölunni 41-6. Lykilmenn liðsins voru menn eins og Þórólfur Beck sem varð markakóngur deildarinnar og Ellert B. Schram. KR-liðið fékk 9 stigum fleiri en næsta lið.

Valsmenn settu einnig met sumarið 1978 þegar þeir urðu fyrsta og eina liðið í sögunni til þess að fara taplausir í gegnum 18 leikja Íslandsmót en liðið vann þá 17 leiki og gerði eitt jafntefli og fékk aðeins átta mörk á sig. Sigurður Haraldsson markvörður liðsins fékk meðal annars ekki á sig mark í 11 leikjum í röð, átta deildarleikjum og þremur bikarleikjum og hélt hreinu í 1095 mínútur.

Skagamenn náðu einnig einstökum árangri á árunum 1983 og 1984 þegar þeir unnu tvöfalt tvö ár í röð, það er unnu bæði Íslandsmótið og bikarkeppnina bæði þessi sumur en það hefur ekkert annað lið afrekað.

Framarar urðu þrisvar sinnum Íslandsmeistarar og þrisvar sinnum bikarmeistarar á árunum 1985 til 1990 og liðið sem vann deildina 1988 vann yfirburðarsigur á mótinu, vann 16 af 18 leikjum og fékk aðeins átta mörk á sig.

Skagamenn unnu Íslandsmótið fimm ár í röð á árunum 1992-1996 og liðið sem vann tvöfalt árið 1993 er örugglega eitt það allra sterkasta en Skagamenn skoruðu þá 62 mörk í leikjunum 18 eða 3,4 að meðaltali í leik. Skagamenn unnu þá 16 af 18 leikjum sumarsins en árið áður varð liðið það fyrsta og eina í sögu tíu liða efstu deildar til þess að verða Íslandsmeistarar sem nýliðar í deildinni.

Síðasta stórliðið í deildinni var örugglega KR-liðið sem varð fjórum sinnum Íslandsmeistari á árunum 1999 til 2003 en með því lék einmitt sigursælasti leikmaður í sögu deildarkeppninnar, Sigursteinn Gíslason.

### Afrek Sigursteins Gíslasonar

Sigursteinn varð Íslandsmeistari í níu skipti frá árinu 1992 til 2003. Hann varð fimm sinum meistari með ÍA á árunum 1992 til 1996 og vann svo fjóra titla með KR á árunum 1999 til 2003.

**ooj@frettabladid.is**

**ÍSLANDSMEISTARAR Í EFSTU DEILD 1955-2004:**

| | |
|---|---|
| ÍA 15 | (síðast árið 2001) |
| **KR 10** | **(2003)** |
| Valur 8 | (1987) |
| **Fram 5** | **(1990)** |
| Keflavík 4 | (1973) |
| **ÍBV 3** | **(1998)** |
| Víkingur 3 | (1991) |
| **KA 1** | **(1989)** |
| FH 1 | (2004) |

Fréttablaðið gefur leikmönnum Landsbankadeildarinnar einkunn frá 1 til 10:

# Allir leikmenn verða metnir í sumar

**FÓTBOLTI** Landsbankadeild karla fer af stað um Hvítasunnuhelgina og eru allir að verða klárir í bátana, bæði leikmenn, þjálfarar sem og íþróttafréttamenn Fréttablaðsins sem verða á öllum völlum í sumar og fjalla ítarlega um allt sem fram fer í Landsbankadeild karla.

Fréttablaðið bætir þjónustu sína við lesendur í ár og munu allir leikmenn Landsbankadeildar karla verða metnir fyrir frammistöðu sína í öllum leikjum sumarsins. Íþróttafréttamenn blaðsins munu gefa leikmönnum einkunn á bilinu 1 til 10 auk þess sem dómarar og leikirnir sjálfur fá einnig einkunn á sama skala.

Leikmenn verða að spila að minnst 20 mínútur til þess að fá einkunn. Ætlunin er að einkunnagjöfin gefi góða mynd af frammistöðu leikmanna í sumar og er stefnan að fylgjast vel með því á síðum blaðsins hvaða leikmenn Landsbankadeildarinnar eru að standa sig best.

Auk þessa mun Fréttablaðið birta ítarlega tölfræði úr öllum leikjum deildarinnar líkt og gert var í fyrrasumar.

## 2. SÆTI KR

| | |
|---|---|
| Stofnað: | 1899 |
| **Íslandsmeistarar:** | **24 sinnum** |
| Bikarmeistarar: | 10 sinnum |
| **Deildabikarmeistarar:** | **3 sinnum** |
| Í efstu deild síðan: | 1979 |
| **Á topp 3 síðasta áratug:** | **7 sinnum** |
| Þjálfari: | Magnús Gylfason |
| **Fyrirliði:** | **Kristján Finnbogason** |

### HEIMALEIKIR SUMARSINS:

| | |
|---|---|
| Sun. 22. maí (19.15) | Fram |
| **Sun. 29. maí (19.15)** | **FH** |
| Fim. 23. júní (19.15) | Þróttur |
| **Fim. 7. júlí (19.15)** | **ÍA** |
| Mán. 11. júlí (19.15) | Fylkir |
| **Sun. 24. júlí (19.15)** | **Keflavík** |
| Sun. 14. ágúst (18.00) | ÍBV |
| **Sun. 21. ágúst (18.00)** | **Grindavík** |
| Lau. 11. september (14.00) | Valur |

### *Leikmenn KR*

**MARKIÐ**

| | |
|---|---|
| 1. Kristján Finnbogas. (34 ára) | 218 leikir |
| **16. Atli Jónasson (17)** | **Nýliði** |

**VÖRNIN**

| | |
|---|---|
| 2. Bjarni Þorsteinsson (29) | 89/5 mörk |
| **3. Tryggvi Bjarnason (22)*** | **47/1** |
| 5. Helmis Matute (24)* | Nýliði |
| **7. Ágúst Þór Gylfason (34)** | **151/31** |
| 13. Gunnar Einarsson (29) | 100/1 |
| **23. Jökull Elísabetarson (21)** | **50** |

**MIÐJAN**

| | |
|---|---|
| 4. Kristinn Magnússon (21) | 18 |
| **6. Bjarnólfur Lárusson (29)*** | **123/17** |
| 9. Sölvi Davíðsson (21) | 18 |
| **10. Sigurvin Ólafsson (29)** | **93/25** |
| 14. Rógvi Jacobsen (26)* | Nýliði |
| **20. Arnljótur Ástvaldsson (22)** | **1** |
| 21. Vigfús Jósepsson (21) | Nýliði |
| **22. Sigmundur Kristjánsson (22)** | **6** |

**SÓKNIN**

| | |
|---|---|
| 8. Garðar Jóhannsson (25) | 28/6 |
| **11. Grétar Hjartarson (28)*** | **80/48** |
| 15. Skúli Jón Friðgeirsson (17) | Nýliði |
| **25. Bjarki Gunnlaugsson (32)** | **80/29** |
| 26. Arnar Gunnlaugsson (32) | 73/49 |
| **27. Gunnar Kristjánsson (18)** | **1** |

*** = Nýr leikmaður hjá liðinu**

**FARNIR:**

| | |
|---|---|
| **KRISTINN HAFLIÐASON** | **ÞRÓTTUR** |
| GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON | VALUR |
| **KJARTAN HENRY FINNBOGAS.** | **SKOTLAND** |
| THEÓDÓR BJARNASON | SKOTLAND |
| **KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON** | **NOREGUR** |
| SIGURÐUR R. EYJÓLFSSON | ÍA |
| **SIGÞÓR JÚLÍUSSON** | **VALUR** |
| PETR PODZEMSKY | BREIÐABLIK |

## 1. SÆTI FH

| | |
|---|---|
| Stofnað: | 1929 |
| **Íslandsmeistarar:** | **1 sinni** |
| Bikarmeistarar: | Aldrei |
| **Deildabikarmeistarar:** | **2 sinnum** |
| Í efstu deild síðan: | 2001 |
| **Á topp 3 síðasta áratug:** | **3 sinnum** |
| Þjálfari: | Ólafur Jóhannesson |
| **Fyrirliði:** | **Heimir Guðjónsson** |

### HEIMALEIKIR SUMARSINS:

| | |
|---|---|
| Fim. 26. maí (19.15) | ÍBV |
| **Lau. 11. júní (14.00)** | **Þróttur** |
| Fim. 23. júní (19.15) | ÍA |
| **Fim. 30. júní (19.15)** | **Fram** |
| Sun. 10. júlí (19.15) | Keflavík |
| **Sun. 17. júlí (19.15)** | **Grindavík** |
| Sun. 7. ágúst (18.00) | KR |
| **Sun. 21. ágúst (18.00)** | **Valur** |
| Lau. 11. september (14.00) | Fylkir |

### *Leikmenn FH*

**MARKIÐ**

| | |
|---|---|
| 1. Daði Lárusson (32 ára) | 73 leikir |
| **12. Valþór Halldórsson (24)** | **3** |

**VÖRNIN**

| | |
|---|---|
| 2. Auðun Helgason (34)* | 83/2 mörk |
| **4. Tommy Nielsen (33)** | **34/7** |
| 5. Freyr Bjarnason (28) | 70/2 |
| **14. Guðmundur Sævarsson (27)** | **56/9** |
| 20. Sverrir Garðarsson (21) | 33/1 |
| **21. Magnús Ingi Einarsson (24)** | **47** |
| 23. Heimir Snær Guðmundss. (21) | 5 |
| **27. Davíð Þór Viðarsson (21)** | **26** |

**MIÐJAN**

| | |
|---|---|
| 3. Dennis Siim (29)* | Nýliði |
| **6. Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (25)** | **71/7** |
| 7. Jónas Grani Garðarsson (32) | 55/21 |
| **8. Baldur Bett (25)** | **66/2** |
| 10. Heimir Guðjónsson (36) | 241/20 |
| **11. Jón Þorgrímur Stefánss. (30)** | **118/20** |
| 18. Hermann Albertsson (22) | 11/2 |
| **19. Ólafur Páll Snorrason (23)*** | **31/2** |
| 24. Tómas Leifsson (20) | Nýliði |
| **25. Davíð Ólafsson (28)** | **18/1** |
| 26. Jón Ragnar Jónsson (20) | Nýliði |

**SÓKNIN**

| | |
|---|---|
| 9. Tryggvi Guðmundsson (31)* | 98/56 |
| **15. Ármann Smári Björnsson (24)** | **43/9** |
| 16. Pétur Óskar Sigurðsson (21)* | Nýliði |
| **17. Atli Viðar Björnsson (24)** | **54/16** |
| 22. Allan Borgvardt (25) | 28/16 |

*** = Nýr leikmaður hjá liðinu**

**FARNIR:**

| | |
|---|---|
| **EMIL HALLFREÐSSON** | **ENGLAND** |
| SIMON KARKOV | LEIKNIR R. |
| **VÍÐIR LEIFSSON** | **FRAM** |


Útsala
Fullt af vörum með allt að 70% afslætti
19% afsláttur
20"
12.995
ELFUNK 2009
20" sjónvarp með textavarpi
Fullkomin fjarstýring
Verð áður 15.995
42" Plasma
ELFUNK LT-4205
42" Plasma sjónvarp. SKERPA 3000:1
Nicam stereo. 4 scart tengi. AV tengi að framan og aftan Kyrrmynd. Zoom. Mynd í mynd 2 tunerar. Fullkomin fjarstýring Tuner og tengibox í sér einingu sem aðveldar veggfestingu á tæki. Split Screen hægt er að horfa á tvær stöðvar/myndir í einu. Hátalarar, standur og veggfesting eru innifalin í verði
20% afsláttur
199.995
Verð áður 249.995
14"
10% afsláttur
9.895
ELFUNK 1433
14" sjónvarp með textavarpi
Fullkomin fjarstýring
Verð áður 10.995
Heimabíó kerfi
20% afsláttur
19.995
SCOTT DVX100HC
Heimabíókerfi með DVD og útvarpi
5X15 Wött + 25 wött. Fullkomin fjarstýring
Verð áður 24.995
DiVX DVD spilari
30% afsláttur
6.995
SCOTT DVXi820
DiVX DVD spilari sem spilar öll svæði.
PROGRESSIVE SCAN
Verð áður 9.995
69% afsláttur
30% afsláttur
13.995
Verð áður 19.995
AIWA CSD-XM77
MP-3 ferðatæki með geislaspilara, útvarpi og segulbandi. 10 + 10 Wött RMS
3.995
Verð áður 12.995
MP MAN MPCD300
MP-3 ferðageislaspilari
Heimabíó kerfi
Verð áður 69.995
39.995
42% afsláttur
AIWA AV-JX5
Heimabíó með DVD og útvarpi. KARAOKE kerfi. 400 Wött RMS
www.radio.is
RADÍÓBÆR
ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133



**Magni fer hvergi**

Stuðningsmenn körfuknattleiksliðs Snæfells fengu loksins góðar fréttir í gær en Ingvaldur Magni Hafsteinsson hefur ákveðið að leika með félaginu á næstu leiktíð. Þessir fréttir koma beint í kjölfarið á þeim fréttum að tveir bestu leikmenn liðsins - Sigurður Þorvaldsson og Hlynur Bæringsson - hafi ákveðið að semja við hollenskt félag.

**sport**

sport@frettabladid.is

**ÚTLENDINGAFLÆÐIÐ Í ÍSLENSKA BOLTANUM:** BIBERCIC BREIÐIR ÚT MANNSKAPINN

# *Serbi með tannpínu leitar að liði*

Það hefur ekki farið framhjá nokkrum manni að útlendingaflæðið í íslenska fótboltann er meira en nokkru sinni fyrr. Þessir menn eru að sjálfsögðu mjög misjafnir að gæðum og sumir þeirra hafa nánast ekkert fram að færa. Meðal leikmanna sem hér hafa verið að flækjast er serbneskur varnarmaður að nafni Branko Milicevic, sem flakkar milli liða í fylgd hins gamalkunna Mihajlo Bibercic. Þessi ágæti maður hefur mætt á æfingar hjá tveimur liðum í Landsbankadeildinni, en tók þó ekki þátt í æfingunum!

Sigurður Jónsson, þjálfari Víkinga, hafði samband við kollega sinn, Þorlák Árnason hjá Fylki, og sagði honum frá leikmanninum. Árbæingar ákváðu síðan að skoða hann á æfingu félagsins. Fyrir æfinguna var leikmaðurinn mættur ásamt Bibercic en þeir félagar voru skyndilega gufaðir upp þegar æfingin var í þann mund að hefjast. Ásgeir Ásgeirsson, formaður meistaraflokksráðs karla hjá Fylki, sagði í samtali við Fréttablaðið að enginn vissi hvað hefði orðið af Milicevic. „Hann var mættur fyrir æfinguna en var svo hvergi sjáanlegur þegar hún var að hefjast. Við höfum ekkert heyrt frá honum og vitum ekkert hver ástæðan fyrir þessu skyndilega brotthvarfi hans var.“

Milicevic ætlaði síðan að mæta á æfingu hjá Keflvíkingum á þriðjudagskvöld en gat á endanum ekki tekið þátt í henni þar sem hann var illa haldinn af tannpínu. „Það er ólíklegt að við fáum þennan leikmann. Hann og Bibercic voru svona meira í kurteisisheimsókn hjá okkur og hann átti að fá að taka þátt í léttri æfingu en því miður varð ekkert af því þar sem hann var með tannpínu,“ sagði Ásmundur Friðriksson, framkvæmdastjóri Keflavíkur, um málið.



**> Við vorkennum ...**



... markadrottningunni Olgu Færseth, sem mun væntanlega ekki spila neinn fótbolta í sumar vegna meiðsla. Það verður mikill sjónarsviptir að þessari frábæru knattspyrnukonu.

**> Við hrósum ...**

... Þorsteini Rafni Johnsen og félögum í handknattleiksdeild Stjörnunnar fyrir að rífa upp handknattleiksstarfið í Garðabænum með myndarlegum leikmannakaupum en stemningin í kringum handboltann í Garðabænum hefur verið skammarlega léleg allt of lengi. Vonandi eru breyttir tímar í vændum í Garðabænum.








# Þetta er bara byrjunin

**Þorsteinn Rafn Johnsen, formaður handknattleiksdeildar Stjörnunnar, segir Garðbæinga hugsa stórt en þeir gerðu risasamninga við landsliðsmarkvörðinn Roland Val Eradze og stórskyttuna Tite Kalandadze í gær.**

**HANDBOLTI** Stjarnan er farin að skína á ný. Eftir magra tíma í handboltanum hafa forkólfar handknattleiksdeildarinnar spýtt í lófana og nú skal reisa Stjörnuna upp í hæstu hæðir. Sá metnaður var undirstrikaður í gær þegar formaður handknattleiksdeildarinnar, Þorsteinn Rafn Johnsen, og nýráðinn þjálfari Stjörnunnar, Sigurður Bjarnason, fóru til Vestmannaeyja og sneru heim með undirritaðan tveggja ára samning við landsliðsmarkvörðinn Roland Val Eradze og stórskyttuna Tite Kalandadze, sem sló eftirminnilega í gegn með ÍBV í vetur.

„Þetta er bara byrjunin. Það er von á fleiri mönnum,“ sagði Þorsteinn Rafn við komuna til Reykjavíkur í gærkvöld. „Við erum búnir að segja það lengi að við ætluðum okkur stóra hluti en það trúði okkur enginn. Við erum að blása til sóknar.“

Hlutirnir gerðust hratt í Vestmannaeyjum í gær og samkvæmt heimildum íþróttadeildar var atburðarásin lyginni líkust. Þeir Roland og Tite gengu á milli samninganefnda félaganna, sem kepptust við að toppa hvert annað með gylliboðum til leikmannanna tveggja. Sjóðir Stjörnunnar virðast vera dýpri en Eyjamanna því Roland og Tite sömdu að lokum við Garðbæinga.

Hinir sönnu sigurvegarar í þessu „uppboði“ hljóta þó að vera Roland og Tite en þeir fengu báðir mjög góðan samning. Tite fær níu milljónir króna í árslaun en Roland sex, samkvæmt heimildum íþróttadeildar. Þessi „pakki“ kostar því Stjörnuna 15 milljónir króna.



**FARNIR Í GARÐABÆINN** Tite Kalandadze róar hér félaga sinn og vin Roland Eradze niður í frægum leik gegn ÍR í vetur. Þeir náðu góðum tveggja ára samningi við Stjörnuna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„No comment,“ sagði Þorsteinn Rafn þegar Fréttablaðið spurði um kostnaðinn við þessi leikmannakaup. En hefur Stjarnan efni á þessum mönnum? „Já, annars hefðum við ekki farið til Eyja,“ sagði Þorsteinn.

Sigurður Bjarnason og Magnús Teitsson munu þjálfa Stjörnuliðið í sameiningu næsta vetur og verða með mikið mun sterkara lið í höndunum en í vetur. Þeir ætla sér að lokka fyrrum leikmenn félagsins, eins og Vilhjálm Halldórsson, heim aftur. Einnig hefur heyrst að ef Patrekur Jóhannesson komi heim úr atvinnumennsku í sumar muni hann ganga í raðir Stjörnunnar á nýjan leik.

„Við ætlum að fá strákana okkar heim. Það eru allir gamlir Stjörnumenn velkomnir heim aftur,“ sagði hinn stórhuga formaður handknattleiksdeildar Stjörnunnar, Þorsteinn Rafn Johnsen.

**henry@frettabladid.is**


MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.

Alla virka daga kl. 17:30

! 90,9




**FÆR HANN NÝJAN SAMNING?** Dennis Bergkamp átti stórleik með Arsenal í gær og félagið hlýtur að bjóða honum nýjan samning. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Einn leikur í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöldi:

## Arsenal niðurlægði Everton

**FÓTBOLTI** Arsenal-liðið sýndi frábæra takta gegn Everton þegar liðin mættust í ensku úrvalsdeildinni á Highbury í gær. Arsenal vann að lokum 7–0 sigur, sem er stærsti sigur tímabilsins. Everton-liðið, sem er búið að gulltryggja sér fjórða sætið og þar með sæti í Meistaradeildinni á næsta ári, var sem áhorfandi að knattspyrnusýningu Arsenal-liðsins, sem sundurspilaði gestina allan leikinn.

Dennis Bergkamp átti frábæran leik í liði Arsenal, þrjár snildarsendingar hans bjuggu til þrjú mörk í fyrri hálfleik og Hollendingurinn kórónaði síðan leik sinn með því að skora sjötta markið í þeim seinni. Sex leikmenn Lundúnaliðsins komust á blað því Robert Pires skoraði tvö mörk og þeir Robin van Persie, Patrick Vieira, Edu og Mathieu Flamini voru allir á skotskónum.

Dennis Bergkamp, sem er orðinn 36 ára, hefur ekki verið boðinn nýr samningur en hann hefur sagt að hann muni leggja skóna á hilluna fái hann ekki nýjan samning hjá liðinu. Frammistaðan í gær hefur væntanlega sannfært yfirmenn hans um að skella honum á borð.

Arsenal vann fyrri leik liðanna á Goodison Park í haust 4–1 og Everton kom því ekki vel út úr viðureignum liðanna í vetur þrátt fyrir annars gott gengi.

Sigurinn boðar enn fremur gott fyrir bikarúrslitaleikinn gegn Manchester United því Arsenal-liðið er að spila einstaklega vel þessa daganna og farið að minna á liðið í fyrra, þegar það fór í gegnum allt tímabilið án þess að tapa einum leik. Það gladdi örugglega stjórann Arsene Wenger líka að Thierry Henry og Sol Campbell spiluðu báðir á ný eftir meiðsli og ættu að vera komnir á fullt í bikarúrslitaleiknum eftir tíu daga.

**ooj@frettabladid.is**

## ÚR SPORTINU

Það verður skarð fyrir skildi í liði í kvennaliði **ÍBV** í sumar því að markamaskínan **Olga Færseth** getur ekki leikið með liðinu í að minnsta kosti tvo mánuði vegna meiðsla sem hún hlaut í leik gegn **KR** á dögunum. Fréttablaðið sló á þráðinn til Olgu og spurði hana nánar út í meiðslin. „Þetta gerðist í leiknum við KR fyrir um tveimur vikum. Ég lenti í tæklingu og í kjölfarið fékk ég hnykk á hnéð. Það kom svo í ljós að ég er með slitin liðbönd á innanverðu hnénu og svona meiðsli þurfa lágmark 2-3 mánuði til að jafna sig,“ sagði **Olga**. „Þetta er mér mikið áfall og leiðinlegt fyrir liðið,“ sagði **Olga**.



Miami Heat jók forskot sitt í 2-0 í undanúrslitum Austurdeildarinnar í úrslitakeppni NBA-körfuboltans í fyrrinótt. Heat vann Washington Wizards, 108-102, og átti **Dwyane Wade** stórleik og skoraði 31 stig, tók 7 fráköst, stal 3 boltum, varði 2 skot og gaf 15 stoðsendingar, sem er persónulegt met. **Shaquille O'Neal** gat lítið beitt sér vegna meiðsla en skoraði þó 16 stig og tók 7 fráköst. „Meiddur Shaq er samt besti miðherji deildarinnar,“ sagði **Gilbert Arenas**, leikmaður Wizards.

Stuðningsmenn spænska stórliðsins Real Madrid vilja fá **Frank Lampard**, leikmann Chelsea, til liðs við félagið. Þetta kemur fram í könnun sem spænska dagblaðið Marca gerði á dögunum. **Lampard** hlaut tæplega 23% atkvæða en alls tóku um 32 þúsund áhangendur þátt í könnuninni. „Þetta kemur lítið á óvart enda er **Lampard** frábær leikmaður,“ sagði **Michael Owen**, leikmaður Real Madrid.



**Mike D'Antoni** hjá Phoenix Suns var valinn þjálfari ársins í NBA-körfuboltanum í fyrrakvöld. **D'Antoni** breytti gangi Suns-liðsins til muna og bættu lærisveinar hans sig um hvorki meira né minna en 33 sigurleiki frá því á síðasta tímabili. „Þetta er ótrúlegur heiður,“ sagði **D'Antoni**. „Að vinna þetta er nokkuð sem ég gat ekki einu sinni gert mér í hugarlund.“

Hollenski framherjinn **Dennis Bergkamp** er orðinn óþreyjufullur eftir nýjum samningi við Arsenal. Hinn 36 ára gamli **Bergkamp** viðurkenndi að ástandið væri mjög pirrandi. „Maður vill eðlilega vita hvað framtíðin ber í skauti sér. Ég get spilað eitt ár til viðbótar þannig að þeir verða bara að ákveða sig,“ sagði **Bergkamp**.



**Ralf Schumacher** hjá Toyota segir að bróðir sinn, **Michael Schumacher** hjá Ferrari, muni ekki geta unnið heimsmeistaratitilinn í Formúlu 1 kappakstrinum í ár. „Ferrari er allt of neðarlega og menn þar á bæ geta þess vegna pakkað saman og farið heim,“ sagði **Ralf**. „Menn verða að vera raunsæir og **Michael** á mjög langt í land að ná Renault-mönnum.“

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

9 10 11 **12** 13 14 15

### Miðvikudagur

**SJÓNVARP**

- 17.45 **Íþróttakvöld** á Rúv.
- 19.00 **Inside the US PGA Tour 2005** á Sýn.
- 19.30 **Landsbankadeildin** á Sýn.
- 20.30 **Þú ert í beinni!** á Sýn.
- 21.30 **Bikarmótið í fitness 2005 (karlar)** á Sýn.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 23.15 **Þú ert í beinni!** á Sýn.
- 00.15 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn.

Heiðar Helguson er greinilega eftirsóttur leikmaður:

# Orðaður við Leeds en er sáttur hjá Watford

**FÓTBOLTI** Í enskum fjölmiðlum í gær var sagt frá því að Leeds United ætlaði að bjóða rúmar 120 milljónir króna í íslenska landsliðsmanninn Heiðar Helguson.

Í samtali við Fréttablaðið sagðist Heiðar reikna með að vera áfram í herbúðum Watford sem endaði í 18. sæti ensku 1. deildarinnar, Leeds hafnaði fjórum sætum ofar í sömu deild.

Hann segist ánægður hjá Watford og að fjárhagur félagsins sé ágætur, því neyðist það ekki til að selja hann. Fleiri lið hafa verið orðuð við Heiðar, þar á meðal Stoke og úrvalsdeildarlið Charlton.

„Ég hef ekkert heyrt af neinu tilboði og tek þessu bara með ró. Ég hef lesið ýmislegt í blöðunum en það er lítið að frétta af mínum málum. Hér er ég sáttur og fer ekkert að skoða þessi mál nema ég fái þau skilaboð frá stjórninni að þeir vilji selja mig. Eins og og ég segi þá reikna ég þó ekki með því að þeir vilji það,“ sagði Heiðar.

**- egm**



**ÁNÆGÐUR HJÁ WATFORD** Heiðar Helguson lætur orðróm um áhuga annarra félaga á sér ekki raska ró sinni.

1. deildarlið Víkings:

# Vill ekki Palmer aftur

**FÓTBOLTI** Jermaine Palmer og Richard Keogh, sem léku með Víkingi í Landsbankadeildinni síðastliðið sumar, munu ekki spila með félaginu í 1. deildinni í sumar.

Þeir voru báðir leystir undan samningi við Stoke í síðustu viku. Sigurður Jónsson, þjálfari Víkings, hefur lítinn áhuga á að fá Palmer, sem var með mikla heimþrá meðan hann dvaldist hér síðasta sumar, og þá er Keogh í viðræðum við lið úti. Víkingar eru að fá einn Serbanna sem æfðu með ÍA en sá er feikilega sterkur varnarmaður að sögn Sigurðar og skilur hann lítið í því að Ólafur Þórðarson vildi ekki sjá hann.


Tilboðsbækur mánaðarins
30% afsláttur

Fyrir göngugarpa

**Góður undirbúningur gerir gott ferðalag enn betra**

Nýstárleg og vönduð handbók með aðgengilegum upplýsingum fyrir útivistarfólk og göngugarpa. Fróðleikur í máli og myndum!

„**Einstök bók** sem allt áhugafólk um útivist þarf að eignast. Bók fyrir byrjendur jafnt sem reynda.“
*Björn Ólafsson, Everestfari*






Tilboðsverð **2.790 kr.** Fullt verð 3.990 kr.




Tilboðsverð **1.090 kr.** Fullt verð 1.590 kr.

4. Börn Penninn Eymundsson og Bókabúðir MM 4. – 10. maí

Litrík, skemmtileg og æsispennandi

Músin Geronimo Stilton og sögurnar um ævintýri hans hafa farið sigurför um heiminn. Í þessari fyrstu sögu sem út kemur á íslensku kemst hann yfir dularfullt fjársjóðskort sem gæti fært honum mikinn gróða.



**Ævintýri í litum**
**- fyrir krakka frá 7 ára aldri**

Skemmtilestur

„**Skáldið er í ham** ... Bítlaávarpið er skemmtileg saga, stráksleg og gosaleg í sprúðlandi stílnum.“
*- Páll Baldvin Baldvinsson, DV*

„**Mikið vor og glettni** í þessari bók ... **skemmtilestur**.“
*- Gauti Kristmannsson, RÚV*

„Konan mín hélt að ég væri að verða eitthvað skrýtinn. **Ég hló svo mikið**.“
*- Gunnar Þórðarson, tónlistarmaður*

**Tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2004**

Komin í kilju




Tilboðsverð **1.260 kr.** Fullt verð 1.799 kr.

5 Skáldverk - kiljur Penninn Eymundsson og Bókabúðir MM 4. – 10. maí

Penninn Eymundsson – svör við öllu BÓKABÚÐIR MM

Pöntunarnetfang: aubok@penninn.is / s. 511 1130

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA





# STUÐ MILLI STRÍÐA: Sambandslaus við umheiminn

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** ER AÐ REYNA AÐ NÁ SÉR EFTIR FRÁFALL



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Síminn minn dó í byrjun viku. Eina stundina lá hann bara á borðinu mínu, innan um allt skipulagða ruslið á vinnuborðinu mínu, og beið eftir mikilvægum símhringingum og sms-sendingum. Þá næstu var hann bara dáinn. Ekkert ljós, ekkert merki um líf. Líf mitt breyttist á örskotsstundu. Vinir og kunningjar hurfu. Vekjaraklukkan mín hvarf.

Ég reyndi lífgunartilraunir. Reyndi að kveikja á honum aftur. Reyndi að taka batteríið úr og setja það í aftur. Reyndi að taka sim-kortið úr og setja það í aftur. Ekkert gekk. Það virtist engin leið til að lífga símann minn við. Ég stakk honum meira að segja í hleðslu, þrátt fyrir að síminn minn hefði, stuttu áður en hann dó, sýnt mér að hann væri fullur orku. Við hleðsluna fékk ég örlítið mark um líf. Eitt lítið rautt ljós sem kviknaði. En ekki nóg til að hægt væri að endurlífga hann og kveikja á honum.

Þar sem síminn minn er ekki eldgamall, ákvað ég að setja hann í viðgerð. Í öngum mínum fór ég strax morguninn eftir á milli símafyrirtækja til að athuga hver vildi bjarga símanum mínum, og geðheilsu minni. Og hver vildi lána mér síma á meðan minn gamli var í gjörgæslu. Ég nefnilega keypti síma hjá einu símafyrirtækinu en er með þjónustu hjá öðru. Í fyrstu fékk ég þau svör að ég gæti ekki fengið lánssíma hjá fyrirtækinu sem er að gera við minn síma. Símar þeirra virka ekki hjá öðrum notendum. Þeir ætla samt að hringja í gemsann minn þegar viðgerð lýkur, þar sem ég er aldrei heima hjá mér til að svara í heimasímann. Fyrirtækið sem ég er í viðskiptum hjá átti enga síma eftir til að lána. Þeir buðust samt til að hringja í gemsann minn þegar lánssími reyndist tiltækur. Sem betur fer gat ég reddað þessu sjálf þennan dagspart sem það tók að finna lánssíma handa mér. Annars myndi ég sitja hér og stara á sim-kortið mitt, og bíða eftir hringingu. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# 24 þúsund sæti í boði

Forsala á stórmyndina Star Wars Episode III: Revenge of the Sith, sem verður frumsýnd 20. maí, hófst formlega í gær, samtímis í sex kvikmyndahúsum um land allt.

Aldrei hefur verið meira sætaframboð í boði yfir opnunarhelgi á kvikmynd á Íslandi, eða nákvæmlega 24.289 sæti sem standa landsmönnum til boða þessa helgi. Alls verða 107 sýningar í boði í átta sölum í kvikmyndahúsum sex. Smárabíó mun bjóða upp á sólarhringssýningar á frumsýningardag. Fyrsta sýningin verður í lúxussalnum klukkan 12.00 en sú síðasta verður klukkan 4 eftir miðnætti. Næsta sýning verður síðan klukkan 8 morguninn eftir.

Auk Smárabíós verður myndin sýnd í Regnboganum og Laugarásbíói í Reykjavík, Borgarbíói Akureyri, Selfossbíói og Sambíóunum í Keflavík. ■



**STJÖRNUSTRÍÐ** Eftirvæntingin eftir að lokakafli þessa vinsæla myndabálks skili sér í kvikmyndahús er gríðarleg.






**Kl. 20.00**
*Gospelsystur Reykjavíkur halda tvenna tónleika í Langholtskirkju í kvöld. Með þeim syngur Bandaríkjamaðurinn **Seth Sharp** en stjórnandi er **Margrét Pálmadóttir**. Seinni tónleikarnir hefjast klukkan 22.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Beethoven í botn

Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari og Gerrit Schuil píanóleikari ætla að ráðast í það þrekvirki á Listahátíð í Reykjavík að flytja allar tíu sónötur Beethovens fyrir píanó og fiðlu. Þetta er í fyrsta sinn í aldarfjórðung sem sónöturnar eru allar fluttar hér á landi.
Þau Sigrún og Gerrit skipta sónötunum niður á þrenna tónleika, sem allir verða haldnir í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð. Tónleikarnir verða þrjá sunnudaga í röð, þeir fyrstu núna á sunnudaginn kemur, og hefjast þeir allir klukkan ellefu fyrir hádegi.
Beethoven samdi tíu sónötur fyrir píanó og fiðlu um ævina og þótti töluverð nýbreytni að í þessum sónötum gegndi fiðlan engu minna hlutverki en píanóið.
Hver einasta af þessum tíu sónötum þykir mikið meistaraverk. Sú fyrsta, sem er í D-dúr, er tileinkuð einum kennara tónskáldsins, sem var Antonio Salieri.



### EKKI MISSA AF…



… seinni **Doors** tónleikunum á Gauknum í kvöld þar sem **Björgvin Franz Gíslason** fer á kostum.

… allra síðustu sýningunni á **Svikum**, leikriti Harolds Pinter, í Borgarleikhúsinu með **Hilmi Snæ Guðnasyni, Jóhönnu Vigdísi Arnardóttur** og **Ingvari Sigurðssyni**.

… **Græna landinu** eftir Ólaf Hauk Símonarson sem sýnt verður á Akureyri um helgina.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA AFTUR Á SVIÐ Í MAÍ!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Í kvöld fim. 12/5 **uppselt**, fös. 13/5 **örfá sæti laus**, fös. 20/5 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 **örfá sæti laus**. **Sýningum fer fækkandi í vor.**

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
**Aukasýning fim. 19/5 örfá sæti laus. Síðasta sýning.**

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 22/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 28/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 5/6 kl. 14:00. **Síðustu sýningar í vor.**

**DÍNAMÍT** - *Birgir Sigurðsson*
7. sýn. lau. 21/5 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 26/5 **nokkur sæti laus**, 9. sýn. fös. 3/6 **nokkur sæti laus**.

**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA** - *Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur*
**Vegna fjölda áskorana: Aukasýningar fös. 28/5, lau. 29/5.**

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**RAMBÓ 7** - *Jón Atli Jónasson*
**Frumsýning fim. 19/5 uppselt**, lau. 21/5, fös. 27/5, lau. 28/5.

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
Mið. 25/5, fim. 26/5. **Síðustu sýningar í vor.** Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin! Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

■ **Samkomuhúsið á Akureyri - Leikför**

**GRÆNA LANDIÐ** - *Ólafur Haukur Símonarson*
**Fös. 13/5 kl. 20:00, lau. 14/5 kl. 15:00. Aðeins þessar tvær sýningar.**
Miðasala hjá Leikfélagi Akureyrar - www.leikfelag.is - sími: 4600200.

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**

**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Fö 20/5 kl 20, Fö 27/5 kl 20
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Fö 13/5 kl 20, Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20
- ***Síðustu sýningar***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 28/5 kl 20
- ***Síðasta sýning***

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Lau 14/5 kl 14 **- UPPS.**
Su 22/5 kl 14 **- UPPS.**, Lau 4/6 kl 14 **UPPS.**
Su 5/6 kl 14 **- UPPS.**, Su 12/6 kl 14,
Su 12/6 kl 17, Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14,
Su 26/6 kl 14

**PURPURI - TÓNLEIKAR FABULU**
*Margrét Kristín Sigurðardóttir*
Í kvöld kl. 21:00

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**AUTOBAHN Á LISTAHÁTÍÐ**
*Leiklestur nýrra þýskra verka Falk Richter og Theresia Walser*
Þri 17/5 kl 17
*Marius von Mayenburg og Ingrid Lausund*
Mið 18/5 kl 17
Umræður við höfunda á eftir
**Ókeypis aðgangur.**

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Í kvöld kl 20, Fö 20/5 kl 20
***Síðustu sýningar***

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl 20, Fö 13/5 kl 20 - **UPPS.**,
Lau 14/5 kl 20 - **UPPS.**, Fi 19/5 kl 20,
Fö 20/5 kl 20 **UPPS.**, Lau 21/5 kl 20,
Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20,
Fö 27/5 kl 20, Fö 28/5 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Í kvöld kl 20 - ***Aukasýning***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Fö 13/5 kl 20, Lau 14/5 kl 20
- ***Síðustu sýningar***

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:**
**10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga**
**12-20 laugardaga og sunnudaga**


# Leysist upp í lokin

Hljómsveitarstjórinn og píanóleikarinn Vladimir Ashkenazy heldur jafnan tryggð við Ísland og kemur hingað reglulega til þess að halda tónleika, oftast til að stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands eða Kammersveit Reykjavíkur. Í kvöld stjórnar hann flutningi Sinfóníuhljómsveitarinnar á níundu sinfóníu Gustavs Mahler í Háskólabíói.

Mahler var 49 ára þegar hann samdi níundu sinfóníu sína, en samt átti hann skammt eftir ólifað því hann lést aðeins hálfu öðru ári eftir að hann lauk við þessa stórbrotnu sinfóníu sína. Margir telja sig greina merki þess á tónlistinni að Mahler hafi haft grun um hvað væri í vændum. Ashkenazy segir þó ómögulegt að segja til um það.

„Við fáum aldrei að vita það. En þó er sérkennilegt hvernig tónlistin leysist einhvern veginn upp í síðasta kaflanum, hvort sem það stafar af því að hann hafi gert sér grein fyrir að dauðinn væri í vændum eða ekki. Vinur minn sagði að þetta hljómaði eins og síðustu efniseindirnar að hverfa í alheiminum.“

Ashkenazy sat einn við píanóið á sviði Háskólabíós þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Hann var að æfa sig á Diabelli-tilbrigðum Beethovens fyrir plötuupptöku.

„Þetta er frekar erfitt verk,“ sagði hann um tilbrigðin.

Níunda sinfónía Mahlers þykir líka með erfiðustu verkum í flutningi, en Ashkenazy ber sig vel og segir ekkert vera auðvelt í heiminum.

„Ég hef stjórnað flutningi hennar það oft að ég tel mig þekkja hana út í æsar.“

Ashkenazy beinir talinu fljótlega að tónlistarhúsinu, sem nú standa vonir til að rísi innan fárra ára við höfnina í Reykjavík. Tveir áratugir eru liðnir frá því að Ashkenazy hóf baráttu sína fyrir því að hér yrði reist almennilegt tónlistarhús, og hann segist vera bjartsýnni nú en nokkru sinni um að þessi draumur verði að veruleika.

„Ég þekki Russel Johnson, hljómburðarhönnuð hússins, og hann er mjög fær maður. Ég hef alla trú á því að þarna takist vel til.“

Varðandi deilur um það hvort Íslenska óperan eigi að fá inni í tónlistarhúsinu segist hann telja afar hæpið að ætla að blanda saman óperuflutningi og öðru tónleikahaldi í einu húsi.

„Það þurfa þá að vera mjög miklir peningar til þess að slíkt verði vel úr garði gert. Annars verður þetta alltaf einhver málamiðlun. Ópera er vissulega mikilvæg, en því miður. Þetta tvennt fer ekki vel saman.“ ■



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**ASHKENAZY MUNDAR TÓNSPROTANN** Vladimir Ashkenazy stjórnar flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á níundu sinfóníu Mahlers.





Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700 www.avaxtakarfan.is

Sunnudagur 29. Maí kl: 13:30

www.midi.is


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

10 11 **12** 13 14

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 19.30 **Vladimir Ashkenazy** stjórnar flutningi **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** á níundu sinfóníu **Gustav Mahlers** í Háskólabíói.

☐ 20.00 **Gospelsystur Reykjavíkur** halda vortónleika í Langholtskirkju ásamt gestasöngvaranum **Seth Sharp**. Stjórnandi er **Margrét Pálmadóttir**.

☐ 21.00 **The Doors Tribute Band** heldur sína þriðju tónleika á Gauk á Stöng. Nú verður allt keyrt í botn.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



**HADJI TEKBILEK** Tyrkneski tónlistarmaðurinn Hadji er í fremstu röð í heimalandi sínu.

# Steintryggur og Hadji á Listahátíð

Hljómsveitin Steintryggur, sem er skipuð þeim Sigtryggi Baldurssyni og Steingrími Guðmundssyni, kemur fram við opnum Listahátíðar í Listasafni Reykjavíkur á laugardag.

Með þeim í för verður tyrkneski tónlistarmaðurinn Hadji Tekbilek sem leikur m.a. á Ney flautu, Zurna og strengjahljóðfærið Saz. Hadji er í fremstu röð tyrkneskra tónlistarmanna, hvort sem rætt er um djass eða þjóðlega tyrkneska tónlist.

Hann segist leika djassskotna tónlist, en ekki sé rétt að kalla tónlistina bara djass. „Þetta fer eftir því hvaða merkimiða menn vilja nota, en það helsta sem tónlist mín á sameiginlegt með djass er að ég spila frjálst. Ég kýs að kalla það þjóðlagadjass,“ segir Hadji.

Hann kynntist Steingrími Guðmundssyni trommuleikara í Bandaríkjunum en hann var þar við nám í Creative Music Foundation. Þeir urðu góðir vinir og léku saman um tíma þar í landi. Steintryggur og Hadji munu frumflytja órafmagnaða tónlist á Listahátíðinni sem ætlunin er að taka upp og gefa út. ■



**STEINAR SIGURÐARSON** Útskriftartónleikar saxófónleikarans Steinars Sigurðarsonar verða í tónleikasal FÍH við Rauðagerði í kvöld.

# Steinar djassar

Djassinn ræður ríkjum á útskriftartónleikum Steinars Sigurðarsonar saxófónleikara í kvöld. Steinar er að útskrifast af djassog rokkbraut tónlistarskóla FÍH.

Á efnisskránni eru lög eftir hann sjálfan ásamt lögum eftir Wayne Shorter, Joshua Redman og Chris Speed svo eitthvað sé nefnt. Með honum spila þeir Snorri Sigurðarson á trompet og flygilhorn, Kjartan Valdemarsson á píanó, Hammond og harmonikku, Róbert Þórhallsson á bassa og Jóhann Hjörleifsson á trommur.

Steinar hefur verið meðlimur í mörgum hljómsveitum bæði á trommur og saxófón, einnig hefur hann spilað inn á fjölmargar plötur fyrir hina ýmsu listamenn.

Tónleikarnir verða í senn kraftmiklir og melódískir og eru öllum opnir á meðan húsrúm leyfir. Þeir verða haldnir í tónleikasal FÍH við Rauðagerði 27 og hefjast klukkan 20. ■
















**VEITINGASTAÐURINN**
**SÚFISTINN**
STRANDGÖTU 9, 220 HAFNARFIRÐI




# *Heitir réttir og hnallþórur*

**Hvernig er stemmningin?** Súfistinn í Hafnarfirði hefur á skömmum tíma orðið eitt af vinsælustu kaffihúsum höfuðborgarsvæðisins og fólk úr nágrannasveitarfélögunum gerir sér sérstaka ferð inn í Hafnarfjörð til þess að heimsækja hann. Staðurinn er yfirleitt þéttsetinn í hádeginu og myndast oft góð stemmning. Helsti galli staðarins er hversu lítið aðskild reyklausu og reyksvæðin eru. Á kvöldin hefur staðurinn mjög rólegt og rómantískt yfirbragð. Á efri hæðinni er stór reyklaus salur sem hentar vel til fundarhalda auk bakherbergis með hægindastólum.

**Matseðillinn** Súfistinn leggur mikið upp úr því að vera með heimalagaðan mat og ferskt hráefni. Þó að Súfistinn sé að mörgu leyti fyrst og fremst kaffihús þá hefur matnum þar farið stöðugt fram og er vinsælt að koma þangað og fá sér hádegismat. Staðurinn býður upp á bökur, kökur, heita rétti og allt þar á milli.

**Vinsælast** Vinsælasti rétturinn er án nokkurs vafa burritos með kjöti, salsasósu, sýrðum rjóma og grænmetissalati sem er mjög saðsamur. Hann kostar 970 krónur. Þá eru panini-brauðin einnig mjög vinsæl auk þess sem Súfistinn er þekktur fyrir sínar heimalöguðu kökur.

**Réttur dagsins** Súfistinn er nýlega hættur með rétt dagsins en býður upp á súpu dagsins sem kostar 540 krónur með brauði. Það geta verið framandi súpur jafnt sem hefðbundnar.

## ROSEMOUNT: Toppvín í kassa

Áströlsku vínin frá Rosemount hafa svo sannarlega heillað landann og nú er komið á markaðinn afar gott kassavín frá þessum vinsæla framleiðanda. Rosemount Shiraz / Cabernet-kassavínið er án efa eitt besta kassavínið sem fæst á Íslandi í dag og gaman að sjá að viðurkenndur framleiðandi setur jafn gott vín á kassa. Vínið er fáanlegt í flestöllum vínbúðum eftir að hafa verið aðeins örfáa mánuði í reynslusölu í nokkrum búðum sem sýnir að Íslendingar kunna að meta toppvín í kassa.




Rosemount Shiraz / Cabernet er fyrsta tveggja þrúgu kassavínið frá Rosemount. Vínið hefur fjólurauðan lit, góða fyllingu, er mjúkt með sætum ávexti og léttkryddaðri eik. Góður kostur fyrir þá sem eru að leita að virkilega góðu rauðvíni á kassa sem hentar við öll tækifæri og með ólíkum mat. Verðið á víninu er afar hagstætt og jafngildir því að flaskan myndi kosta 945 kr.
**Lækkað verð í Vínbúðum 3.780 kr.**




**SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR** hefur heitið sér því að elda fisk þrisvar í viku.

# Reynslunni ríkari eftir vist í Perú

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, viðburðastjóri Akraneskaupstaðar, er nýkomin heim frá Perú þar sem hún dvaldi frá áramótum. Í Perú lagði Sigrún stund á spænskunám og kynntist þessum spennandi menningarheimi svo ekki sé minnst á matarmenninguna. Viska hennar og fróðleikur í eldamennsku er þó að mestu leyti komin frá ömmu hennar. Eitt af takmörkum Sigrúnar í sumar er að elda fisk þrisvar í viku. „Ég er öll í því núna að þefa upp uppskriftir en ég er hrifnust af einföldum og góðum uppskriftum. Eftir dvölina í Perú er Sigrún reynslunni ríkari enda sá hún margt undarlegt á heimaslóðum Inkanna.

„Ég bjó hjá konu sem er grænmetisæta. Mér skilst því að ég hafi ekki fengið alveg raunhæfa mynd af venjulegu fæði Perúbúa. Meðan á dvölinni stóð kynntist ég mikið af nýjum grænmetisréttundum sem ég hafði aldrei heyrt um eða séð áður. Perúbúar rækta allt sjálfir. Í bæjunum uppi í fjöllunum er naggrís vinsæll sunnudagsmatur en hann er mjög dýr,“ segir Sigrún. Hún var svo heppin að fá að smakka naggrís eitt sinn. Hún segir að hann hafi verið mjög bragðgóður en það hafi skemmt svolítið fyrir að hann hafi verið eldaður í heilu lagi. „Hann lá þarna á bakkanum með tennurnar og allt og starði á mig. Mér fannst það ekki sérlega sjarmerandi. Fyrir utan það var hann góður. Innyflin voru tekin úr honum og hann fylltur með ferskum kryddjurtum. Með honum var einhvers konar pasta sem Perúbúar gera sjálfir og svo voru fylltar paprikur og kartöflur með,“ segir Sigrún. Hún segir einnig að Inkarnir borði lamadýrin sín en hún smakkaði þau ekki. „Ég hef aldrei borðað jafn mikið á ævinni eins og ég gerði í Perú. Fyrir matinn var alltaf matarmikil grænmetissúpa og ég var því alltaf að springa þegar aðalrétturinn var borinn á borð. Ég neyddist alltaf til að klára matinn minn því það þykir hinn mesti dónaskapur að leifa. Ég borðaði því alltaf þangað til maturinn stóð út úr eyrunum á mér.“ Þrátt fyrir að hafa alltaf borðað á sig gat kom hún tággrönn heim því hún borðaði bara mikið af grænmeti og fékk nánast aldrei súkkulaði eða neitt slíkt. „Í Cuzco þar sem ég bjó gat maður farið fínt út að borða fyrir 200 kall meðan sólarvörn kostaði 600 krónur. Í Lima er allt rándýrt. Þar er einn McDonalds-staður sem þykir svo flottur að fólk fer bara þangað háspari eins og á brúðkaupsafmælum og fleira.“ Sigrún lumar á uppskrift af grilluðum laxi en eins og oft vill verða var hún bara með uppskriftina í kollinum og því slumpaði hún á magnið. Gera má ráð fyrir 350 g af fiski fyrir hverja manneskju.

**GRILLAÐUR LAX**
**1 flak af laxi**
**Safi úr 1 sítrónu**
**Paprikukrydd**
**Mangóchutney**
**Gróft saxaðar pistasíuhnetur**

Heilt flak af laxi er lagt í álpappír og safi úr hálfri sítrónu kreistur yfir og þar næst er paprikukryddi stráð yfir. Mangóchutneyi smurt ofan á það og pistasíuhnetum stráð yfir. Álpappírnum lokað og allt sett á grillið. Grilla þarf fiskinn í um tíu mínútur.
Gott að bera laxinn fram með grænu salati.




**MATGÆÐINGURINN ÞORBJÖRG HAFSTEINSDÓTTIR NÆRINGARRÁÐGJAFI**

# *Skýjasúpan er eftirminnilegust*



**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Til þess að viðhalda jöfnum blóðsykri og orku þarf ég prótein þannig að ég gæti ekki verið án fisks og grænmetis. Þar fæ ég allt, omega 3 fitu, prótein og kolvetni. Einfalt og í jafnvægi.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Já, allt skyndibitafæði þar sem ekki eru bara notaðar unnar fitur heldur djúpsteikingarfitur sem eru notaðar aftur og aftur. Ojbarasta!
**Fyrsta minningin um mat?** Ég á góðar minningar um ýmiss konar eftirrétti sem mamma bjó til fyrir okkur; meðal annars skýjasúpuna, sem var köld súpa með rúsínum, vanillubragði og með fljótandi hvítum bómullarskýjum ofan á. Þetta voru stífar eggjahvítur sem hægt var að móta alls konar furðudýr úr og þar af leiðandi algjör upplifun að borða þessa súpu. Henni var aldrei leift.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Nú er góður matur oft meira en bara bragð heldur líka stemning, umhverfi, matarnautur og svo framvegis. Upp úr stendur máltíð sem Umahro, kærastinn minn, bauð mér í á fyrsta stefnumótinu okkar, grillaður jómfrúarhumar með aioli úr bökuðum blóðgrapeávöxtum, klettasalat með skötuselshrognum og vanillu. Í eftirrétt var það sem tryggði framhaldið, súkkulaðikaka úr 70% súkkulaði!
**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Kanelduft, vanilluduft, anísfræ, svartur pipar, fiskisósa, tamari, kókosolía kaldpressaða ólífuolíu, bankabygg, grænmeti, til dæmis sætar kartöflur eða rófur, salat og sólþurrkaða tómata.
**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?** Ef mér líður ekki vel er það oftast vegna orkuleysis. Ég næ mér upp með orkudrykk þar sem ég blanda mysuprótein, hörfræolíu og frosin ber í sojamjólk eða hrísmjólk.
**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Sítrónur, hörfræolíu, hreint lífrænt Bió Bú



Jógurt, sojamjólk, salatblöndu, bakaðar rauðrófur, bakaða lauka, mjólkursýrugerla, möndlur og hnetur í bleyti, oft geitaost, sykurlausa ávaxtasafa fyrir Telmu, heilkornaspeltbrauð fyrir Telmu, hreint smjör, egg og fullt af grænmeti í skúffunni.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?** Þessi réttur þyrfti að endast lengi og gefa mér orku og jákvæðar hugsanir, þannig að ég mundi taka stóra södkartoffelchokoladekage með mér. Svo myndi ég veiða mér fisk úr sjónum!
**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?** Soðinn kindaheili á markaði í Marokkó, ristaðar engisprettur í Alsír og súkkulaðihúðaðir sporðdrekar á skemmtilegum stað í London. Heilinn var skrýtinn, ekki vondur en óþægilega klístraður. Hitt var mjög gott. Annars eru hrútspungar í mysu á listanum líka!

# WOLF BLASS: Margverðlaunaður frumkvöðull

Á þeim 40 árum sem Wolf Blass hefur framleitt vín í Ástralíu hefur fyrirtækið fengið meira en 3000 verðlaun fyrir vín sín. Víngerðarmaðurinn Wolfgang Blass flúði frá Austur-Þýskalandi til Ástralíu og stofnaði sitt eigið vínhús 1966, á tímum þegar ekki var vaninn að einstaklingar ættu sín eigin hús og hóf vínrækt og framleiðslu í Barossa Valley og Coonawarra. Hann fékk mjög fljótlega æðstu viðurkenningu Ástralíu fyrir vínið Black Label, sem er orðið goðsögn, og ekki einu sinni, heldur fjórum sinnum. Þetta met hefur ekki verið slegið.

Einkenni framleiðslu Wolf Blass eru framúrskarandi gæði og jafn sígildur stíl. Hann hlaut viðurkenningu vínheimsins þegar hann var tilnefndur besti framleiðandi heims í tvígang, 1992 og 2001 í IWSC keppninni í London, þar sem vínframleiðendur sjálfir velja fremstan meðal jafningja. Vínin frá Wolf Blass hafa alla tíð verið í miklu uppáhaldi hjá íslenskum neytendum. Þau eru aðgengileg án þess að gefa eftir í gæðum, eru ávaxtarík án þess að vera saftkennd, halda eiginleika þrúgunnar sem hverfur ekki í of kröftugri eik. Hvítvínin eru fersk og hafa mikinn karakter, hvort sem er chardonnay eða Riesling. Hið síðastnefnda var til dæmis valið besta ástralska Riesling-vínið árið 2002.



**WOLF BLASS RED LABEL CABERNET SAUVIGNON – SHIRAZ**
Nokkuð þétt, hefur mildan keim af berjum og létt kryddaðan bakgrunn. Eikin er fíngerð og mynta, kennimerki ástralsks cabernet, greinist í lokin. Fjölhæft vín sem hentar jafn hvítu kjöti sem rauðu. **Kynningarverð á áströlskum dögum: 1.220 kr**



**WOLF BLASS YELLOW LABEL CABERNET SAUVIGNON**
Kröftugt, þétt, aðlaðandi keimur af sólberjum og plómum, fíngerð eik, vottur af myntu. Þetta vín er eins og skapað fyrir lambakjötið okkar en er ekki síðra með nautakjöti eða dökku fuglakjöti. **Kynningarverð á áströlskum dögum: 1.410 kr**



**WOLF BLASS GREEN LABEL SHIRAZ**
Shiraz-þrúgan hefur fundið kjörlendi í Ástralíu. Dökkt og nokkuð þétt vín, keimur af þroskuðum berjum, vottur af kryddjurtum og mildu kryddi, sæt eik. Gerist varla betra með grillmat, villibráð eða piparsteik. **Kynningarverð á áströlskum dögum: 1.320**

## HOT IRISHMAN:
# Grunnur að írsku kaffi

Það getur verið svolítið bras að blanda sér almennilegt írskt kaffi en Hot Irishman Superior Irish Coffee er ágætis lausn fyrir þá sem vilja blanda sér þennan ágæta drykk á fljótlegan hátt. Hot Irishman er tilbúinn grunnur að „Irish coffee". Eingöngu eru notuð náttúruleg hráefni í hann: írskt viskí, sykur og kaffi. Aðferðin við blöndun drykksins er mjög einföld: Hellið Hot Irishman í glas, um það bil einn fjórða af glasinu. Fyllið upp með sjóðandi vatni og fleytið að lokum með léttþeyttri rjómarönd.



**Heimsfrægur á stríðsárunum**

„Irish coffee" hafði þekkst á Írlandi um langt skeið þegar drykkurinn varð heimsfrægur á stríðsárunum. Starfsmenn á flugvellinum í Limerick á Írlandi ákváðu að blanda drykkinn handa farþegum frá Bandaríkjunum sem lentu á flugvellinum eftir langt og erfitt flug þar sem oft var ansi kalt í farþegarýminu. Drykkurinn barst fljótt um heiminn en það hefur alltaf fylgt honum að aðdáendur hans eru mjög kröfuharðir varðandi það hvernig hann er fram borinn og því hafa margir tekið hinum tilbúna heita Íra, Hot Irishman, opnum örmum en hann er blandaður eins og Írar vilja hafa hann, segir höfundurinn Bernard Walsh.



**Lyf byggt á uppskriftinni!**

Góður „Irish coffee" hefur löngum þótt hressandi og þess má geta til gamans að nú hafa amerískir læknar hannað lyf fyrir hjartasjúklinga sem byggir á uppskriftinni. Það er blanda af koffíni og alkóhóli og jafngilda áhrifin á líkamann neyslu af tveimur sterkum kaffibollum og einföldum viskí. Dr. James Grotta við Texasháskóla í Houston hefur gefið lyfið „koffeinol" fólki sem fengið hefur hjartaáfall og dregur það úr líkunum á blóðtappa.

Hver 700 ml flaska dugar í 20 „Irish coffee".

**Verð í Vínbúðum 3.290 kr.**







Einstök gæði - Ítölsk hönnun




| | | |
|---|---|---|
| 3+1+1 | kr. 399.200,- | Tilboð kr. 279.400,- |
| 3ja sæta | kr. 199.800,- | Tilboð kr. 139.800,- |
| stóll | kr. 99.800,- | Tilboð kr. 69.800,- |

Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN

Opið: Virka daga kl. 10 - 18, laugardaga kl. 11 - 16.

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is

Grafíska smiðjan ehf. 05-05

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






> Weezer > Hildur Vala

**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

**Hildur Vala**: Hildur Vala, **Weezer**: Make Believe, **Vax**: EP, **Svona er Eurovision**: 44 vinsæl Euruvision lög, **Eurovison Song Contest**: Kiev 2005 og **Pan**: Virgins.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## The Spell kemur út 30. maí

Hljómsveitin Leaves sendir frá sér smáskífuna The Spell 30. maí. Lagið er tekið af annarri plötu sveitarinnar, The Angela Test, sem kemur í búðir 15. ágúst.

Á smáskífunni verður einnig að finna nýtt lag sem nefnist Do I Sink? og Till I Die sem er eftir gömlu popparana í Beach Boys. Tónleikaferð Leaves um Bretland hófst síðastliðinn laugardag í Bristol þar sem þeir hituðu upp fyrir Thirteen Senses. Tónleikaferðin stendur yfir til 31. maí en frá hvítasunnudeginum 15. maí mun Leaves hita upp fyrir hina heimsfrægu hljómsveit Supergrass.

Leaves opnaði fyrir skömmu nýja heimasíðu sem er afar vel úr garði gerð og sýnir svo ekki verður um villst að vel hefur verið hugsað um strákana eftir að þeir gerðu fimm plötu samning við Island/Universal í Bretlandi.

Upptökustjóri Leaves á nýju plötunni var Marius Devries sem hefur áður unnið að plötunum Post og Debut með Björk og Protection með Massive Attack, auk þess sem hann var tilnefndur til Grammy-verðlaunanna fyrir vinnu sína við plötuna Ray of Light með Madonnu.



**LEAVES** Hljómsveitin Leaves er um þessar mundir í tónleikaferð um Bretland.

### > Plata vikunnar ...



**HILDUR VALA: Hildur Vala**

*„Það á greinilega vel við Hildi Völu að syngja róleg lög þar sem gullfalleg rödd hennar nýtur sín svo vel. Þó að lögin á plötunni séu ekki öll jafngóð hífir Hildur Vala þau flest upp til skýjanna með söng sínum.“* **FB**

### > Popptextinn ...

*„Look at all those movie stars*
*They're all so beautiful and clean*
*When the housemaids scrub the floors*
*They get the spaces in between“*



Rivers Cuomo, söngvari Weezer, öfundast út í hinar vel snyrtu Hollywood-stjörnur í laginu Beverly Hills af nýju plötunni Make Believe.


AFSAKIÐ HLÉÐ

X 97.7 BYRJAR AFTUR AF KRAFTI FÖSTUDAGINN ÞRETTÁNDA MAÍ




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HLJÓMSVEITIN LOKBRÁ** Þeir félagar senda nú frá sér sína fyrstu breiðskífu sem nefnist Army of Soundwaves. Þeir félagar eru eitt stórt hjónaband sem að þeirra eigin sögn hefur nú fætt sitt fyrsta barn og nú tekur við heljarinnar uppeldi. Fyrsta lag plötunnar er nú þegar komið í spilun á öllum betri útvarpsstöðum og er það lagið Stop the Music.

# Eins og vitstola tímavél

**Strákarnir í hljómsveitinni Lokbrá eru skrautlegir félagar sem lýsa grúppunni sinni sem einu stóru hjónabandi. Meðgöngutími fyrsta afkvæmis þeirra er nú orðinn alllangur og loksins er komið að fæðingunni. Borghildur Gunnarsdóttir spjallaði við Baldvin Albertsson hljómborðsleikara.**

„Platan heitir Army of Soundwaves og er nafnið eins konar vísbending að einhverju stóru sem er á leiðinni og kemur bara í ljós seinna,“ segir Baldvin Albertsson dularfullur.

„Tónlistin okkar er einhvers konar málamiðlun á milli eldri tónlistar og yngri. Það hefur oft verið sagt við okkur að við séum mikið að berjast á milli kynslóða í tónlistinni eins og einhvers konar vitstola tímavél. Það mætti segja að tónlistin sé svona gamaldags nútíma tölvuleikja hipparokk. Upptökustjórinn, Birgir Örn Steinarsson, vildi ná frekar hráu sándi á plötunni en samt eins konar framtíðarfílingi og ég held að það komist nokkuð vel til skila og við gætum ekki verið hamingjusamari með frumburðinn.“

### Fyrsta barnið fætt

Hljómsveitin hefur í þrjú ár verið í samskonar mynd og hún er núna. „Við erum í rauninni búnir með stúdentinn núna þegar platan er komin út og höfum verið að dimmitera í þrjú ár. Við erum allir orðnir rosalega góðir vinir og erum í rauninni eins og eitt stórt hjónaband og fyrsta barnið fæðist í dag,“ segir hann og á að sjálfsögðu við nýju plötuna sem gefin er út af útgáfufyrirtækinu MSK.

„Þetta eru Þorkell Máni Pétursson og fleiri sem eru þarna með ekta lítið útgáfufyrirtæki sem er reiðubúið að taka áhættur. Platan mun fást í öllum betri hljómplötubúðum og kannski Hagkaup. Svo koma bráðum Lokbrár-dúkkur, við erum í samningaviðræðum við japanska framleiðendur,“ segir Baldvin en því miður er lítil alvara í röddinni.

### Lýðræðið ríkir

Strákarnir semja lögin í sameiningu en það er Trausti Laufdal Aðalsteinsson, söngvari sveitarinnar, sem semur textana en auk þeirra Baldvins eru þeir Óskar Arngrímsson trommari og Oddur Ingi Þórsson bassaleikari í hljómsveitinni. “Það er mikið lýðræði sem ræður ríkjum hjá okkur og við gerum þetta allt í sameiningu. Lögin fæðast flest á æfingum í litla gluggalausa og loftlausa herberginu okkar uppi á höfða. Ef það koma fleiri en átta þangað inn þá verður alvarlega loftlaust og vanalega fer allavega einn aðili upp á sjúkrahús vegna súrefnisskorts. En þetta er það sem við viljum gera svo við látum okkur hafa það.“

Aðspurður hvort hann eigi eitthvert uppáhaldslag á plötunni segir hann: „Þetta er svolítið þannig að sum hjón eiga þrjú börn og halda upp á eitt en vilja ekki gefa það upp hvaða barn er í uppáhaldi. Það er líka þannig með okkur, við erum voðalega hjátrúarfullir og viljum ekki tala um svona lagað.“

Strákarnir fóru í myndatöku úti í hinni íslensku náttúru og prýðir afraksturinn af þeirri myndatöku plötuumslagið nýja. „Við fórum þarna með honum Sigurjóni Árna ljósmyndara og vorum pínu þunnir og kjánalegir að labba í blautum sandi og viðbjóði og urðum eiginlega allir kvefaðir eftir á. Þetta er nú ekki beinlínis landkynning en það sést þarna falleg íslensk náttúra á plötuumslaginu og útkoman er bara nokkuð töff.“

### Stop the Music

Fyrsta lag plötunnar er nú þegar farið í spilun og er það lagið Stop the music. „Lagið fór í spilun fyrir rúmlega mánuði og við reynum að troða fleiri lögum í spilun á næstunni. Myndbandið við lagið er líka farið að sjást á Popptíví. Þetta er okkar fyrsta myndband og fyrir það dressuðum við okkur bara upp eins og fífl og mættum upp í Norðurljós með glimmervél og fullt af ljósum og mæmuðum eins og vitleysingar. Við erum ánægðir með útkomuna og við erum líka orðnir rosalega góðir í að mæma.“

Aðspurður hver tilfinningin sé nú þegar platan er komin út segir Baldvin: „Þetta er rosalega skrýtið því þetta eru búin að vera okkar lög í svo langan tíma en núna verður platan svona almenningseign. En það er allt í lagi, við erum alltaf að vinna í nýrri músík hvort sem er.“ ■

# Miðasala hefst á Kim Larsen



**KIM LARSEN** Danski söngvarinn gaf út plötuna 7-9-13 fyrir jólin 2003 sem naut mikilla vinsælda.

Miðasala á tvenna tónleika Danans Kim Larsen og hljómsveitar hans Kjukken á Nasa 26. og 27. ágúst hefst á morgun. Þessi ástsæli tónlistarmaður lýkur sumartónleikaferð sinni á Íslandi en hún hófst í London 23. apríl. Hefur hann einnig spilað í Danmörku og í Færeyjum.

Kim Larsen, sem kom síðast til Íslands fyrir 17 árum, hefur síðastliðin fimm ár gefið út hverja metsöluplötuna á fætur annarri í Danmörku og Skandinavíu eftir nokkur mögur ár þar á undan. Á síðasta ári átti hann tvær metsöluplötur í heimalandi sínu sem báðar náðu margfaldri platínusölu. Þetta voru plöturnar 7-9-13 sem kom út fyrir jólin 2003 og Glemmebogen Jul og nyt år sem kom út fyrir síðustu jól.

Miðasala á tónleikana á Nasa hefst klukkan 10 í verslun 12 Tóna og og midi.is. Miðaverð er 4.900 krónur.

# Þekktur rokkari þeytir skífum



**BRIAN JONESTOWN MASSACRE** Anton Newcombe er forsprakki hljómsveitarinnar Brian Jonestown Massacre.

Bandaríski söngvarinn Anton Newcombe, forsprakki rokksveitarinnar Brian Jonestown Massacre, verður plötusnúður á Sirkus um helgina þar sem hann mun spila tónlist af ýmsum toga.

Newcombe er staddur á landinu um þessar mundir en hljómsveit hans nýtur mikillar hylli á meðal þeirra sem fylgjast með bandarískri jaðartónlist. Á síðasta ári var meðal annars gerð heimildarmynd um hann og söngvara Dandy Warhols sem vakti umtalsverða athygli. „Hann var búinn að hafa geðveikan áhuga á að koma hingað mjög lengi og lét verða af því núna," segir Henrik Björnsson úr hljómsveitinni Singapore Sling. „Við spiluðum með þeim í New York en kynntumst í gegnum sameiginlegan vin í Bandaríkjunum sem kynnti hann fyrir bandinu okkar." Upphaflega vildi Henrik að Newcombe kæmi hingað með hljómsveit sína en það verður víst að bíða betri tíma.

Newcombe tók forsmekk á sæluna síðastliðið mánudagskvöld þegar hann þeytti skífum sínum á Sirkus við góðar undirtektir.







STARFSMENN X-SINS Frosti Logason og Þorkell Máni munu leiða dagskrá X-sins til að byrja með.

# Rokkið er ekki dautt

Útvarpsstöðin X-ið 97,7 hefur verið endurvakin. Margir syrgðu dauða rokkstöðvarinnar en nú er komið í ljós að ekki var um dauða að ræða heldur einungis þriggja mánaða blund. *Borghildur Gunnarsdóttir* spjallaði við rokkarann og dagskrárstjórann Frosta Logason sem er síður en svo svefndrukkinn eftir lúrinn.

„Þetta er bara rosalega góð tilfinning," segir Frosti Logason dagskrárstjóri X-sins 97.7 aðspurður um tilfinninguna að vera kominn aftur í loftið. X-ið hefur verið endurvakið eftir þriggja mánaða fjarveru. „Ég sagði þegar ég hætti að ég ætlaði að taka mér allavega árs frí og jafnvel rúmlega það. Mér finnst því hæfilegt að koma aftur núna og ég er vel undir það búinn."

Að sögn Frosta mun X-ið ekki taka neinum stórkostlegum breytingum og verður áfram rokkútvarp með áherslu á nýlega rokktónlist. „Við erum alltaf á tánum þegar kemur að því að koma auga á nýtt efni og við stílum aðallega inn á rokkheiminn og það sem unga fólkið hlustar á." Auk Frosta er Þorkell Máni Pétursson, sem sást síðast í sjónvarpsþættinum Ying Yang, starfandi á útvarpsstöðinni nýju og eflaust bætast fleiri í hópinn fljótlega. Dagskrá stöðvarinnar er ekki alveg komin á hreint en að sögn Frosta verður áherslan lögð á nýja og ferska þætti. Einhverjir munu kannski sakna Tvíhöfðans á morgnana og segir Frosti útilokað að þeir félagar mæti aftur í loftið. „Þeir eru ekkert á leiðinni í útvarpið aftur og eru núna að vinna sjónvarpsþátt og eru á fullu í því. Málið er að við viljum frekar reyna að byggja eitthvað nýtt og spennandi upp en að halda okkur við gamla þætti. Nú þegar er það komið á hreint að Máni mun verða með morgunþátt frá níu til tólf og ég verð með þátt frá eitt. Svo verður eitthvað rosalega sniðugt í hádeginu sem kemur í ljós seinna. Öll dagskráin verður tilkynnt í loftinu á föstudeginum þrettánda."

Frosti og Máni eru báðir rótgrónir starfsmenn útvarpsstöðvarinnar og hafa starfað á X-inu frá árunum 1997 og 1998. Þótt stöðinni hafi nýlega verið kippt úr loftinu fara þeir ótrauðir af stað á ný og eru hvergi bangnir. „Við erum ekkert smeykir um að stöðinni verði lokað aftur. Við teljum okkur vita hvernig er hægt að reka þetta þannig að það gangi. En við vitum sosum að það er ekkert endanlegt í þessum fjölmiðla- og útvarpsgeira og við gætum alltaf lent í einhverjum tilfæringum. En það verður bara að koma í ljós."

Aðdáendur X-sins eru fjölmargir og dyggir og segir Frosti þá hafa fengið mikil viðbrögð frá útvarpshlustendum sem fagna endurkomu stöðvarinnar. „Það er mikið búið að hringja og hrósa okkur sem er alveg frábært. Ég vil líka endilega að fólk sé sem duglegast við að koma með hugmyndir að þáttum og bara hverju sem er. Einnig er mikilvægt að íslenskar hljómsveitir séu duglegar við að senda okkur upptökur ef þær vilja fá tónlistina sína spilaða á stöðinni. Við erum rétt að dusta rykið af græjunum núna og það er mikilvægt fyrir okkur að komast aftur í samband við íslensku tónlistarmennina. Stöðin hefur alltaf lagt mikið upp úr því að kynna nýja íslenska rokktónlist og við munum að sjálfsögðu halda því áfram." ■




# Evróputúrnum lýkur hér á landi

**Þungarokksveitin Megadeth heldur tónleika í Kaplakrika hinn 27. júní næstkomandi. Forsprakki sveitarinnar er fyrrum meðlimur Íslandsvinasveitarinnar Metallica.**

Eins og kom fram í Fréttablaðinu fyrir tæpum tveimur vikum mun bandaríska þungarokksveitin Megadeth halda tónleika hér á landi hinn 27. júní.

Um tíma virtist sem sveitin hefði hætt við komu sína hingað þar sem tilkynningin um tónleikana var dottin út af heimasíðu hennar en nú er ljóst að tónleikarnir verða í Kaplakrika. Miðasala hefst 22. maí og er miðaverð 4.500 krónur.

Tónleikarnir eru hluti af Blackmail the Universe, tónleikaferð sveitarinnar sem hófst í Bandaríkjunum í október í fyrra. Evróputúr Megadeth hefst 3. júní og verða tónleikarnir á Íslandi þeir síðustu í þeirri reisu. Sveitin er að fylgja eftir sinni tíundu hljóðversplötu, The System Has Failed, sem kom út á síðasta ári og hefur fengið góðar viðtökur. Áður en platan kom út hafði Megadeth verið í pásu, meðal annars vegna handarmeiðsla forsprakkans Dave Mustaine.

Megadeth var stofnuð árið 1983 af Mustaine, David Ellefson, Kerry King og Lee Rausch. Mustaine hafði ári áður verið rekinn sem gítarleikari Metallica, sem hélt einmitt eftirminnilega tónleika í Egilshöll síðasta sumar. Í hans stað var ráðinn Kirk Hammett, sem er enn í sveitinni. Þrátt fyrir að vera ekki lengur í Metallica átti Mustaine þátt í að semja fjögur lög á fyrstu plötu sveitarinnar, Kill 'em All, en var rekinn rétt áður en upptökur á henni hófust. Auk þess var hann meðhöfundur tveggja laga á næstu plötu sveitarinnar, Ride the Lightning, þar á meðal titillagsins.

Liðsskipan Megadeth hefur breyst mikið í gegnum tíðina og núna er Mustaine eini upprunalegi meðlimurinn sem eftir er. Þeir sem nú starfa með honum eru Glen Drover, James MacDonough og Shawn Drover. Plöturnar Rust in Peace og Countdown to Extinction eru af mörgum taldar bestu plötur Megadeth og hafa þær jafnframt verið nefndar meðal bestu þungarokksplatna sögunnar. ■


**MEGADETH** Þungarokksveitin Megadeth heldur tónleika í Kaplakrika 27. júní.

**HLJÓÐVERSPLÖTUR MEGADETH:**

| | |
|---|---|
| Killing Is My Business... | 1985 |
| Peace Sells...But Whořs Buying? | 1986 |
| So Far, So Good...So What! | 1988 |
| Rust in Peace | 1990 |
| Countdown to Extinction | 1992 |
| Youthanasia | 1994 |
| Cryptic Writings | 1997 |
| Risk | 1999 |
| The World Needs a Hero | 2001 |
| The System Has Failed | 2004 |


MASKARAR
Maskaradagar
í Hagkaupum
12.-15. maí verða maskaradagar í snyrtivöruverslunum Hagkaupa.
Komdu og fáðu ráðgjöf hjá fagfólki við val á snyrtivörum.
20%
afsláttur af öllum möskurum
Gildir til 15. maí eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
Fæst í snyrtivöruverslunum Hagkaupa Kringlu, Skeifu, Smáralind, Spöng og Akureyri.
























**FABÚLA SNÝR AFTUR** Söngkonan Fabúla hefur ásamt Helenu Jónsdóttur dansmyndahöfundi skipulagt tónleika í Borgarleikhúsinu í kvöld, sem verða ekki síður fyrir augað en eyrað. Með henni á myndinni eru Jökull Jörgensen, Birkir Gíslason og Erik Qvick.

# Upprisuhátíð Fabúlu

Söngkonan Fabúla snýr aftur með tónleikum í Borgarleikhúsinu í kvöld. Hún gaf út tvær plötur fyrir nokkrum árum og var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir þær báðar. Haustið 1996 kom fyrri platan út, sem heitir Fabula – Cut my strings, en lítið hefur borið á henni frá því að seinni platan, Kossafar á ilinni, kom út árið 2001.

„Ég eignaðist lítinn strák og tók mér svolítið hlé í framhaldi af því,“ segir Margrét Kristín Sigurðardóttir, eins og Fabúla heitir reyndar dags daglega, „en svo hef ég aftur verið að semja mikið undanfarið. Núna finnst mér vera kominn tími til að láta eitthvað af því líta dagsins ljós.“

Ekkert hefur verið til sparað svo að tónleikarnir í kvöld verði sem glæsilegastir. Helena Jónsdóttir dansmyndahöfundur, sem unnið hefur til margra verðlauna fyrir dansmyndir sínar, hefur myndgert efni sumra laganna og sýnt verður tónlistarmyndband eftir hana.

„Við höfum áður unnið saman. Hún gerði fyrir mig tvö tónlistarmyndbönd á sínum tíma. Fyrir þessa tónleika er hún líka með kyrrmyndir sem fyrst og fremst eru stemmningsskapandi fyrir lögin.“

Tónleikarnir í kvöld eru því ekki aðeins fyrir eyrað heldur verða þeir sjónræn upplifun þar sem áheyrendur eru leiddir inn í marga ólíka heima með hjálp myndmiðla, ljósa, sviðsmynda, búninga og leikmuna.

Fabúla segir lögin sín vera eins og sjálfstæðar sögur, þar sem hver saga kallar á sérstaka stemmningu.

„Textarnir fjalla um lífið og tilveruna, gleði og sorgir.“

Fabúla hefur fengið til liðs við sig hljómsveit skipaða Jökli Jörgensen á bassa, Birki Gíslasyni á gítar, Erik Qvick á trommur og slagverk, Júlíu Mogensen á selló og Kjartani Valdimarssyni á harmoniku og píanó, en Sarah Fogg og Ragnar Sólberg Rafnsson radda með.

Á tónleikunum í kvöld verða frumflutt ný lög í bland við lög af fyrri plötunum. Í sumar ætlar Fabúla síðan í hljóðver til þess að taka upp eitthvað af nýja efninu. ■












**LÍFSHÁSKI** Þættirnir um strandaglópana hafa eignast stóran aðdáendahóp og nú stendur til að þættirnir verði endursýndir reglulega.

# Endurtekinn Lífsháski

Tveir vinsælustu þættirnir í sjónvarpinu um þessar mundir eru Lífsháski og Aðþrengdar eiginkonur sem báðir eru sýndir á RÚV. Athygli hefur vakið að hvorugur þessara þátta er endursýndur en nú virðist Ríkissjónvarpið ætla gera bragarbót á því. „Fjöldi fólks hefur haft samband við okkur og beðið okkur um að endursýna þessa þætti. Við erum bara að bregðast við því,“ segir Guðrún Jónasdóttir, dagskrárfulltrúi innkaupadeildar RÚV. „Þeir eru þess eðlis að fólk vill ekki missa af einum einasta þætti. Það verður alveg sjúkt í þetta,“ segir Guðrún og bætir við að hún segist ekki hafa áður upplifað slíkan áhuga. „Fólk var byrjað að hringja í okkur og spyrja um þættina löngu áður en átti að byrja að sýna þá,“ segir hún og bætir við að þetta sé nýbreytni hjá RÚV. „Við ætlum að prófa þetta og sjá hvernig gengur.“

Fyrstu þrír þættirnir af Lost voru endursýndir í gærkvöld og næstu þrír verða sýndir á föstudaginn. „Svo verða fjórir þættir endursýndir á miðvikudagskvöldum einu sinni í mánuði,“ segir Guðrún og því geta aðdáendur Lífsháska sem hafa misst eitthvað úr tekið gleði sína. „Þá er búið að bæta við einum þætti,“ segir Guðrún en upphaflegur fjöldi Lost voru tuttugu og þrír þættir en þeir verða tuttugu og fjórir. „Það verður ákveðið á fundi á fimmtudaginn hvernig endursýningum verður hagað á Aðþrengdum eiginkonum en ég get staðfest að þeir verða endursýndir,“ segir Guðrún.

freyrgigja@frettabladid.is



SIGIN GRÁSLEPPA OG SJÓ SIGINN FISKUR

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga frá 10-14.30


# VIÐ TÆKIÐ : Þegar svart verður hvítt

**EDDA JÓHANNSDÓTTIR** HORFÐI Á BEINA ÚTSENDINGU FRÁ ALÞINGI.

Ég ætlaði ekki að nenna að horfa á eldhúsdagsumræður frá Alþingi en hélt svo kannski að ég væri að missa af einhverju og stillti á þær af og til. Auðvitað var ég ekki beinlínis að missa af neinu. Það var samt einn og einn þingmaður sem gaman var að hlusta á Til dæmis var sá sem var dæmdur verstur í pontu í fyrra bara ágætur núna. Ekki að ég hafi vit á tæknibrellum í ræðumennsku, en þokkalega talandi fólk, með ekki alltof áberandi kæki, er miklu skemmtilegra en hitt sem stamar og hikstar. Aðalatriðið hlýtur þó að vera að menn hafi eitthvað að segja.
Það var ekki mikið um gargandi snilld í þessum ræðutíma Alþingis. Stjórnarandstaðan stóð sig þó sýnu betur en ríkisstjórnarflokkarnir, sem hafa vondan málstað að verja. Þeir vöktu með mér depurð í hroka sínum og sjálfsréttlætingum. Þar eru þó að sjálfsögðu hættulegastir þeir sem fá hæsta einkunn í ræðumennskunni, því þeim gæti tekist með sjarmanum einum að sannfæra fólk um að svart sé hvítt.
Ég endaði kvöldið í brúðkaupsveislu á Stöð tvö, þar sem hommarnir mínir fóru á kostum eins og venjulega. Þeir fóru létt með að undirbúa veislu fyrir filippseysk hjón sem höfðu gift sig í skyndi, að ættingjum og vinum fjarstöddum. Nú var hinsvegar tími til að hóa í teiti. Það sem vakti athygli var að karlarnir í veislunni grétu allir sem einn þegar brúðurin gekk í salinn



Menn fóru ekki beinlínis á kostum í eldhúsdagsumræðum á Alþingi.

og þegar brúðguminn hélt ræðuna. Ég fer einhvernveginn alltaf að gráta þegar einhver grætur í sjónvarpinu og þar sem hommunum var greinilega eins farið endaði þetta í allsherjar táraflóði. Sem var bara gott fyrir sálina.



▶ **22.20** *Drama*

**Desperate Housewives. Nokkrar konur í úthverfi reyna að komast að því af hverju vinkona þeirra framdi sjálfsmorð.**



▶ **21.30** *Gaman*

**MILE HIGH. Áhafnarmeðlimir Fresh halda áfram að skemmta sér og kvarta undan vinnunni.**



▶ **22.00** *Raunveruleiki*

**THE BACHELOR. Jesse Palmer fer á stefnumót og reynir að finna út hver er hin eina sanna.**

## SJÓNVARPIÐ

**16.45** Íþróttakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30 Spæjarar (11:26)** (Totally Spies I)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.30 Veður (14:40)**
**19.35 Kastljósið**
**20.00 ABBA í 30 ár** (Super-Troopers – ABBA at 30) e.
**21.15 Sporlaust (10:24)** (Without A Trace II) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.20 Aðþrengdar eiginkonur (10:23)** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð. Húsmóðir í úthverfi fyrirfer sér og segir síðan sögur af vinkonum sínum fjórum sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.05** Soprano-fjölskyldan (5:13) **23.55** Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva (3:4) **0.55** Kastljósið **1.15** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers **13.25** Jag (e) **14.30** Fear Factor (4:31) **15.15** The Block 2 **16.00** Barnatími Stöðvar 2 (Með Afa, Ljósvakar, Leirkarlarnir, Litlu vélmennin, Vaskir Vagnar, Scooby Doo) **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00 Strákarnir**
**20.30 American Idol 4 (36:42)** (4 eru eftir – hver stendur sig best í kvöld?)
**21.10 American Idol 4 (37:42)** (Úrslitin – hver dettur út í kvöld?)
▶ **21.30 Mile High (5:26)** (Háloftaklúbburinn 2) Áhafnarmeðlimirnir eru enn við sama heygarðshornið. Þeir kvarta ótt og títt yfir lélegum aðbúnaði og hörmulegum launum en eru samt alsælir með starfið! Bönnuð börnum.
**22.15 Third Watch (5:22)** (Næturvaktin 6) Næturvaktin fjallar um hugdjarfan hóp fólks sem eyðir nóttinni í að bjarga öðrum úr vandræðum á götum New York borgar. Bönnuð börnum.

**23.00** Murder in Greenwich (Bönnuð börnum) **0.30** Medium (9:16) (Bönnuð börnum) **1.15** Fréttir og Ísland í dag **2.35** Ísland í bítið **4.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**7.00** The King of Queens **7.30** Djúpa laugin 2 **8.20** America's Next Top Model **9.10** Þak yfir höfuðið **9.20** Óstöðvandi tónlist **17.50** Cheers **18.20** Fólk – með Sirrý (e)

**19.15 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30 According to Jim (e)**
**20.00 Malcolm In the Middle**
**20.30 Still Standing** Bill og Judy verða æst þegar þau eru beðin um að verða umsjónarmenn á skóladansleik sem er með níunda áratugs þema.
**21.00 Boston Legal**
▶ **22.00 The Bachelor** Fimmta þáttaröðin um piparsvein í leit að sannri ást. Að þessu sinni er það Jesse Palmer sem leitar að ást lífs síns og valdar hafa verið 24 stúlkur til að keppa um hylli kappans.
**22.45 Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal.

**23.30** America's Next Top Model (e) **0.15** The Mountain (e) **1.00** Þak yfir höfuðið (e) **1.10** Cheers (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

## STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Town & Country **10.00** Big Fat Liar **12.00** Josie and the Pussycats **14.00** Get Over It **16.00** Town & Country **18.00** Big Fat Liar **20.00** Poltergeist 3 (Bönnuð börnum) **22.00** May (Stranglega bönnuð börnum) **0.00** Ginger Snaps (Bönnuð börnum) **2.00** Children of the Corn 5 (Bönnuð börnum) **4.00** May (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

**7.00** Joyce M. **7.30** Benny Hinn **8.00** Miðnæturhróp **8.30** Kvöldljós **9.30** Í leit að vegi Drottins **10.00** Joyce M. **10.30** Maríusystur **11.00** Ísrael í dag **12.00** Blandað efni **14.00** Joyce M. **14.30** Freddie Filmore **15.00** Samverustund (e) **16.00** Christian Fellowship **17.00** Ron Phillips **17.30** Gunnar Þorst. (e) **18.00** Joyce M. **19.30** Í leit að vegi Drottins **20.00** Kvöldljós **21.00** Um trúna **21.30** Joyce M. **22.00** Acts Full Gospel **22.30** Joyce M. **0.00** Nætursjónvarp

## AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins **21.00** Níubíó **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Cycling: Tour of Italy **15.15** Tennis: WTA Tournament Rome **18.00** Rally: World Championship Cyprus **18.30** Tennis: WTA Tournament Rome Italy **20.00** Boxing: International contest Dortmund Germany **21.30** News: Eurosportnews Report **21.45** Fight Sport: Fight Club

**BBC PRIME**
**12.00** Born and Bred **13.00** Teletubbies **13.25** Tweenies **13.45** Fimbles **14.05** Balamory **14.25** Step Inside **14.35** Intergalactic Kitchen **15.00** The Weakest Link Special **15.45** Bargain Hunt **16.15** Ready Steady Cook **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Keeping up Appearances **18.30** My Hero **19.00** The Cazalets **20.00** Chanel **21.00** Mastermind **21.30** Celeb **22.00** Two Thousand Acres of Sky **23.00** Great Railway Journeys of the World **0.00** Icemen **1.00** The Face of Tutankhamun

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Dogs with Jobs **12.30** Totally Wild **13.00** Kalahari **15.00** Panda Nursery **16.00** Battlefront **17.00** Communication – Quest for Contact **18.00** Dogs with Jobs **18.30** Totally Wild **19.00** Panda Nursery **20.00** Maneater – Killer Tigers of India **21.00** Big Cat Crisis **22.00** China's Titanic **23.00** Wanted – Interpol Investigates **0.00** Communication – Quest for Contact

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Project Noah **13.00** Growing Up... **14.00** Animal Cops Detroit **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** That's My Baby **17.00** Monkey Business **17.30** Keepers **18.00** By Beak and Claw **19.00** Growing Up... **20.00** Miami Animal Police **21.00** Cousins **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Cell Dogs **1.00** Animal Precinct

**DISCOVERY**
**12.00** Mummy Autopsy **13.00** Flying Heavy Metal **13.30** Al Murray's Road to Berlin **14.00** Junkyard Mega-Wars **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Buena Vista Fishing Club **16.00** Mount Rushmore **17.00** Wheeler Dealers **18.00** Mythbusters **19.00** Forensic Detectives **20.00** FBI Files **22.00** Forensic Detectives **23.00** Extreme Machines **0.00** Tanks

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Base Chart **18.00** Pimp My Ride **18.30** Punk'd **19.00** Wonder Showzen **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Dirty Sanchez **22.00** Superock **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** Best of **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Rise & Rise Of **20.00** Flab to Fab **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Power Food **12.40** The Race **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Retail Therapy **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Race **17.40** Retail Therapy **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** Spicy Sex Files **20.45** Ex-Rated **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.00** In Your Dreams **22.25** Crime Stories **23.10** Art and Soul **23.40** Cheaters **0.25** City Hospital **1.25** Fashion House

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** The Entertainer **13.30** Behind the Scenes **14.00** Style Star **14.30** Love is in the Heir **15.00** 101 Most Starlicious Makeovers **16.00** The E! True Hollywood Story **17.00** Jackie Collins Presents **18.00** E! News **18.30** The Soup **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Style Star **20.30** Fashion Police **21.00** Jackie Collins Presents **22.00** Dr. 90210 **23.00** E! News **23.30** Jackie Collins Presents **0.30** Behind the Scenes **1.00** E! Entertainment Specials

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Hi Hi Puffy Amiyumi **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Tom and Jerry **16.55** Looney Tunes **17.20** The Cramp Twins **17.45** Ed, Edd n Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon **14.15** Digimon **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.15** Casanova Brown **13.45** Pussycat, Pussycat, I Love You **15.25** The Thousand Plane Raid **17.00** Get Crazy **18.35** Along Came Jones **20.05** Love in the Afternoon **22.15** Return to Paradise **23.45** Consuming Passions **1.25** Nothing Personal **3.05** Strictly Business

**TCM**
**19.00** Shaft **20.45** The Oklahoma Kid **22.05** Goodbye, Mr Chips **0.00** Task Force **2.00** Cass Timberlane










# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## ABBA Í 30 ÁR
*Sjónvarpið* **kl. 20.00**

### Sænska bandið sem sigraði heiminn


ABBA er ein þekktasta hljómsveit allra tíma.

Í kvöld sýnir Sjónvarpið heimildarmynd um sænsku popphljómsveitina ABBA sem vann söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva með laginu Waterloo árið 1974 og hefur notið gríðarlegra vinsælda allar götur síðan. Í apríl í fyrra voru ekki aðeins 30 ár síðan hljómsveitin sló í gegn á heimsvísu, heldur hafði söngleikurinn Mamma Mia, sem byggður er á lögum hljómsveitarinnar, þá gengið fyrir fullu húsi í fimm ár. Eins var ABBA-fólkinu veitt viðurkenning fyrir það að 360 milljónir eintaka af plötum þeirra höfðu selst. Í myndinni er sýnt frá því er hljómsveitarfólkið hittist á sérstakri hátíðarsýningu á söngleiknum í London og ferill ABBA er rifjaður upp í viðtölum og myndum.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
**„Conversation, like certain portions of the anatomy, always runs more smoothly when lubricated."**

**Svar:** Marquis de Sade úr kvikmyndinni Quills frá árinu 2000.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing. **4.03** Birta – Ritstjórn Birtu. **15.03** Allt og sumt – Hallgrímur Thorsteinsson, Helga Vala og Helgi Seljan.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.36** Úr ævintýrum H. C. Andersens **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.50** Auðlind **13.05** Vordagar í Reykjavík **14.03** Útvarpssagan **14.30** Tónar til helgunar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **22.15** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsleikhúsið: Pétur og Máni í kastljósi fjölmiðlanna

**23.15** Hlaupanótan

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert **22.10** Óskalög sjúklinga

**0.10** Glefsur **1.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Halli Kristins

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurflutningur frá deginum áður) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR **15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurfl. frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying


▶ **22.30**
*Spjall*

**DAVID LETTERMAN. Letterman fær góða gesti í heimsókn í verið og Paul Shaffer er á sínum stað.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**18.15** David Letterman

**19.00** **Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt.
**19.30** **Landsbankadeildin 2005** Landsbankadeildin í knattspyrnu hefst 16. maí. Hér er ítarleg umfjöllun um komandi knattspyrnusumar en flestir bendir til eftirminnilegs Íslandsmóts.
**20.30** **Þú ert í beinni!** Beinskeyttur umræðuþáttur um allt það sem er efst á baugi í íþróttaheiminum hverju sinni. Umsjónarmaður er Valtýr Björn Valtýsson en honum til aðstoðar eru Hans Bjarnason og Böðvar Bergsson.
**21.30** **Bikarmótið í fitness 2005** (Karlar) Öflugur hópur keppenda mætti nýverið til leiks á bikarmótinu sem haldið var að Varmá í Mosfellsbæ.
**22.00** **Olíssport**
▶ **22.30 David Letterman**

**23.15** Þú ert í beinni! **0.15** Boltinn með Guðna Bergs

## POPP TÍVÍ

**19.00** Íslenski popp listinn **21.00** Kenny vs. Spenny **21.30** Sjáðu (e)

### HALLMARK

**12.45** Love Or Money **14.15** Barbara Taylor Bradford's Voice of the Heart **16.00** Early Edition **16.45** Inside the Osmonds **18.15** Ruby's Bucket of Blood **20.00** Law & Order Vii **20.45** Gunpowder, Treason & Plot **22.30** Inside the Osmonds **0.00** Law & Order Vii **0.45** Ruby's Bucket of Blood **2.15** Gunpowder, Treason & Plot

### BBC FOOD

**12.00** Coconut Coast **12.30** Ready Steady Cook **13.00** The Hi Lo Club **13.30** Chefs at Sea **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Street Cafe **15.30** Ready Steady Cook **16.00** A Cook On the Wild Side **16.30** The Best **17.00** United States of Reza **17.30** Ever Wondered About Food **18.30** Ready Steady Cook **19.00** The Hi Lo Club **19.30** Paradise Kitchen **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Tyler's Ultimate **21.30** Ready Steady Cook

### DR1

**12.20** Mit ¢mme punkt **12.50** Rabatten **13.20** Hvad er det værd? **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie **15.00** Konrad og Bernhard **15.10** Tintin **15.30** Kim Possible **16.00** Fandango – med Jeppe **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nyhedsmagasinet **17.30** Lægens bord **18.00** Hokus Krokus **18.30** Konsum **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Det ægte par **20.30** Andre venner **21.20** Drabsafdelingen **22.10** Boogie

### SV1

**13.00** Wild Kids **14.00** Rapport **14.05** Djursjukhuset **14.35** Anslagstavlan **14.40** Den ljusnande framtid är vår **14.55** Perspektiv **15.25** Karamelli **16.00** BoliBompa **16.01** Max och Ruby **16.25** Simskola **16.30** Guppy **16.45** Lilla Aktuellt **17.00** Raggadish **17.30** Rapport **18.00** Mat/Niklas **18.30** Helt historiskt **19.00** Super Troupers – ABBA 30 år **20.15** Den siste Lacandonen **21.15** Rapport **21.25** Kulturnyheterna **21.35** Uppdrag Granskning **22.35** Sändningar från SVT24


**20%** afsláttur af indverskri vöru

Stækkanlegu borðstofuborðin eru komin aftur

opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16
Lokað um Hvítasunnuna sunnudag og mánudag








Ljós leðurstóll m/háu baki
19.900/14.900
ef keyptir eru 6 eða fleiri
(einnig til í brúnu)

Leðurstóll Grand
19.900/14.900 ef
keyptir eru 6 eða fleiri

mira art
HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300




Tréstóll ~~12.900~~ 10.320


KORTER.IS



## HRÓSIÐ

*...fá dr. Yngvi Björnsson og dr. Kristinn R. Þórðarson sem munu fóstra nýtt gervigreindarsetur Háskólans í Reykjavík.*

## AÐ MÍNU SKAPI

**VIGNIR GRÉTAR STEFÁNSSON NORÐURLANDAMEISTARI Í JÚDÓ**

# *Hjálmar, Tókýó, ljósmyndun og flugmódel*

**TÓNLISTIN**
Ég er mjög hrifinn af íslenskri tónlist, við eigum svo mikið af frábærum hljómsveitum. *Hjálmar* eru til dæmis að gera frábæra hluti og í miklu uppáhaldi, en síðan eru það snillingar eins og *Rolling Stones* og *Nirvana* sem verða alltaf í spilaranum hjá mér.

**BÓKIN**
Ég er ekki mikil bókamanneskja, fyrir utan það að lesa syrpuna ef það telst með, og les helst ekki bækur nema ég sé neyddur til. Mér var samt gefin bókin *Da Vinci-lykillinn* um daginn. Hún greip mig strax og kláraðist á mettíma.

**BÍÓMYNDIN**
*Fear and Loathing in Las Vegas* er mynd sem ég get horft á aftur og aftur. Frábærir leikarar, klikkaður leikstjóri og handritið er snilld. Ein flottasta myndin með Benicio Del Toro.

**BORGIN**
Tókýó er borg sem ég væri til í að skoða betur. Ég var þar í tvær vikur að æfa júdó og skoða mig um, og kúltúrinn er mjög frábrugðinn Evrópu. Maður þyrfti að vera þar í langan tíma bara til að skilja hvað þetta er allt stórt. Eini gallinn er að lestarkerfið er allt á japönsku og það þýðir ekkert að spyrja til vegar.

**BÚÐIN**
*Abercrombie & Fitch* er flott búð, en annars er ég ekki með mikla þolinmæði í fatainnkaup.

**VERKEFNIÐ**
Ég er nýkominn heim frá Bandaríkjunum þar sem ég er í skóla og er þessa dagana að undirbúa mig undir komandi átök í júdóinu sem verða á smáþjóðaleikunum, og þá kemst lítið annað að. Ég er samt að reyna að leika mér í ljósmyndun og að fljúga flugmódelum og fer dágóður tími í að líma vélarnar aftur saman.





**Lárétt:** **1** í fjósi, **5** loka, **6** keyri, **7** enskt smáorð, **8** vætla, **9** konungur hafsins, **10** silfutákn, **12** í Hveragerði (skst.), 13 gugg-in, **15** fimmtíu og einn, **16** dani, **18** lengdareining.
**Lóðrétt:** **1** á Þingvöllum, **2** heppni, **3** ármynni, **4** sjófuglinn, **6** fornt skáld, **8** beita, **11** tímgunarfruma, **14** fiskifæða, **17** á fæti.

**Lausn.**

**Lárétt:** **1** flór, **5** lás, **6** ek, **7** on, **8** aga, **9** ægir, **10** ag, **12** NLF, **13** grá, **15** li, **16** jóti, **18** alin.
**Lóðrétt:** **1** flosagjá, **2** lán, **3** ós, **4** skarfinn, **6** egill, **8** agn, **11** gró, **14** áta, **17** il.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Georgía.
2. 71.412.
3. 1.594 ellilífeyrisþegar.

» FASTUR
birta



**ÓPIÐ** Ragnhildur Steinunn og Þóra Tómasdóttir verða áfram með Ópið næsta haust. Kristján Ingi mun hins vegar hverfa á braut.

SJÓNVARPIÐ: NÝR ÞÁTTUR Í BÍGERÐ Á LAUGARDAGSKVÖLDUM

# Hljómsveitir í stað Gísla

Nýr þáttur er í deiglunni hjá Sjónvarpinu sem er ætlað að fylla skarð Gísla Marteins á laugardagskvöldum næsta vetur. Eins og kunnugt er hefur Gísli Marteinn sagt skilið við sjónvarpið að sinni þar sem hann ætlar að einbeita sér að stjórnmálum.

Nýi þátturinn mun væntanlega fá nafnið Hljómsveit kvöldsins þar sem vinsælar hljómsveitar munu koma fram, ein hvert kvöld. „Við erum að forma þennan þátt. Grunnhugmyndin er að kynna hljómsveit kvöldsins sem spilar í 25 mínútur. Þetta verður ekki viðtalsþáttur heldur á tónlistin að fá að njóta sín," segir Rúnar Gunnarsson dagskrárgerðarstjóri Sjónvarpsins.

Þátturinn fer væntanlega í loftið í haust, um svipað leyti og Spaugstofan.

Ljóst er að fleiri breytinga er að vænta í Sjónvarpinu næsta haust. Birta og Bárður halda göngu sinni áfram í Stundinni okkar en þetta er fjórða árið í röð sem þau eru þar við stjórnvölinn. „Það verða nýmæli í Stundinni okkar og munu koma inn nýjar fígúrur, þar á meðal sérsmíðaðar brúður," segir Rúnar, sem einnig mun kynna breytt Óp næsta haust. „Ópið verður áfram en allir þættir þurfa að taka breytingum. Þátturinn verður unninn öðruvísi og stjórnendur verða þær Þóra Tómasdóttir og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir."

Kristján Ingi Gunnarsson stjórnaði Ópinu með þeim Þóru og Ragnhildi síðasta vetur en verður ekki með í næstu þáttaröð. Þá mun Egill Eðvarðsson sjá um framleiðslu þáttanna.

Kallakaffi, tólf leiknir þættir, verða teknir til sýningar í byrjun október og standa fram til jóla. Þá hefjast loks sýningar á Latabæ en nú er unnið að talsetningu þeirra undir styrkri stjórn Sigurjóns Sigurðssonar.

kristjan@frettabladid.is



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON** Vinsælustu hljómsveitum landsins er ætlað að fylla skarð Gísla Marteins næsta vetur í Sjónvarpinu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sunnudagsþátturinn á Skjá einum fer brátt í sumarfrí eins og aðrir góðir þættir. Hinn fjölhæfi **Guðmundur Steingrímsson**, sem starfar sem pistlahöfundur, tónlistarmaður og sjónvarpsmaður, hefur verið einn þáttastjórnenda í Sunnudagsþættinum og er þegar farinn að hugsa sér til hreyfings. Hann mun taka við nýjum skemmtiþætti á vegum 365-ljósvakamiðla sem verður einhverskonar sambland af spjall- og magasínþætti.



Auk Guðmundar munu þar stjórna **Halldóra Rut Bjarnadóttir**, fegurðardrottning og þáttastjórnandi af Popptívi, og **Sigríður** fyrrum ritari innlendrar dagskrárdeildar á Sjónvarpinu.



Danski skákstórmeistarinn **Henrik Danielsen** ætlar að gera tilraun til að slá Íslandsmetið í blindskák í dag þegar hann mun tefla 18 blindskákir samtímis í höfuðstöðvum Íslandsbanka á Kirkjusandi. Núverandi Íslandsmet var sett af **Helga Áss Grétarssyni** stórmeistara árið 2003 en þá tefldi hann við ellefu mótherja þannig að Danielsen stefnir að því að bæta metið um sjö blindskákir. Fyrra Íslandsmet, tíu blindskákir samtímis, setti **Helgi Ólafsson** stórmeistari en árið 1997 var met hans jafnað af sænsk-íslenska meistaranum snjalla, **Dan Hansson**. Það eru Hrókurinn og Íslandsbanki sem standa fyrir viðburðinum en hægt verður að fylgjast með þrekraun Henriks í beinni útsendingu á netinu á slóðinni www.hrokurinn.is. Mótið hefst klukkan 15 en teflt er fyrir luktum dyrum þar sem fjöltefli af þessu tagi krefst mikillar einbeitingar og næðis. Mótherjar Henriks verða þeir átján knáu krakkar sem unnu sér rétt til að tefla á úrslitamóti Tívólísyrpunnar 2005 en það fór fram á sunnudaginn í höfuðstöðvum Íslandsbanka og lauk með sigri **Ingvars Ásbjörnssonar** úr Rimaskóla.





DV
Dýrasta jörð á Íslandi
Leirubakki seldur á 210 milljónir
*Þjóðverji að baki kaupum Anders Hansen*



DV – hefur þú séð DV í dag?

# Hjálmar spila í Rússlandi og Færeyjum

Hljómsveitin Hjálmar mun spila á tónlistarhátíðinni G! Festival í Færeyjum í sumar en hátíðin er haldin dagana 22. til 23. júlí. Á heimasíðu hátíðarinnar, www.gfestival.com, er tilkynnt hátíðlega um komu sveitarinnar og hún sögð ein vinsælasta og stórkostlegasta hljómsveit Íslands. „Hjálmar hafa hlotið mikla athygli fyrir frábæra sviðsframkomu sem og góða dóma fyrir þeirra fyrstu plötu. Hjálmar spila alvöru reggí, jákvætt og ástríðufullt reggí með lífrænum hljóðum. Andi Hjálma rís hærra en fjöllin og rætur þeirra ná jafn djúpt og rætur trjánna," segir á síðunni.

Hjálmar eru nú nýkomnir frá Svíþjóð þar sem þeir spiluðu í Stokkhólmi og Malmö. „Þetta gekk mjög vel og við höfðum gaman að þessu," segir Guðmundur Kristinn Jónsson gítarleikari. „Það var rosalega sérstakt í Malmö að staðurinn sem við spiluðum á var gömul kirkja sem búið var að breyta í tónleikastað. Það var mjög skemmtilegt." Hjálmarnir stoppa stutt á Íslandi eftir Svíþjóðarförina því um næstu helgi munu þeir spila á tónlistarhátíðinni Nordbeat í Rússlandi. Aðaláhersla hátíðarinnar er vinsæl popptónlist frá Norður-Evrópu. Hugmyndin á bak við hátíðina sem nú er haldin í fyrsta sinn er að gefa tónlistarmönnum og hljómsveitum frá Norðurlöndunum tækifæri til að spila í St. Pétursborg.

Þó svo að Hjálmarnir fari nú um víða veröld með tónleikahald þá gleyma þeir ekki íslenskum aðdáendum sínum og munu næst spila hérlendis 3. júní í Hveragerðiskirkju og 4. júní á Nasa. ■



**HJÁLMAR** Strákarnir halda áfram að ferðast um heiminn og spila bæði á tónlistarhátíðum í Rússlandi og Færeyjum í sumar. Þeir skilja þó Íslendinga ekki útundan og spila hér í byrjun júní.





# Nýtt kortatímabil







REGATTA
GREAT OUTDOORS ™



CRAG HOPPERS



**Opið**
Virka daga 10 – 18
Laugardaga 11 – 16








**Nýjar barnavörur á tilboðsverði**

bolir kr. 790,-
skyrtur kr. 990,-
flíspeysur kr. 1.990,-
buxur kr. 1.490,-
zip off buxur kr. 2.490,-
jakkar kr. 2.990,-
regnjakkar kr. 2.490,-
regnbuxur kr. 1.490,-

# ÚTIVIST&SPORT

*verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta*

**Reykjavík** Faxafen 12 S. 533-1550
**Akureyri** Strandgata 3 S. 464-4450
**Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322

**Aðrir sölustaðir:**
**Ísafjörður** Hafnarhúsið S. 456-3245
**Reyðarfjörður** Molinn S. 474-1400
**Höfn H.** Hafnarbraut 34 S. 478-2216

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000






BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

# BÆNIR

Ég sá athyglisverða frétt í blaði í vikunni um nýlegar rannsóknir á bænum. Þar komu fram ótvíræð tengsl á milli bænar og betri vellíðunar. Fólk sem biður reglulega líður betur en þeim sem biðja ekki. Þessi niðurstaða gengur þvert á skoðanir margra lækna og vísindamanna, sem eru oftast fólk sem því miður hefur oft litla reynslu af bænum og heldur að gáfur og vísindi séu lausnin á lífsgátunni.

Það er sama hversu góður maður er, maður getur aldrei allt. Enginn læknir getur læknað alla. Allir boxarar, hversu góðir sem þeir eru, verða rotaðir fyrr eða síðar. Það er sama hversu klár maður er að leysa vandamál, einn daginn mun maður standa frammi fyrir vandamáli sem maður getur ekki leyst. Og gáfumenn munu standa á gati og ekki vita hvað þeir eiga að gera.

**ÉG FÓR** að biðja reglulega fyrir um tveimur árum. Það hafði undraverð áhrif á líf mitt og líðan. Ég nota bænina við lausn vandamála, andlegra jafnt sem veraldlegra. Ég bið fyrir öllu. Ég hef losnað við ótta og öðlast áður óþekktan frið. Ég hef betri einbeitingu, betra minni og meiri hæfni til samskipta. Bænin hefur líka gert mig gáfaðari. Mér var einu sinni kennt að ég ætti alltaf að snúa mér til hæstráðanda en ekki tala við undirtyllur. Það er kjarni minnar bænar.

**ÞAÐ ER** til annað vitundarstig en það sem við þekkjum í hinum áþreifanlega efnisheimi. Það er þaðan sem við komum og þangað förum við aftur. Þar er okkar raunverulega heimili. Þar býr okkar innsti kjarni. Hluti af okkur er alltaf þar. Og þar eru allar manneskjur samtengdar og jafnar. Þar er enginn tími.

**ÉG GET** beðið fyrir einhverjum sem er langt í burtu. Bænin er hafin yfir fjarlægðir. Í heimi bænarinnar eru engar fjarlægðir, enginn tími. Ég get beðið fyrir þeim sem eru látnir eða jafnvel ekki ennþá fæddir. Í bæninni tala ég við minn innsta kjarna.

**BÆNIN ER** auðveld. Hún er ekki hugmynd eða orð heldur afstaða. Hún er ekki sefjandi blekkingartæki fyrir kjána. Máttur bænarinnar er máttur auðmýktarinnar. Hann er leyndardómur. Bænin er án takmarka. Ég skil ekki hvernig bænin virkar, ég veit bara að hún gerir það. Bænin er vatn sálarinnar. Sá sem treystir á bænina stendur aldrei á gati.

jongnarr@frettabladid.is




**Og1** er ný þjónusta **Og Vodafone** sem lækkar kostnað heimila verulega og færir þeim rausnarlegan ávinning.

**GSM**

**0 KR. HEIM**

Nú hringja allir heim úr GSM án þess að greiða mínútugjöld í allt að 60 mínútur á dag.

**0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM**

Hvert GSM númer fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir GSM áskrift er 600 kr. Gildir fyrir Frelsisnotendur með 500 kr. Frelsisáskrift.

**Heimasími**

**0 KR. INNANLANDS**

500 mínútur í aðra heimasíma eru innifaldar í mánaðargjaldi. Flestir tala minna en í 500 mínútur á mánuði á milli heimasíma og greiða því ekkert mínútugjald.

**0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM**

Hver Heimasími fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir Heimasíma er 1.340 kr.

**Internet**

**MEIRI HRAÐI, FRJÁLST NIÐURHAL OG VERÐÞAK**

Þú átt þess kost að fá 6Mb/s ADSL og ótakmarkað niðurhal á 4.990 kr. á mánuði eða 4Mb/s ADSL og 1GB niðurhal fyrir 3.990 kr. á mánuði.

ADSL hraði miðast við þjónustusvæði **Og Vodafone**.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM áskrift, Heimasíma og Internet, geta skráð sig í **Og1**. Þeir sem eru með síma eða nettengingu frá vinnuveitanda ættu einnig að kynna sér **Og1**.

og vodafone

Heyrumst!

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 28126 04/2005



AEG
Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar.

NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN OG ÞURRKARINN FRÁ AEG
EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS



RADIONAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000

BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON SMÁRALIND

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT